

**SKOÐUN** Meira klám hefur ekki leitt til aukins kynferðisofbeldis, skrifar Pawel Bartoszek. 17



**MENNING** Hulda Sif Ásmundsdóttir myndaði 33 íslenskar listakonur fyrir lokaverkefni sitt. 38



**SPORT** David Beckham spilar næstu fimm mánuði með PSG og launin hans fara til barnaspítala í París. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
1. febrúar 2013
27. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## LÍFIÐ



### Ævintýralegt líf

Ásdísi Rán Gunnarsdóttur stendur til boða að stýra rússnesku demantafyrirtæki í Búlgaríu. Þessa dagana leitar hún að viðskiptatækifærum hér á landi auk þess að heimsækja vini og ættingja.

## FRÉTTIR

**Friðhelgi kommúnista rofin** Persónuvernd segir Landsbókasafnið hafa brotið lög með því að hleypa fræðimönnum í félagatal Kommúnistaflokks Íslands frá 1930 til 1938. 2

**Má heita Blær** Héraðsdómur segir að Blær Bjarkardóttir Rúnarsdóttir megi heita nafninu sínu. 6

**Þekktist í Armeníu** Fagnaðarfundir urðu þegar Þórir Guðmundsson hitti fórnarlömb jarðskjálfta í Armeníu. 10




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SA | 5 |
| Akureyri | -4° | S | 5 |
| Egilsstaðir | -5° | NA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | NA | 3 |
| Reykjavík | 0° | A | 6 |

**Bjart og hægviðri** víða á landinu í dag en dálítil él allra austast. Hvessir í kvöld og nótt fyrst SV- og V-til. Frost að 12 stigum inn til landsins N-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Lífið | Fólk**




# 40% vilja afsögn ráðherra

Stór hluti landsmanna vill að Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon segi af sér embættum vegna niðurstöðu Icesave-málsins. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

**KÖNNUN** Fjórir af hverjum tíu landsmönnum vilja að forystumenn stjórnarflokkanna segi af sér vegna niðurstöðu Icesave-málsins, samkvæmt niðurstöðu nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls segjast 39,7 prósent þeirra sem afstöðu taka til spurningarinnar vilja að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra segi af sér vegna niðurstöðu Icesave-málsins, en 60,3 prósent vilja að þau sitji áfram.

Mikill munur er á afstöðu landsmanna til málsins eftir stuðningi við stjórnmálaflokka. Þannig vill meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að Jóhanna og Steingrímur víki. Afar fáir stuðningsmenn stjórnarflokkanna og Bjartrar framtíðar eru sama sinnis.

Við framkvæmd könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var hringt þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki. Hringt var miðvikudaginn 30. janúar og fimmtudaginn 31. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Eiga forystumenn ríkisstjórnarflokkanna að segja af sér vegna niðurstöðu Icesave-málsins? Alls tóku 83,9 prósent þeirra sem tóku þátt afstöðu til spurningarinnar. - bj




Heimild: Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 30. og 31. janúar



**NÁTTÚRUVERNDARLÖGUM MÓTMÆLT** Áhugafólk um ferðafrelsi kom saman á Arnarhóli í gær og mótmælti nýju frumvarpi til náttúruverndarlaga, sem liggur fyrir þinginu. Hópurinn telur að lögin muni hefta för almennings um íslenska náttúru og skerða aðgengi til útivistar. Rúmlega ellefu þúsund manns höfðu skrifað undir mótmæli á netinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um 150 atriði áætluð:

# DMX á stórri hátíð í Keflavík

**MENNING** „Það verða tíu erlend atriði á hátíðinni og ég get staðfest að DMX er eitt þeirra, en hann er ekki það stærsta. Auk þess verður þarna rjóminn af íslensku tónlistarsenunni,“ segir umboðsmaðurinn Ólafur Geir Jónsson, annar skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Keflavík Music Festival sem haldin verður í júní.



DMX

„Við verðum á átta stöðum um bæinn, allt frá Reykjaneshöllinni yfir í Keflavíkurkirkju,“ segir Ólafur Geir. Þetta er í annað sinn sem hátíðin verður haldin og hefur hún vaxið mikið frá þeirri fyrstu sem var síðasta sumar. „Við erum búin að bæta við helmingi fleiri stöðum og dagskráin er tíu sinnum stærri,“ segir Ólafur Geir. Hátíðin mun standa í fjóra daga og er áætlað að um 150 atriði verði á hátíðinni. - trs / sjá síðu 46

Lögmaður gagnrýnir harðlega tilurð sakamálarannsóknar á Blönduósi:

# Mál lögreglumanns fellt niður

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt niður mál lögreglumanns á Blönduósi sem hafði sætt rannsókn vegna kynferðisbrots. Sami lögreglumaður var sýknaður af ákæru um annað kynferðisbrot í nóvember síðastliðnum.



VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, verjandi mannsins, skrifar grein í Fréttablaðið í dag undir yfirskriftinni „Valdníðsla“ þar sem hann gagnrýnir tilurð síðara málsins harkalega og krefst rannsóknar á „saknæmri og ólögmætri valdníðslu og annarri refsiverðri háttsemi lögreglunnar á Blönduósi“.

Manninum hafði verið vikið frá störfum hjá lögreglunni eftir sakfellingu í Héraðsdómi Vesturlands. Dómnum var svo snúið í Hæstarétti og fimm dögum síðar skipaði embætti Ríkislögreglustjóra manninn aftur í embætti lögreglumanns.

„Tveimur dögum síðar ákvað lögreglustjórinn á Blönduósi að eigin frumkvæði að hefja rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi [mannsins] sem á að hafa átt sér stað í mars 2010. Hver skyldi nú hafa verið tilgangur lögreglustjórans á Blönduósi að hefja rannsókn á þessu gamla máli á þessum tímapunkti?“ spyr Vilhjálmur.

Hann vitnar til lögregluskýrslu af stúlkunni sem maðurinn var grunaður um að hafa brotið gegn í því máli, þar sem stúlkan hafi sagst alls ekki vilja kæra málið. Hún hafi hins vegar verið fengin til að lýsa hinu meinta broti skriflega sem „greiða“ við lögregluna og gagngert til að hægt yrði að halda manninum frá störfum.

Þá heldur Vilhjálmur því fram að minnst fimm lögreglumenn á Blönduósi hafi verið í sambandi við stúlkuna strax vorið 2010 og hafi hvatt hana til að kæra samstarfsmann þeirra. Sumir hafi þá upplýst hana um hitt atvikið, sem hann var síðar sýknaður fyrir, og með því brotið þagnarskyldu. - sh / sjá síðu 20







## SPURNING DAGSINS



Júlíus, er þetta svartur húmor?

**„Nei, hann er með rjóma og sykri.“**

Kaffibrúsakarlarnir hyggja á endurkomu eftir áratuga hlé til að halda upp á fjörutíu ára afmæli sitt. Grínararnir Gísli Rúnar Jónsson og Júlíus Brjánsson eru kaffibrúsakarlarnir.

Steingrímur J. Sigfússon segir tiltölulega breiða sátt um nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða:

# Kvótafrumvarpið lagt fram á Alþingi

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra lagði í gær fram frumvarp um stjórn fiskveiða á Alþingi. Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskoðun á núverandi lögum um stjórn fiskveiða.

Frumvarpsins hefur verið beðið lengi, en það var tekið aftur til umfjöllunar í atvinnuvegaráðuneytinu vegna andstöðu við það í röðum Samfylkingarmanna.

Meðal þess sem lagt er til í nýja frumvarpinu er að á hverju fiskveiðiári skuli ráðherra skipta heildaraflamarki nytjastofns, sem lýtur að veiðitakmörkunum, í tvo flokka. Annars vegar það sem fari til útgerðarmanna eins og áður og hins vegar í línuívilnun, strandveiðar og fleira, meðal annars leigu á kvóta í gegnum kvótaþing. Nýtingarréttur útgerðarmanna verður tímabundinn til tuttugu ára samkvæmt frumvarpinu. Ef frumvarpið verður að lögum á þessu þingi er gert ráð fyrir 2,3 til 2,7 milljarða tekjum í ríkissjóð af leigu á kvóta á næsta fiskveiðiári.

Steingrímur sagði í samtali við Ríkisútvarpið í gærkvöldi að þetta væri síðasta tækifærið til að klára fiskveiðistjórnunarmálið, og tekist hafi að skapa tiltölulega breiða sátt og öflugan stuðning milli stjórnarflokkanna. - þeb



**ATVINNUVEGARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon lagði í gær fram frumvarp um stjórn fiskveiða.




**ÍSRAELSKIR HERMENN** Við landamæri Líbanons í Gólanhæðum. NORDICPHOTOS/AFP

Ísraelar taldir bera ábyrgð á sprengjuárás á bílalest:

## Sýrlendingar hóta hefndum

**ÍSRAEL, AP Sendiherra Sýrlands í Líbanon hefur hótað hefndaraðgerðum vegna loftárásar Ísraelshers á Sýrland. Ísraelar eru taldir hafa varpað sprengjum á bílalest, sem sögð er hafa verið á leiðinni með vopn handa liðsmönnum Hesbolla-samtakanna.**

**Ísraelsstjórn hefur ekki staðfest að Ísraelar beri ábyrgð á árásinni, en bandarískir embættismenn fullyrða að þarna hafi Ísraelar verið að verki. Hesbolla-samtökin hafa höfuðstöðvar í Líbanon en eru tengd bæði sýrlenskum og írönskum stjórnvöldum. - gb**

Hjúkrunarfræðingar funda:

## Launin verða hækkuð á LSH

**HEILBRIGÐISMÁL** Forstjóri Landspítalans ætlar að hækka laun hjúkrunarfræðinga í samræmi við framlag ríkisstjórnarinnar, hvort sem hjúkrunarfræðingar samþykkja tillöguna eða ekki. Laun hækka að meðaltali um 25 þúsund á mánuði.

Samninganefnd hjúkrunarfræðinga á LSH fundaði með fulltrúum spítalans í gærmorgun, þar sem spítalinn kynnti lokatillögu sína að lausn launadeilunnar.

Hjúkrunarfræðingar hafa boðað til funda í byrjun næstu viku þar sem tillögurnar verða ræddar. Hvað sem kemur út úr því ætlar Björn Zoëga að hækka launin samkvæmt þessum tillögum. - þeb

Hæstiréttur vísar frá:

## Sekt olíufélaganna stendur

**DÓMSMÁL** Sekt sem samkeppnisyfirvöld dæmdu olíufélögin til að borga vegna ólöglegs samráðs þeirra stendur, samkvæmt dómi sem Hæstiréttur felldi í gær. Héraðsdómur hafði áður fellt sektina úr gildi.

Hæstiréttur gagnrýnir málatilbúnað olíufélaganna harðlega og segir hann svo óljósan að dómstólar geti ekki hent reiður á málsástæðum. Þá er málsmeðferð héraðsdóms gagnrýnd fyrir mikla annmarka á dómnum sjálfum og óhóflegan drátt á rannsókn málsins. Málinu var áfrýjað til héraðsdóms árið 2005 en dómur féll í fyrra.

Stjórnvaldssektin er samtals 1,5 milljarðar króna. - þeb

# Landsbókasafnið rauf friðhelgi kommúnista

Persónuvernd segir Landsbókasafnið hafa brotið lög með því að hleypa fræðimönnum í félagatal Kommúnistaflokks Íslands frá árunum 1930 til 1938. Gætum betur að slíku í framtíðinni, segir landsbókavörður og boðar breyttar vinnureglur.

**PERSÓNUVERND** Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn mátti ekki veita aðgang að félagatali Kommúnistaflokks Íslands frá árunum 1930 til 1938, segir Persónuvernd í úrskurði.

Kjartan Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri Þjóðviljans, gaf Landsbókasafninu árið 2005 félagatal Kommúnistaflokksins. Félagatalið er í handskrifaðri stílabók og nær til áranna 1930-1938, sem er tímabilið sem flokkurinn starfaði.

Í bókina voru skráð nöfn 727 einstaklinga, oftast ásamt fæðingardegi og þeim tíman sem viðkomandi gekk í flokkinn. Einnig eru upplýsingar um þá sem skráðu sig úr flokknum strikaðar út vegna þess að þeir greiddu ekki félagsgjöld eða voru hreinlega reknir úr flokknum af öðrum ástæðum. Fram kom, þegar Kjartan gaf félagatalið, að hann hefði beinlínis gert það til að efla rannsóknir á vinstri hreyfingunni á tuttugustu öldinni.

Frá því stílabókin komst í hendur Landsbókasafnsins árið 2005 hafa tólf fræðimenn fengið aðgang að henni á lestrarsal safnsins að því er segir í úrskurði Persónuverndar. Það var þó ekki fyrr en árið 2010 að elsti hluti félagatalsins var laus undan lagaákvæðum um áttatíu ára trúnað sem gildir um slíkar persónuupplýsingar. Af yngsta hlutanum verður trúnaði ekki aflétt fyrr en árið 2018.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður bendir á að engar kvaðir hafi fylgt gjöfinni frá Kjartani. „Við höfum yfirleitt tekið þann pólinn í hæðina að það sé þeirra sem nota gögnin að gæta að öllum heimildum og athuga hver mörkin séu og hvað megi gera með þessar upplýsingar. Með þessum úrskurði þurfum við sjálf að fara að segja við fólk hvaða hluta það megi skoða og hvern ekki,“ segir hún.

Að sögn Ingibjargar voru starfsmenn Landsbókasafnsins þó óvissir um hvernig haga ætti aðgangi að félagatalinu því þar væri viðkvæmt efni. Safnið hafi fengið fund með Persónuvernd í júní 2011 til að fara yfir málið. Nú liggi úrskurður fyrir. „Nú verðum við hugsanlega að setja í okkar skráningar að þetta efni sé lokað til ársloka 2018 og setja vinnureglur um það hvernig taka eigi á málinu. Ef við fáum svona gögn í framtíðinni munum við passa betur upp á þetta.“

Fram kemur í úrskurði Persónuverndar að vilji menn fá aðgang að félagatalinu verði að leita eftir leyfi til þess hjá stofnuninni.

gar@frettabladid.is



**ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN** Starfsmenn Landsbókasafns veittu tólf fræðimönnum aðgang að stílabók með nöfnum félaga í Kommúnistaflokki Íslands en leituðu loks leiðbeininga frá Persónuvernd sem nú hefur kveðið upp úr með að það hafi verið óheimilt.



**INGIBJÖRG ST. SVERRISDÓTTIR**



**KJARTAN ÓLAFSSON**

> **Við höfum yfirleitt tekið þann pólinn í hæðina að það sé þeirra sem nota gögnin að gæta að öllum heimildum og athuga hver mörkin séu.“**
>
> *Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður.*




Hæstiréttur dæmir í hrottafengnu líkamsárásarmáli kenndu við Vítisengla:

# Öll fjögur fá þyngri refsingu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóma yfir fjórum sakborningum í hrottafengnu líkamsárásarmáli sem kennt hefur verið við Hells Angels.

Andrea Kristín Unnarsdóttir hlaut fimm og hálfs árs fangelsi í stað fjögurra og hálfs árs áður, fyrir að leiða árásina gegn konu á heimili hennar í desember 2011.

Dómar yfir Jóni Ólafssyni, kærasta Andreu, og Elíasi Valdimari Jónssyni voru þyngdir úr fjórum árum í fjögur og hálft og dómur yfir Óttari Gunnarssyni þyngdur úr tveimur og hálfu ári í fjögur.

Fólkið sparkaði í höfuð þolandans, skar í fingur hans með hnífi og sló með leðurkylfu. Þá stakk Elías fingrum upp í endaþarm og leggöng konunnar og klemmdi þar á milli.

Hæstiréttur staðfesti sýknudóma yfir Einari Marteinssyni, fyrrverandi forsprakka Hells Angels á Íslandi, og öðrum manni. - sh



**ANDREA KRISTÍN UNNARSDÓTTIR**



**ÓSÁTTUR** Einar Marteinsson ætlar líklega í mál við ríkið.

### Rosalega glaður og reiður

„Ég er rosalega glaður, en ég er líka rosalega reiður. Ég vil að ríkið og lögreglan biðji mig afsökunar,“ segir Einar „boom“ Marteinsson, fyrrverandi forsprakki Hells Angels, sem sat í gæsluvarðhaldi um hálfs árs skeið vegna málsins. Hann segist gera ráð fyrir því að hann muni fara í skaðabótamál við ríkið vegna varðhaldsvistarinnar.

GILDIR TIL 03.02

# GÓÐ KAUP

## í Rúmfatalagernum!

SPARIÐ 30.000

ÁFÖST YFIRDÝNA

STÆRÐ: 140 X 200 SM.

FÆTUR FYLGJA MEÐ

Pokagormar | Svampur | Yfirdýna | Miðlungs | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð

Angel dream
Comfortable Sleeping

**ANGEL DREAM AMERÍSK DÝNA**
Frábær amerísk dýna á ótrúlegu verði! Í efra lagi er áföst yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru 570 LFK pokagormar pr. m². Fætur fylgja með.

140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 84.950

**54.950**

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

4230304

KODDI
50 X 70 SM.
5.995

SPARIÐ 7000

FRÁBÆR ANDADÚNSÆNG

SÆNG FULLT VERÐ: 19.950

**12.950**

Flora Danica
Traditional Danish Handicraft · Pure Nature, Comfort, Exclusive Design

**SAPPHIRE ANDADÚNSÆNG**
Gæðasæng fyllt með 750 gr. af mjúkum andadúni, andafiðri og holtrefjum. Andadúnninn gefur sænginni mjúka fyllingu og holtrefjarnar stuðla að því að sængin þornar fyrr eftir þvott. Áklæði úr 100% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Taska fylgir með. Sæng: 135 x 200 sm. **19.950** nú **12.950**
Koddi: 50 x 70 sm. **5.995**

PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI

HREIN EFNI

FULLT VERÐ: 1.695

**1.295**

**DELUX KODDI**
Góður koddi fylltur með polyesterkúlu-trefjum. Frábært verð! Stærð: 50 x 70 sm. Þyngd: 600 gr. Þolir þvott við 60°C.

24% AFSLÁTTUR

SPARIÐ 20.000
120X200 SM.

120 X 200 SM.

YFIRDÝNA INNIFALIN

Miðlungs | Dönsk gæða-framleiðsla | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð
Pokagormar | Smáir BONELL gormar | Svampur | Yfirdýna

90 x 200 sm. **44.950** nú **34.950**

DREAMZONE™

120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 69.950

**49.950**

FÆTUR FYLGJA EKKI

**PLUS B12 JUBILÆUM BOXDÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m² í efra lagi. Innifalið í verði er 2 sm. þykk yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð á fótum **7.995**
Stærð: 120 x 200 sm.

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

10 STK. HERÐATRÉ

**595**

10 STK.

**PLASTHERÐATRÉ MEÐ BUXNASLÁ**
Fáanleg ljós eða svört.
10 stk. saman í pakka.

37 LÍTRA KASSI

**1.995**

37 LÍTRA

GÓÐ KAUP!

**37 LÍTRA PLASTKASSI**
Með smelltu loki.
Stærð: 50 x 37,5 x 29,4 sm.

10 PÖR

**1.995**

10 PÖR

**COLLEGE SOKKAR**
Góðir sokkar á frábæru verði!
10 pör í pakka.
Litur: Svartur.
Stærðir: 41-45.

25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

**1.495**

**MOLLIE SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% pólýestermíkrófíber.
Lokað að neðan með rennilás. 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

400 BLÖÐ

JUMBO ELDHÚSRÚLLA

**695**

**JUMBO ELDHÚSRÚLLA**
Góð eldhúsrúlla eða sem alhliða pappírsrúlla til að hafa í bílnum eða bara hvar sem er. 400 blöð.

**GENGIÐ**
31.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,45 | 127,05 |
| Sterlingspund | 199,93 | 200,91 |
| Evra | 171,36 | 172,32 |
| Dönsk króna | 22,963 | 23,097 |
| Norsk króna | 23,020 | 23,156 |
| Sænsk króna | 19,875 | 19,991 |
| Japanskt jen | 1,3888 | 1,3970 |
| SDR | 194,87 | 196,03 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
232,4241

Forstjóri MP banka vissi ekki að stjórnendur Byrs væru að brjóta lög, segir héraðsdómur:

# Styrmir Þór sýknaður í Exeter-málinu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Styrmi Þór Bragason, fyrrverandi forstjóra MP banka, af ákæru um hlutdeild í umboðssvikum í Exeter-málinu. Ekki var heldur talið að hann hefði gerst sekur um umboðssvik.

Exeter-málið snýst um lánveitingar Byrs til félagsins Exeter Holding til kaupa á stofnfjárbréfum í Byr, meðal annars af MP banka og þáverandi stjórnendum Byrs, Jóni Þorsteini Jónssyni og Ragnar Z. Guðjónssyni.

Jón Þorsteinn og Ragnar afplána nú fjögurra og hálfs árs fangelsisdóma sem þeir hlutu fyrir umboðssvik í Hæstarétti í fyrrasumar. Þá var þætti Styrmis vísað aftur heim í hérað, enda hafði héraðsdómur aldrei tekið efnislega afstöðu til þáttar hans.



STYRMIR ÞÓR BRAGASON

Styrmir hefur haldið því fram að honum hafi ekki verið kunnugt um það hvernig staðið var að málum hjá Byr varðandi lánveitinguna, og segir dómurinn þann framburð hans trúverðugan. Ekki hafi verið óeðlilegt að hann gætti hagsmuna MP banka með því að leggja til sölugengi stofnfjárbréfanna. - sh

## Lítið fordæmisgildi

„Þetta er bara héraðsdómur og hefur sem slíkur lítið fordæmisgildi," segir saksóknarinn Björn Þorvaldsson spurður hvaða áhrif þessi dómur hafi á önnur mál þar sem menn eru ákærðir fyrir hlutdeild í umboðssvikum.

Hann segir það vera ákvörðun ríkissaksóknara hvort málinu verði áfrýjað, en að vissulega væri það betra.

## Þorkell Sigurbjörnsson látinn



Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld lést á miðvikudag, 74 ára að aldri.

Þorkell var eitt átta barna biskupshjónanna Magneu Þorkelsdóttur og Sigurbjörns Einarssonar. Hann stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík en eftir stúdentspróf frá MR nam hann tónsmíðar við Hamline- og Illinois-háskóla, en þaðan lauk hann meistaraprófi. Hann kenndi svo við Tónlistarskólann í Reykjavík alla tíð, og að auki við Listaháskólann. Hann samdi rúmlega 300 tónverk á ferlinum.

Þorkell var giftur Barböru Jane Powell og eignuðust þau tvö börn, Mist Barböru, tónskáld og deildarforseta tónlistardeildar LHÍ, og Sigurbjörn, verkfræðing og stjórnanda hjá Barclay´s-banka í London. Barnabörn Þorkels og Barböru eru átta og barnabarnabarnið eitt.

Lágmarkslaun 204 þúsund:

## Laun hækka um 3,25 prósent

**KJARAMÁL** Laun hækka í dag um 3,25 prósent, eða ellefu þúsund krónur að lágmarki, samkvæmt almennum kjarasamningum.

Misjafnt er þó eftir því hvort fólk er á fyrirfram- eða eftirágreiddum launum hvort hækkunin kemur fram á launaseðlum um þessi mánaðamót eða þau næstu.

Þá hækka lágmarkslaun fyrir fullt starf upp í 204 þúsund krónur á mánuði. - þeb

Tekið fyrir í Félagsdómi:

## ASÍ stefnir LÍÚ vegna mótmæla

**DÓMSMÁL** Alþýðusamband Íslands hefur stefnt Samtökum atvinnulífsins, fyrir hönd Landssambands íslenskra útvegsmanna, fyrir Félagsdóm vegna meintrar ólögmætrar vinnustöðvunar í júní á síðasta ári.

Málið var þingfest á mánudag. ASÍ krefst þess að viðurkennt verði að sú aðgerð LÍÚ að beina því til félagsmanna sinna að halda skipum sínum ekki til veiða eftir síðasta sjómannadag og beina þeim þess í stað til Reykjavíkurhafnar í mótmælaskyni, hafi brotið gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. - þeb



**ATVINNULEYSI** Meira en helmingur Spánverja og Ítala hefur þurft að ganga á sparifé sitt til að lifa af. NORDICPHOTOS/AFP

50% á fé fyrir þrjá mánuði:

## Þriðjungur á ekkert sparifé

**ÞÝSKALAND, AP** Nærri þriðjungur íbúa Evrópuríkja á ekki sparifé að grípa til, samkvæmt þýskri könnun sem könnunarfyrirtækið TNS gerði fyrir þýska bankann ING.

Verst standa Rúmenar, en nærri helmingur þeirra á ekkert sparifé. Best eru hins vegar íbúar í Lúxemborg staddir, því einungis ellefu prósent þeirra eiga ekkert sparifé. Könnunin var gerð í fjórtán Evrópuríkjum.

Að meðaltali segjast 49 prósent Evrópubúa eiga sparifé sem myndi duga þeim í þrjá mánuði yrðu þeir fyrir skyndilegu tekjutapi. - gb

# Frakkar deila um foreldrahlutverkið

Áform um hjónabönd samkynhneigðra hafa vakið harðar deilur í Frakklandi, en þær deilur snúast meira um frjósemisaðgerðir, ættleiðingar og staðgöngumæðrun en um samkynhneigð. Frakkar hafa reynst íhaldssamari en þeir sjálfir höfðu talið.

**FRAKKLAND, AP** Þegar François Hollande gaf frönskum kjósendum það loforð að lögleiða hjónabönd samkynhneigðra vakti það engin hörð viðbrögð í Frakklandi. Eftir að hann var kosinn forseti og kom þessu kosningaloforði sínu til afgreiðslu á þingi kom hins vegar annað hljóð í strokkinn.

Fjölmennar mótmælagöngur hafa verið haldnar á síðustu vikum, sumar með þeim fjölmennustu sem þekkst hafa í Frakklandi síðustu áratugina. Frakkar hafa reynst íhaldssamari en þeir sjálfir reiknuðu með.

Harðasta andstaðan hefur þó ekki beinst að hjónaböndum samkynhneigðra sem slíkum, heldur að hugmyndum um að samkynhneigð hjón geti ættleitt börn, fengið leyfi til að gangast undir frjósemisaðgerðir eða notað staðgöngumæður til að eignast börn.

Harðar deilur hafa vaknað um það hvort samfélagið og vísindin séu farin að ætla sér of stórt hlutverk við að skipuleggja barneignir og þjóðfélagið hefur nánast logað í umræðum um það hvort innan skamms verði farið að bjóða líkama kvenna til leigu.

Vegna andstöðunnar féllu Hollande og Sósíalistaflokkur hans reyndar nú í janúar frá öllum áformum um að tengja lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra við áform um að auðvelda aðgang að frjósemisaðgerðum.

Upp úr sauð hins vegar á þingi í þessari viku, þegar frumvarp stjórnarinnar kom þar til umræðu, því þá kom í ljós að Christiane Taubira dómsmálaráðherra hafði nánast í kyrrþey gefið út heimild til þess að börn, sem staðgöngumæður hafa fætt erlendis, geti fengið franskt fæðingarvottorð.

„Þú ert að ýta undir aðfarir sem eru ólöglegar hér í landi, aðfarir sem eru árásir á mannlega reisn," sagði Jean-François Cope, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, á þingfundi á miðvikudag: „Börn verða hlutir sem hægt er að kaupa og selja."

Dómsmálaráðherrann hefur hins vegar ítrekað fyrri yfirlýsingar um að ekki standi til að lögleiða staðgöngumæðrun.



**GAGNRÝND Á ÞINGI** Christiane Taubira dómsmálaráðherra er sökuð um að vilja gera börn að söluvöru. NORDICPHOTOS/AFP

> **Börn verða hlutir sem hægt er að kaupa eða selja.**
>
> *Jean-François Cope*
> *leiðtogi stjórnarandstöðunnar*

Olivier Dussopt, einn þingmanna Sósíalistaflokksins, segist reyndar telja að Frökkum muni smám saman snúast hugur og fallast á áform stjórnarinnar, rétt eins og gerðist eftir að þingið ákvað að lögleiða fóstureyðingar árið 1975.

gudsteinn@frettabladid.is

Fiskbúðin Höfðabakka
Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu
Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070
Stór humar
6.550 kr/kg
Nautalundir
6.390 kr/kg
Hamborgaratilboð
180 kr. stk, 120gr.
Opið laugardaga 11-16.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







Á morgun
10-18 m/s




Sunnudagur
8-15 m/s

**GRÍPTU DAGINN** Víða hægviðri í dag en hvessir í kvöld. Búast má við strekkingi eða allhvössum vindi með hléum um helgina. Úrkoma einkum S- og V- lands á morgun og sunnudag. Hlýnar um tíma á morgun en kólnar aftur annað kvöld.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Billund | 3° | Gautaborg | 1° | London | 9° | Orlando | 18° | San Francisco | 16° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 1° | Mallorca | 13° | Ósló | -9° | Stokkhólmur | -4° |
| Berlín | 6° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 22° | New York | 2° | París | 11° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




## Langdrægur rafmagnsbíll

VOLT

Chevrolet Volt er langdrægur rafmagnsbíll með bensínrafal. Heildarökudrægi Volt er um 500 km. Á hleðslunni einni saman kemst Volt um 60 km, en það dugir í flestum tilvikum fyrir allan daglegan akstur. Komdu í heimsókn og skoðaðu framtíðina.



**Opið alla virka frá 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • 590 2000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330
Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636
**www.benni.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða hjúkrunarheimili hefur gert erlendu starfsfólki sínu að gangast undir íslenskupróf?
**2.** Hver leikur titilhlutverkið í stórmyndinni Lincoln?
**3.** Hvaða kvikmynd fékk flestar tilnefningar til Edduverðlaunanna?

**SVÖR**

1. Skjól 2. Daniel Day-Lewis 3. Djúpið

Þingmaður og slitastjórnarkona heppin í útdrætti sýslumanns:

# Fá lóðina sem Eiður skilaði

**KÓPAVOGUR** Alþingismaðurinn Magnús Orri Schram og Herdís Hallmarsdóttir, slitastjórnarmaður í Landsbankanum, hrepptu byggingarlóðina í Hólmaþingi 7 þegar fulltrúi sýslumanns dró á milli umsækjenda á fundi framkvæmdaráðs Kópavogs á miðvikudag.

Hólmaþingi 7 var fyrst úthlutað til knattspyrnumannsins Eiðs Smára Guðjohnsens sumarið 2005. Eiður byggði aldrei á lóðinni og í fyrravor samþykktu bæjaryfirvöld ósk hans um að endurgreiða lóðina.

Í fyrrasumar var síðan lagt fram og tekið fyrir í framkvæmdaráði ríflega 17 milljóna króna tilboð í lóðina. Það var frá Birni Jakobi Björnssyni lögmanni, sem er tengdasonur formanns framkvæmdaráðs, Gunnars I. Birgissonar. Úr varð þó að lóðin var auglýst til sölu og óskað tilboða á grundvelli úthlutunarreglna bæjarins. Uppsett verð var 19,9 milljónir.

Auk Magnúsar Orra og Herdísar sótti fyrrnefndur Björn Jakob um lóðina ásamt Agnesi Gunnarsdóttur, eiginkonu sinni.

Útsýni er yfir Elliðavatn frá Hólmaþingi 7. Fasteignasalar hafa lýst lóðinni sem „ótrúlegri“ og „án efa efa með fallegri byggingarlóðum“. - gar



**VERÐANDI EIGENDUR HÓLMAÞINGS 7** Hjónin Magnús Orri Schram og Herdís Hallmarsdóttir fá glæsilega einbýlishúsalóð með útsýni yfir Elliðavatn. SAMSETT MYND

Dregið af laununum:

## Lögreglumaður gleymdi byssu í salernisferð

**SVÍÞJÓÐ** Dregið verður af launum lögreglumanns í Kalmarléni í Svíþjóð vegna þess að hann gleymdi beltinu sínu með skammbyssu, varamagasíni og kylfu á salerni fyrir almenning á flugvellinum í Kalmar.

Greint er frá því í sænskum fjölmiðlum að öryggisvörður hafi fundið búnaðinn en litið var svo á að hann hefði getað komist í rangar hendur. - ibs



**GEKK VEL** Bæjarstjórinn segir samstarfið hafa gengið vel en verið hugsað til bráðabirgða.

Rifta samningi um skipulagsmál:

## Hugsað til bráðabirgða

**VESTURLAND** Snæfellsbær sagði nýverið upp þjónustusamningi frá 2011 við Grundarfjarðarbæ um verkefni skipulags- og byggingafulltrúa, vegna anna fulltrúans heima fyrir. „Þetta er ekkert sem kemur á óvart.

Þetta fyrirkomulag var hugsað til bráðabirgða og hefur í raun gengið lengur en við þorðum að vona og gengið mjög vel,“ sagði Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðar, í samtali við Skessuhorn. Hjá sveitarfélaginu er verið að vinna að lausn í málinu. - fb

# Blær má heita nafninu sínu

**Fimmtán ára stúlka vinnur mál gegn íslenska ríkinu og má heita Blær þótt mannanafnanefnd hafi úrskurðað það karlmannsnafn. Hið opinbera hefur kallað hana „Stúlku“ allt þangað til á dómsskjalinu frá því í gær.**

**DÓMSMÁL** „Það var ótrúlega gaman að fá þessar fréttir. Fyrst fattaði ég reyndar ekki að við hefðum unnið en þá kleip mamma í mig. Ég er mjög glöð,“ segir Blær Bjarkardóttir Rúnarsdóttir, sem hafði sigur í máli sínu gegn íslenska ríkinu í gær og má samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur heita nafninu Blær.

Málið var höfðað fyrir hönd Stúlku Bjarkardóttur Rúnarsdóttur, en það er nafnið sem hún hefur borið hjá opinberum aðilum frá því stuttu eftir fæðingu. Það breyttist í gær: Fyrsta opinbera skjalið sem er merkt Blævi er dómur héraðsdóms.

Blær var reyndar skírð Blær í ágúst 1997 en þegar presturinn áttaði sig á því að nafnið var ekki á mannanafnaskrá sem kvenmannsnafn var nafngiftin afturkölluð og leitað til mannanafnanefndar.

Nefndin hafnaði nafninu á þeirri forsendu að nafnið væri þegar til sem karlmannsnafn. Í lögum um mannanöfn frá árinu 1996 segir skýrum stöfum að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn.

Í niðurstöðu dómsins segir hins vegar að þekkt séu dæmi um það á Íslandi að karlkyns nafnorð séu notuð sem kvenmannsnöfn, til dæmis Ilmur og Apríl, og kvenkyns nafnorð sem karlmannsnöfn, til dæmis Sturla. Þá séu bæði karlar og ein kona sem beri nafnið Júlí í Þjóðskrá.

Auk þess segir að kona, fædd 1973, beri þegar nafnið Blær og að það hafi verið samþykkt af mannanafnanefnd á sínum tíma. Þar virðist dómurinn reyndar líta fram hjá þeirri staðreynd að mannanafnanefnd var ekki til fyrr en árið 1991.

„Af því sem nú hefur verið rakið er ljóst að í ákveðnum tilvikum getur íslenskt nafn bæði verið karlmanns- og kvenmannsnafn,“ segir í dómnum. Það hafi verið ólögmætt af nefndinni að hafna beiðninni um nafngiftina. „Það er mat dómsins að réttur stefnanda til að bera nafnið Blær sé ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að hafna kröfunni.“

Blær fær ekki miskabætur eins og hún gerði kröfu um en er engu að síður himinlifandi og kvíðir ekki umstanginu sem mun fylgja því að sækja um vegabréf með nýju nafni og annað í þeim dúr. Hún segist hafa verið aðalmanneskjan í skólanum í gær. „Það hlupu allir að mér þegar mætti – kennarinn hafði lesið fréttina upp í tíma. Svo er ég búin að fá fullt af símtölum með hamingjuóskum.“

stigur@frettabladid.is

**hér er Blær**
**um Blæ**
**frá Blævi**
**til Blævar**



**GLEÐIDAGUR** Blær faðmar móður sína, Björk Eiðsdóttur, eftir að niðurstaðan lá fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Broddstafur leiddi til afsagnar

Árið 2005 sagði mannanafnanefnd af sér eftir deilur um nafnið Eleonoru. Nefndin hafði hafnað nafninu og sagt að það væri ekki í samræmi við íslenskrar ritreglur; það skyldi vera Eleonóra – með ó-i. Yfir þessu var kvartað til dómsmálaráðuneytisins, sem sendi nefndinni bréf og dró í efa að hún hefði gætt meðalhófs við synjunina. Í kjölfarið var ákvörðuninni snúið og nefndin sagði af sér, mjög ósátt.

Ágústa Þorbergsdóttir, starfandi formaður mannanafnanefndar, hafði ekki kynnt sér dóminn í máli Blævar í gær og vildi því ekki tjá sig um hann.



## NÝR LOTTÓLEIKUR Á ÍSLANDI

### DREGIÐ Á FÖSTUDÖGUM – VERTU MEÐ!

# 1.700.000.000 KR.

## POTTURINN Í EUROJACKPOT STEFNIR Í 1,7 MILLJARÐA KRÓNA

Eurojackpot er glænýr lottóleikur þar sem svo sannarlega er til mikils að vinna. Nú gefst Íslendingum kostur á að spila með í þessu stórskemmtilega lottói þar sem milljónirnar skipta tugum, hundruðum – og þúsundum!

Kynntu þér fyrirkomulagið og vinningslíkur á www.lotto.is og spilaðu með.

### FÖSTUDAGUR TIL FJÁR

SÖLU LÝKUR
KLUKKAN
18:00 Í DAG!

EURO JACKPOT

Lögreglan leitar móður:

## Nýfætt barn í íþróttatösku

**DANMÖRK** Nýfætt stúlkubarn fannst yfirgefið í Kaupmannahöfn í gærmorgun á milli tveggja bíla sem lagt var við Vestre Kirkegårds Allé.
Faðir sem var á göngu með barnavagn fann litlu stúlkuna, sem var í fjólublárri íþróttatösku sem komið hafði verið fyrir á púða.

Þegar komið var með barnið á spítala var líkamshiti þess 27 gráður. Samkvæmt frétt á vef Politiken var líðan barnsins góð eftir meðferð. Talið er að stúlkan sé tveggja til þriggja daga gömul. Lögreglan leitar nú móðurinnar. - ibs

Útgjöld ríkis vegna IPA-fjár:

## 2,4 milljarðar í mótframlög

**EVRÓPUMÁL** Mótframlög íslenska ríkisins vegna IPA-styrkveitinga í tengslum við aðildarumsóknina að ESB hafa hingað til numið 2,4 milljörðum króna. Þetta kemur fram í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokks.

Þar segir einnig að IPA-framlög hafi hingað til numið tæpum 4,4 milljörðum, en mótframlög Íslands séu að miklu leyti útgjöld sem ríkið hefði þurft að leggja í þótt ekki hafi komið til ESB-umsóknar. Þar vega drýgst framlög vegna endurnýjunar tollkerfa og þýðinga á ESB-reglugerðum sem telja alls um tvo milljarða. - þj

# Norski loðnuskipstjórinn sleppur með lága sekt

Loðnuskipið Manon reyndist vera með 200 tonnum meira af loðnu í lestum sínum en tilkynnt var. Skipstjórinn gerði dómsátt og borgar sekt. Landhelgisgæslan telur brotið undantekningu miðað við reynslu af eftirliti.

**LÖGREGLUMÁL** Afli norska loðnuskipsins Manon reyndist töluvert meiri en skipstjóri hafði tilkynnt um að veitt hefði verið innan íslensku efnahagslögsögunnar. Dómsátt var gerð í málinu eftir rannsókn lögreglunnar á Eskifirði. Landhelgisgæslan telur ekki ástæðu til að halda að brot sem þessi séu algeng. Víðtækt eftirlit er á miðunum.

Varðskipið Týr vísaði fyrir rúmri viku norska loðnuskipinu Manon til hafnar á Eskifirði fyrir meintar ólöglegar veiðar eftir að varðskipsmenn fóru um borð til eftirlits. Mælingar varðskipsmanna leiddu í ljós að afli um borð virtist meiri en skipið hafði tilkynnt um að það hefði veitt innan íslensku efnahagslögsögunnar og fylgdi Týr skipinu til hafnar eftir að samráð var haft við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.



**Á LOÐNU** Norðmenn eiga átta prósent af um 300 þúsund tonna útgefnum loðnukvóta. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ásgrímur Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, segir að tæplega 800 tonnum hafi verið landað úr Manon, en skipstjórinn tilkynnti að 600 tonna loðnuafli væri um borð. Ásgrímur segist ekki hafa ástæðu til að halda að brot sem þessi séu algeng, á síðustu loðnuvertíð hafi Landhelgisgæslan til dæmis farið um borð í tuttugu erlend skip án þess að dæmi sem þetta kæmi upp.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að lögregluyfirvöld eystra hafi ekki farið fram á eignaupptöku vegna málsins, en ekki er óalgengt að afli og veiðarfæri séu gerð upptæk ef menn eru staðnir að brotum sem þessum. Umfang brotsins er þá haft til hliðsjónar. Skipstjórinn á Manon mun hafa gengist undir svokallaða viðurlagaákvörðun, sem er í raun dómsátt, og greiðir 400 þúsund krónur í Landhelgissjóð Íslands.

Eftirlitið á miðunum er víðtækt á meðan á vertíðinni stendur. Varðskip er á svæðinu sem fylgir flotanum eftir og áhöfn þess fer til eftirlits um borð í skipin. „Veður hamlar þessu eftirliti vissulega stundum en skipunum er gert að koma við á fyrir fram tilgreindum eftirlitsstað á miðunum áður en þau halda heim. Um borð eru gögn er varða veiðarnar yfirfarin og athugað hvort rétt hefur verið staðið að öllu,“ segir Ásgrímur.

Áður en bræla skall á fyrir helgi voru 22 erlend loðnuskip á miðunum; norsk skip að viðbættu einu grænlensku. Fá íslensk skip hafa haldið til veiða eftir bræluna, en margar útgerðir halda að sér höndum þar sem mjög gengur á kvótann. Ætla menn að nýta síðustu tonnin þegar hrognafylling loðnunnar eykst og þar með verðmætið. Hafrannsóknastofnun leitar nú loðnu norður af landinu.

svavar@frettabladid.is





**BJARNI BENEDIKTSSON Í PONTU** Utanríkisráðherra sagði að ef Ísland heimilaði ekki framsal ríkisvalds með þeim hætti sem stjórnarskrárfrumvarp gerir ráð fyrir gætum við staðið frammi fyrir ákvörðun um að yfirgefa EES-samstarfið.

Deilt um framsal ríkisvalds í stjórnskipunarlögum:

## Getum þurft að hverfa frá EES-aðild

**UTANRÍKISMÁL** Verði framsal ríkisvalds ekki heimilað með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til stjórnskipunarlaga gætu Íslendingar staðið frammi fyrir ákvörðun um hvort ætti að stíga út úr EES-samningnum. Þetta sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á þingi í gær en Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins hafði hafið máls á þessu efni.

Bjarni vitnaði í texta frumvarpsins þar sem ástæða er sögð til að tryggja stjórnskipulegan grundvöll við þróun EES-samningsins og lagt er til að opnað verði fyrir framsal ríkisvalds til stofnana sem við Íslendingar eigum ekki aðild að. Tók hann sem dæmi reglur ESB um eftirlit með fjármálamörkuðum, sem álitið er að krefjist framsals að því marki að það brjóti í bága við stjórnskrá Íslands. Bjarni sagði að það mál virtist hafa gefið meirihlutanum tilefni til að leggja til ákvæði í stjórnarskrá þar sem Ísland fallist á að hverfa frá tveggja stoða kerfinu sem EES-samningurinn byggir á, að kröfu ESB. Spurði Bjarni Össur að því hvers vegna lagt væri í slíkar breytingar fyrir ESB.

Össur svaraði því til að EES-samningurinn hefði breyst mikið frá því að hann var tekinn upp árið 1994, meðal annars með nokkru valdaframsali. Það væri hins vegar jákvætt fyrir Ísland að hægt væri að þróa samninginn með þessum hætti. Hann spurði Bjarna því hvernig hann vildi sjá EES þróast og „hvort [Bjarni] vilji að Ísland taki upp umræðu um að við stígum út úr því samstarfi. Ég hygg að ef við heimilum ekki framsal með þessum hætti kunnum við að standa frammi fyrir ákvörðun af því tagi.“

Bjarni sagði þá að í EES-samstarfinu hefði ESB í auknum mæli leitast við að færa vald til sinna stofnana. Það væri meiriháttar breyting frá upphaflega samningnum og „alger eftirgjöf“ fælist í að fara að kröfum ESB með stjórnarskrárbreytingum.

Össur lauk málinu með því að segja að EES-samningurinn hefði breyst verulega og í mögum atriðum væri hann kominn út fyrir það sem stjórnarskrá heimilaði. Úr því sem komið er væri að hans mati „miklu hreinlegra“ fyrir Ísland að ganga í ESB.

„Ef við ætlum að halda áfram þessu samstarfi og göngum ekki í Evrópusambandið þá verðum við að [heimila framsal ríkisvalds með umræddum hætti].“

thorgils@frettabladid.is

# netto

Kræsingar & kostakjör



## LAMBALÆRI
FROSIÐ

**1.094**

ÁÐUR 1.498 KR/KG



## NAUTAHAKK
FERSKT

**1.198** KR/KG

KJÖTSEL



## GRÍSAMÍNÚTUSTEIK
FERSK

**1.399**

ÁÐUR 1.998 KR/KG



30% AFSLÁTTUR

## BYGGBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM
500 G

**314** KR STK



50% AFSLÁTTUR

## CROISSANT
M/SKINKU OG OSTI
BAKAÐ Á STAÐNUM

**115**

ÁÐUR 229 KR/STK

## EGILS
PILSNER
500 ML




**98** KR STK

## SÚKKULAÐIKAKA
MYLLAN - ÞRIGGJA HÆÐA



**994**

ÁÐUR 1.227 KR/STK

**Tilboðin gilda 31. jan. - 3. feb.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Stórfenglegir tilburðir á svellinu



**Í EGILSHÖLL** Gabriel Folkesson frá Svíþjóð sýnir listir sínar á Norðurlandamótinu í listhlaupi á skautum sem hófst í Egilshöll í Grafarvogi í gær. Að lokinni keppni drengja tók við stúlknaflokkur þar sem Ísland átti fjóra keppendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þekktist í Armeníu eftir aldarfjórðung

Fyrir tilviljun var Þórir Guðmundsson í gær staddur í sama armenska skóla og hann heimsótti sem fréttamaður fyrir aldarfjórðungi eftir miklar náttúruhamfarir. Kennari þekkti hann aftur. Grét með syrgjendum eftir hamfarirnar 1989.

**FÓLK** „Þetta var alveg stórkostlegt. Við vissum ekkert hvað átti að sýna okkur en svo kom í ljós að þetta var nákvæmlega sami bærinn og ég var staddur í fyrir 25 árum og nákvæmlega sami skóli sem hafði hrunið í skjálftanum,“ segir Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða kross Íslands og fyrrverandi fréttamaður.

Í byrjun árs 1989 fór Þórir til armensku fjallaborgarinnar Leninakan sem fréttamaður Stöðvar 2 stuttu eftir að öflugur jarðskjálfti reið yfir svæðið með þeim afleiðingum að meira en fimmtíu þúsund létu lífið, meðal annars nær öll börn og kennarar úr grunnskóla sem gjöreyðilagðist.

Þórir greindi frá heimsókninni á Facebook-síðu sinni í gær. Hann er nú á ný staddur í Armeníu ásamt fleiri Íslendingum fyrir hönd Rauða krossins og heimsótti þar skóla í gær í borginni Gyumri, sem áður hét Leninakan. Samtökin eru að aðstoða heimafólkið við að búa sig undir og verjast ýmissi náttúruvá sem herjað getur á löndin. Aðstæður þar eru svipaðar og hér á landi, það er að segja mestu hætturnar eru ofanflóð og jarðskjálftar, útskýrir Þórir. Vegna þeirra verkefna var komið við í skóla í Gyumri á leið þeirra til Tíblisi, höfuðborgar Georgíu.

Í skólanum ræddi Þórir við skólastjórann um hjálparstarf tengt jarðskjálftum í svæðinu sem yrði stutt af Rauða krossi Íslands. Hann komst fljótt að því að þetta var nákvæmlega sami skóli og hann hafði heimsótt stuttu eftir hamfarirnar 1989.

„Við ræddum við fólkið og nemendurna um viðbragðsáætlanir. Svo þegar ég er að ganga út kemur upp að mér miðaldra kona og segir: „Ég hef séð þig áður!“ Hún mundi eftir mér frá því ég var hér sem fréttamaður,“ segir hann. „Þetta er afskaplega lítill heimur og búinn að vera ótrúlegur dagur.“

Skólinn var endurbyggður með fjármagni sem fékkst með því að selja úr landi málverk og teikningar sem fundust í rústum skólans eftir að skjálftinn reið yfir.

sunna@frettabladid.is



**REISTUR Á NÝ ÚR RÚSTUNUM** Skólinn sem hrundi í skjálftanum stóra var endurbyggður fyrir fé sem fékkst fyrir að selja listaverk og teikningar sem fundust í rústunum úr landi. MYND/ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

### Hágrét með syrgjendum eftir skjálftann

„Allir í borginni misstu einhvern í skjálftanum 1988,“ segir Þórir. „Ég var hér þann 7. janúar 1989 sem fréttamaður og var viðstaddur tvö þúsund manna minningarathöfn þar sem syrgjendurnir komu saman. Allur salurinn grét og ég stóð þarna með myndavélina, hágrátandi líka.“

Á sínum ferli hefur Þórir oft rætt um skjálftann í Armeníu, afleiðingar hans og þann lærdóm sem má draga af honum um hvernig brugðist er við skjálftum. Þótt 7. desember sé ekki löglegur frídagur í bænum mætir enginn til vinnu þann dag. Fólk nýtir daginn til að hitta fjölskyldu sína og vini, skoðar myndir og minnast þeirra látnu.

> **Ég hef séð þig áður! Hún mundi eftir mér frá því ég var hér sem fréttamaður.**
>
> *Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða kross Íslands og fyrrverandi fréttamaður*


Arnar Jónsson, leikari



verður á laugardagsfundi HEILAHEILLA
2. febrúar 2013 kl.11:00-13:00
í Síðumúla 6, Reykjavík
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir
og takið með ykkur gesti!
Ókeypis aðgangur!
[Gengið inn að austanverðu]





**FLUGFARÞEGAR** Fjöldi manns þurfti að bíða dögum saman á flugvöllum meðan Eyjafjallajökull gaus vorið 2010. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópudómstóllinn um tafir vegna Eyjafjallajökuls:

# Ryanair hefði átt að borga kostnað farþega

**SAMGÖNGUR** Evrópudómstóllinn í Lúxemborg hefur úrskurðað að írska lággjaldaflugfélagið Ryanair hafi átt að útvega farþega, sem komst ekki heim til Írlands frá Portúgal vegna gossins í Eyjafjallajökli vorið 2010, gistingu, fullt fæði og ferðir milli flugvallar og gististaðar á meðan tafir urðu á heimkomu.

Farþeginn, Denise McDonagh, fékk enga aðstoð frá flugfélaginu, sem bar því við að aðstæður væru svo óvenjulegar að þær gætu ekki fallið undir þær „óvenjulegu kringumstæður“ sem um er talað í viðkomandi lögum um neytendavernd.

Dómstóllinn hafnaði þessari túlkun, en tók fram að flugfélaginu bæri ekki að greiða neinar viðbótar skaðabætur heldur einungis þann kostnað, sem hlotist hefði af því að útvega henni gistingu, fullt fæði og ferðir allan þann tíma sem hún beið eftir að komast heim. Upphaflega hafði McDonagh ætlað að fljúga til Írlands 17. apríl en var ekki komin heim fyrr en 24. apríl.

Dómstóllinn hafnaði því einnig að flugfélög þyrftu einungis að sinna farþegum sínum í takmarkaðan tíma ef langar tafir yrðu á flugi, heldur yrðu þau að greiða kostnað fyrir allan þann tíma sem beðið væri flugs. - gb

Skýrsla um frelsi fjölmiðla:

# Finnar standa best að vígi

**FJÖLMIÐLAR** Finnland, Holland og Noregur skipa efstu sæti lista sem samtökin, Fréttamenn án landamæra, hafa gefið út um aðstæður og réttindi fréttamanna. Einræðisríkin Túrkmenistan, Norður-Kórea og Erítrea vermdu neðstu sætin. Ísland er í níunda sæti. Af löndunum í Evrópu stóð Hvíta-Rússland verst að vígi en það var í 157. sæti.

Við matið var tekið tillit til ofbeldis, löggjafar og viðhorfa til tjáningarfrelsis. - ah

Ísland verður í dag í fyrsta sinn með þegar dregið er í milljarðahappdrætti Eurojackpot:

# Mest hægt að vinna 15 milljarða króna

**HAPPDRÆTTI** Íslendingar verða í fyrsta skipti með í Eurojackpot lottóinu þegar dregið verður í dag. Vinningar í Eurojackpot geta numið milljörðum króna. Lágmarksvinningsupphæð í hverri viku er tíu milljón evrur, eða jafnvirði 1,7 milljarða íslenskra króna, og getur hæst orðið 90 milljón evrur, eða 15 milljarðar króna. Ein röð kostar 320 krónur.

Íslensk getspá hefur umsjón með Eurojackpot á Íslandi

„Það er von mín að ávinningur af leiknum skili sér til spilaranna í spennandi vinningum á sama tíma og hann styrki mikilvægt starf íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar og öryrkja í landinu,“ segir Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár.

Eurojackpot hóf göngu sína í mars á síðasta ári og er leikurinn nú spilaður í fjórtán löndum. Auk Íslands eru það Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen, Þýskaland, Holland, Króatía, Slóvenía, Ítalía og Spánn.

Líkt og í öllum happdrættum eru vinningsmöguleikar ekki sérlega miklir. Líkurnar á þeim stóra eru einn á móti 59,3 milljónum. Leikurinn gengur út á að finna fimm réttar tölur af fimmtíu, og tvær stjörnutölur af átta á leikspjaldinu. Nálgast má miða á sölustöðum Íslenskrar getspár og á lotto.is.

Fyrsti útdráttur er í dag eins og áður sagði og loka sölustaðir klukkan 18. - áá



**VONGÓÐUR** Stefán Konráðsson er framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár.



**HROSS KLJÁST** Herpes-hestaveira verður rannsökuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veitt leyfi til tíu ára:

# Erfðabreyttar örverur nýttar

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur gefið út leyfi til Háskóla Íslands fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Um er að ræða rannsóknir á mæði-visnuveiru og herpes-hestaveiru. Tilgangur rannsóknanna er annars vegar að rannsaka eðli og eiginleika mæði-visnuveirunnar og hins vegar að þróa bóluefni við sumarexemi í hrossum og til rannsókna á sýkiferli. Umsagnaraðilar voru Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur og Vinnueftirlitið. Starfsleyfið er veitt til tíu ára. - shá

Áheyrnarfulltrúi í bæjarráði:

# Þótti sér líkt við Göbbels

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ég mótmæli harðlega samlíkingu formanns bæjarráðs um að líkja mér við áróðursmálaráðherra nasista í seinni heimsstyrjöldinni, hún er honum til skammar,“ bókaði áheyrnarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar, Jón Jósef Bjarnason, á bæjarráðsfundi í Mosfellsbæ. Verið var að ræða byggingu hjúkrunarheimilis.



**HAFSTEINN PÁLSSON**

Hafsteinn Pálsson, formaður bæjarráðs úr Sjálfstæðisflokki, sagði ekki rétt að hann hafi líkt Jóni við umræddan ráðherra; Jósef Göbbels. „Hins vegar var um margítrekaðar fullyrðingar að ræða sem hann hefur ávallt fengið skýringar á að ekki eigi við rök að styðjast. Í ljósi þess að hann hafði þennan skilning á því sem ég hafði sagt bauð ég fram afsökunarbeiðni á orðum mínum sem hann ekki þáði,“ bókaði Hafsteinn. - gar

**BJÖRGUN**

## Sóttu vélsleðamann

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær slasaðan vélsleðamann í Veiðivötn. Maðurinn var handleggsbrotinn og með aðra áverka, þó ekki lífshættulega. Þar sem um langa leið hefði verið að fara fyrir björgunarsveitir var afráðið að senda þyrluna. Hún lenti í Reykjavík skömmu eftir kvöldmat í gærkvöld og var hinn slasaði fluttur á Landspítalann til aðhlynningar.


# Golf í Portúgal

## Nýr og spennandi áfangastaður í Algarve

**Ný vikuferð 7-14 apríl**

UPPSELT 14. - 24. apríl – 10 nætur

UPPSELT 24. apríl - 4. maí – 10 nætur

vita GOLF







## PENINA GOLF RESORT

Golf Resort í lúxusflokki á yndislegum stað, valið **besta Golf Resort í Portúgal árið 2012!**

18 holu Sir Henry Cotton keppnisvöllur og mjög skemmtilegur alvöru 9 holu Resort völlur og að auki 9 holu stuttur æfingavöllur.

**Verð frá 199.500 kr.***

**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann í tvíbýli í 7 nætur.

**Innifalið**: Flug, flugvallarskattar, akstur milli flugvallar og hótels, gisting í 7 nætur, morgun- og kvöldverðarhlaðborð, 1/2 flaska af húsvíni, bjór, vatn og kaffi með kvöldverði. Golf með golfkerru alla daga (háð brottfarar- og komutíma) á aðalvellinum og síðdegisgolf á 9 holu völlunum (ef rástími er laus), ein karfa af æfingaboltum á dag. Íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 209.500 kr.

TURISMO DE PORTUGAL algarve

„Voted Europe´s best golf destination by Today´s golfer“

Golfer TRAVEL AWARDS 2012

**Beint leiguflug með Icelandair**

**Golfsettið ferðast frítt**

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Allar nánari upplýsingar á www.vita.is/golflif

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 62865 01/13

LANDSFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR

# Ný forysta fer beint í baráttuna

**Nýr formaður tekur við Samfylkingunni á morgun sem og varaformaður. Kosningaáherslur munu skýrast á landsfundi sem hefst í dag. Úrslit í formannskjöri gætu haft áhrif á hver verður varaformaður. Áherslan verður á árangur í efnahagsmálum segir stjórnmálafræðingur.**

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Það skýrist á morgun hver munu leiða Samfylkinguna inn í kosningabaráttuna, en landsfundur flokksins hefst í dag. Raunar liggur þegar fyrir hver verður næsti formaður flokksins þar sem kosningu um það lauk á mánudaginn. Það verður hins vegar ekki gefið upp fyrr en klukkan 11.30 á morgun. Að því loknu kýs Samfylkingarfólk sér nýjan varaformann.

Það er ekki ofsögum sagt að fundurinn um helgina boði straumhvörf fyrir flokkinn. Kosið verður til Alþingis 29. apríl og auk forystuskipta bíður því fundarmanna að leggja línurnar fyrir kosningabaráttuna. Þar liggja sóknarfæri flokksins endilega ekki ljós fyrir.

### Hægri/vinstri lifir enn

Árni Páll Árnason og Guðbjartur Hannesson buðu sig fram til formanns. Pólitískt upphaf beggja var í Alþýðubandalaginu en Árni Páll er, hvort sem það er sanngjarnt eður ei, í almannarómi sagður hægra megin við Guðbjart. Það gæti skipt máli þegar til kosningabaráttunnar kemur.

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir úrslit formannskjörsins geta haft áhrif á ímynd flokksins í kosningum og það hver forgangsröðunin verði í stjórnarmyndunarviðræðum. Sé fyrrnefnd flokkun á frambjóðendunum rétt, sem hann geri ráð fyrir að sé, gæti kjör Árna Páls auðveldað flokknum að höfða til miðjufylgis, ekki á ósvipuðum slóðum og Björt framtíð stefni á.

„Ég geri ráð fyrir því að það sé allavega einhver slagur um kjósendur á milli Samfylkingar og Bjartrar framtíðar og formannskjörið gæti haft einhver áhrif á hann. Varðandi ríkisstjórn hugsa ég, án þess að ég hafi neitt sérstaklega skýrt fyrir mér í því, að Árni Páll mundi fyrr koma að þeim möguleika að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum en Guðbjartur.“

### Áhersla á árangurinn

Gunnar Helgi segir að vígstaða flokksins fyrir komandi kosningabaráttu sé ekki einföld og hún hafi ýmis erfið mál á bakinu.

„Til dæmis þennan Icesave-dóm. Ég er reyndar ekki viss um að hann verði mjög fyrirferðarmikill í kosningabaráttunni, en hann er náttúrulega ekki hagstæður flokknum. Þá bakkaði hún aðeins í Evrópumálum fyrir Vinstri grænum. Einhverjir munu verða sárir yfir því og þá væri Björt framtíð sennilega valkostur þeirra. Þeir eiga hins vegar ekki mjög marga kosti í íslensku flokkakerfi þannig að það er ekki víst að það skaði flokkinn sérstaklega mikið.“



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Gunnar Helgi segir að stjórnarskrármálið hafi ekki reynst Samfylkingunni það óumdeilda og þægilega mál sem hún vonaðist til. Það sé mun flóknara en svo.

„Það sem Samfylkingin mun þurfa að gera út á er fyrst og fremst árangur stjórnarinnar. Hún mun rifja upp að hún hafi tekið við hræðilegu búi og skelfingarsögu uppgangstímans og hrunsins, með hennar orðum, og segja: Við tókum við öllu í kaldakoli og erum að byggja upp og höfum náð feikilega góðum árangri í samvinnu við alþjóðlega aðila og svo framvegis.

Það er það upplegg sem við blasir, að leggja áherslu á að þrátt fyrir allt hafi Samfylkingin staðið vörð um velferðarkerfið.“

### Rétta samstæðan valin?

Katrín Júlíusdóttir og Oddný G. Harðardóttir hafa tilkynnt um framboð til varaformanns. Bæst gæti í þann hóp, þar sem hægt er að bjóða sig fram á fundinum sjálfum.

Margir heimildarmenn Fréttablaðsins nefndu það að úrslit í formannskjörinu myndu hafa áhrif á varaformannskjörið. Þannig finnst sumum það ekki ganga að hafa formann og varaformann úr sama kjördæminu, líkt og Árni Páll og Katrín eru, eða bæði af landsbyggðinni, líkt og Guðbjartur og Oddný.

Þá hefur það verið nefnt að hugmyndafræðileg breidd næðist best með Árna Páli og Oddnýju annars vegar og Guðbjarti og Katrínu hins vegar. Gunnar Helgi segist telja að margir á fundinum hugsi á þann hátt, að vilja stilla upp forystu sem sýni sem mesta breidd flokksins.

Hvernig sem allt fer má segja að eftir helgi verði kosningabaráttan hafin; ný forysta tekin við keflinu og áherslumálin skýrari en áður.



**KVEÐJA** Jóhanna Sigurðardóttir og Dagur B. Eggertsson stíga bæði til hliðar á morgun. Eftirmanna þeirra bíður að leiða flokkinn inn í erfiða kosningabaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Í hvaða átt mun flokkurinn fara?

Gunnar Helgi segir það geta haft áhrif á ímynd Samfylkingarinnar í kosningabaráttunni hvor verði formaður, Árni Páll eða Guðbjartur. „Þetta hefur verið túlkað þannig að Árni Páll sé hægra megin og Guðbjartur vinstra megin,“ segir hann. Hann segir mjög líklegt að þetta sé síðasta tækifæri Guðbjarts til að keppa um formanninn, meðal annars vegna aldurs hans. Tapi hann verði hann varla formaður síðar. Tapi Árni Páll hins vegar sé erfiðara að segja um framtíð hans. „Hann ætti náttúrulega vísan ráðherrastól ef Samfylkingin yrði í ríkisstjórn, það mundi kannski nægja honum.“



### VINNUM SAMAN HVERNIG SEM FER

**Guðbjartur** segist ekki hafa hugmynd um hvernig formannskjörið fari og frambjóðendur muni bíða tilkynningar um það í salnum eins og aðrir fundarmenn. En er hann bjartsýnn? „Bæði og, ég held að þetta verði mjög tvísýnt. Ég bíð niðurstöðunnar bara og verð með tvær ræður tilbúnar í vasanum.“

Breytir mögulegt tap einhverju um þína stöðu í flokknum? „Nei, ekki að mínu mati. Við gáfum flokksmönnum kost á því að velja og höfum báðir lofað því að vinna áfram af fullum krafti hvernig sem fer.“



### HEF GERT ÞAÐ SEM ÉG GET GERT

**Árni Páll** segist sáttur mjög ánægður með kosningabaráttuna og hefði ekki viljað gera neitt öðruvísi. Nú líði honum eins og eftir að hafa klárað próf; hann hafi gert það sem hann geti gert og bíði niðurstöðunnar. „Ég er mjög sáttur við það hvernig ég hélt á málum og hvernig ég setti málin fram. Ég ákvað frá byrjun að setja fram sýn um það hvernig samfélagið og flokkurinn þyrftu að þróast og ég stóð við það allt til enda.“

Breytir mögulegt tap einhverju um þína stöðu í flokknum? „Ég svara aldrei ef-spurningum en það er nýbúið að kjósa mig sem oddvita í stærsta kjördæmi landsins og í því felst auðvitað að maður er í forystusveitinni.“

## → Rætt um ásýnd forystunnar

„Þetta leggst bara vel í mig. Ég held að ég eigi góða möguleika og finn fyrir góðum stuðningi,“ segir **Oddný G. Harðardóttir**, sem gefur kost á sér til varaformanns. Hún segist hafa orðið vör við að flokksmenn velti fyrir sér hvernig best sé að para saman formann og varaformann.

„Ég hef heyrt margar útgáfur. Sumir segja að það sé meiri breidd í því að ég verði varaformaður ef Árni Páll verður formaður og aðrir segja að það sé bara gott að hafa tvo landsbyggðarmenn, Guðbjart og mig. Enn aðrir segja þetta svo engu máli skipta. Þetta getur hins vegar haft áhrif á hver úrslitin verða, þar sem þó nokkuð er um þetta rætt. Menn tala þó ekki einum rómi en velta kannski ásýnd og ímynd forystunnar fyrir sér.“

Breytir mögulegt tap einhverju um þína stöðu í flokknum? „Nei, það breytir engu. Ég fer í kosningabaráttu eins og aðrir Samfylkingarmenn og landsmenn reyndar allir.“



## → Snýst um hvernig við vinnum

**Katrín Júlíusdóttir** segir að framboð sitt til varaformanns hafi mælst vel fyrir og hún fengið mikla hvatningu. Kosningin leggist því vel í hana. Hún vill ekki gefa mikið fyrir hugleiðingar um það að úrslit í formannskjöri muni hafa áhrif á val á varaformanni; öll séu þau ólíkir einstaklingar sem hver hafi sitt fram að færa.

„Það er ekki með einföldum hætti hægt að draga upp þá mynd að ef þessi karl vinnur þá passi þessi kona ekki við hann. Svoleiðis skýringar eru ekki í boði, menn verða að vera málefnalegri en það. Hvað þá staðreynd að við Árni Páll komum úr sama kjördæmi varðar þá höfum við í Samfylkingunni aldrei kosið eftir heimilisfangi,“ segir Katrín og bendir á að í tæp tíu ár hafi formanna- og varaformannaparið alltaf komið úr Reykjavík. „Þetta snýst um það hvernig við vinnum og fyrir mér er allt landið undir í öllu því sem ég geri.“

Breytir mögulegt tap einhverju um þína stöðu í flokknum? „Það mundi náttúrulega breyta því að ég yrði ekki varaformaður en nei, það breytir engu. Ég held þá bara áfram að gera það sem ég hef verið kjörin til að gera; að sinna þingstörfum af þeirri alúð sem ég get.“







jura®

Kaffivélar fyrir skrifstofur og mötuneyti

Fullkomið kaffi, espresso, cappuccino eða latté macchiato með einni snertingu.

Tilboð

Tilboðsverð kr. 276.675 m.vsk.
Verð frá kr. 325.500 m.vsk.

SWISS MADE

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# VERÐIÐ ER BETRA EN VEÐRIÐ



Rúðuskafa kr.

**190**

Rúðuvökvi -18°C 4 lítrar

**690**




Hálkusalt 5 kg

**490**




Deka Tjöru- og olíuhreinsir 4 lítrar

**1.690**




S805-2Y 110cm ál snjóskófla

**1.790**



S805-10D 135cm ál snjóskófla

**2.390**



Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w

**4.490**



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa

**6.990**



Rúðuskafa með bursta

**490**



Skóbakkar, tilvalið á heimilið eða í bílinn

**990**



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 61975 01/13



**Það eru turnlaga byggingar á fleiri stöðum en í Skuggahverfinu**
Auðvitað er hægt að njóta þess á lygnu kvöldi að rölta eftir Sæbrautinni, horfa út á Sundin eða virða fyrir sér Hörpu í öllum regnbogans litum. En Manhattan er líka freistandi, þessi magnaði staður í miljónaborg þar sem gefst tækifæri til að kynnast lífinu í öllum þess margbreytileik. Ingólfur hefði örugglega hugsað sig um tvisvar ef honum hefði boðist að velja á milli árið 874.

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.




+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

Icesave hefur afleiðingar þótt sigur hafi unnist:

# Grýla er ekki dauð

Viðbrögð við Icesave-dómnum hafa verið áhugaverð. Margir þeirra sem börðust gegn samningaleiðinni telja hann færa þeim einhvers konar glaðhlökkunarvald yfir hinum sem mátu stöðuna öðruvísi. Í Þórðargleði sinni fullyrða þeir að þessir eða hinir hafi reynt að „hengja á þjóðina hundruð milljarða í erlendum skuldbindingum“ og hika ekki við að ásaka náungann um föðurlandssvik eða landráð.

Á hinn bóginn var uppi sú staða að sitjandi ríkisstjórn hafði í raun meiri pólitíska hagsmuni af því að tapa málinu en að vinna það, eins sérkennilega og það hljómar. Yfirdrifin líkamleg gleði utanríkisráðherrans þegar sigurinn vannst breytir þar engu um. Stundum ganga veðmál upp. Ísland lagði allt undir og vann. Því ber að fagna og augljóst er í ljósi niðurstöðunnar að stöðumat þeirra sem vildu semja var rangt þegar upp var staðið. Það er samt fjarstæðukennt að halda fram þeirri fullyrðingu að Jóhanna, Steingrímur, Bjarni eða hinir sem tilheyra þeim 40 prósentum kjósenda sem sögðu já við síðasta Icesave-samningi hafi gert það af illum ásetningi. Allt þetta fólk greiddi atkvæði með hagsmuni Íslands í huga.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Sérkennilegustu viðbrögðin eiga þó Björgólfsfeðgar, fyrrum aðaleigendur Landsbankans og þar af leiðandi Icesave. Sá eldri sagði að Icesave-málinu hefði verið „beitt sem vopni til að ná tökum á fólki og hefur haldið því í herkví“. Sá yngri sagði: „Grýla gamla er loksins dauð.“ Hann hélt áfram og sagði: „Eru menn núna reiðubúnir að skoða hverjir það voru, sem sáu sér hag í að vekja skelfingu hjá þjóðinni, í stað þess að segja sannleikann um Landsbankann og stöðu hans?“

Segjum sannleikann um Landsbankann og stöðu hans. Hann stofnaði til, með samþykki stærstu eigenda sinna, Icesave-netreikningana. Afleiðingar þessa hafa án nokkurs vafa valdið Íslandi skaða þótt dómsmálið hafi unnist. Og þótt Landsbankinn muni geta greitt innstæðueigendum peningana sína til baka er það engin staðfesting á því að í lagi hafi verið með þann banka.

Almennir kröfuhafar munu nefnilega einungis fá nokkur prósent upp í kröfur sínar. Á meðal þeirra er Seðlabanki Íslands. Kröfur hans eru vegna hinna svokölluðu ástarbréfaviðskipta. Alls sat Seðlabankinn uppi með um 127 milljarða króna af bréfum útgefnum af Landsbankanum vegna þess ævintýris, sem lítið fæst upp í. Auk þess þurfti ríkissjóður að leggja nýja Landsbankanum til 122 milljarða króna í eigið fé og ein stærsta endurgreiðsluógn sem steðjar að þessari þjóð eru þeir 300 milljarðar króna sem nýi Landsbankinn á að greiða þrotabúi þess gamla fram til 2018. Þeir eiga nefnilega að greiðast í erlendum gjaldeyri sem Landsbankinn á ekki til.

Það var margt rangt gert í Icesave-málinu. En við skulum ekki blekkjast til að halda að þetta vandamál sé í grunninn neinum öðrum að kenna en þeim sem bjuggu það til. Íslenska þjóðin er sannarlega enn í herkví afleiðinga bankahrunsins. Við ráðum ekki við þær endurgreiðslur lána sem fram undan eru á næstu árum, gjaldeyrishöft skerða efnahagsbata og lífsgæði, verðbólga er viðvarandi og erlend fjárfesting er nánast engin. Þá er sálrænn skaði þjóðar sem Icesave-deilur hefur rifið í sundur ekki mælanlegur í krónum og aurum. Grýla gamla er sannarlega ekki dauð, jafnvel þótt foreldrar hennar reyni að afneita henni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gassalegir Grafarvogsbúar

Sigurður Hjartarson er formaður Sjálfstæðisfélagsins í Grafarvogi. Hann hefur verið í fréttum síðustu daga eftir að hann lýsti því yfir á borgarafundi að hann liti á Jón Gnarr borgarstjóra og hans fólk sem hyski og sagðist undrast að þau treystu sér yfir höfuð til að koma í Grafarvoginn. Svo fór að Sigurður baðst afsökunar á óheppilegu orðfæri. Ekki er langt síðan Sjálfstæðisfélagið í Grafarvogi komst í fréttirnar fyrir gassaskap, en í desember fór á flot mynd þar sem andlitum Steingríms J. Sigfússonar, Ögmundar Jónassonar og Helga Hjörvar hafði verið skeytt inn á mynd af herskáum talibönum. Grafarvægskir Sjálfstæðismenn eru greinilega farnir að brýna kutana.



### Orðabókin hefði bjargað

Það er gott að Sigurður baðst afsökunar, fyrst honum fannst hann ganga of langt. Hann hefði hins vegar getað skýlt sér á bak við orðabókina, en hyski þýðir þar, auk illþýðis, fjölskylda eða heimilisfólk. „Ég lít á ykkur sem hyski,“ var því kannski bara falleg yfirlýsing um samheldni fjölskyldunnar?

### Aptur skalt í iður fara

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, var ósáttur við fyrrum kollega sinn, Ásmund Einar Daðason, sem hafði sakað Árna um að reyna að koma Icesave-samningunum óséðum í gegnum Alþingi. Hann mótmælti þessu í ræðustól, sagði ummælin rógburð og illmælgi og vísaði þeim „aftur í þau iður úr hverjum þau eru runnin“. Segið svo að orðkynngi sé horfin úr sölum Alþingis. Ætli Árni Þór sé ákvæðaskáld?



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Betra skipulag

SKIPULAG



**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Skipulagsmál eru mikilvægur málaflokkur sem hefur mikla þýðingu fyrir lífsgæði almennings. Ákvarðanir um skipulag fela í sér ákvarðanir um framtíðarnotkun lands, hvernig byggð og landnotkun eigi að þróast til langs tíma, hvernig umhverfi íbúanna eigi að vera og hvernig það samfélag sem á að byggja upp muni líta út.

Haustið 2010 samþykkti Alþingi ný skipulagslög og nú í vikunni tók gildi skipulagsreglugerð á grundvelli nýrra laga. Framsetning á reglugerðinni er einfaldari og skýrari en á þeirri sem hún leysir af hólmi, auk þess sem nokkur nýmæli eru í reglugerðinni. Hér nefni ég fjögur slík dæmi, sem sýna ágætlega hvernig skipulag getur mótað samfélag til hins betra.

Í fyrsta lagi er aukin áhersla á að sjónarmið almennings komi fram við gerð skipulagsáætlana og eins snemma í ferlinu og unnt er. Þetta er í samræmi við aukna aðkomu almennings að stefnumótun og endurspeglar hversu miklu ákvarðanir um skipulagsmál varða almenning.

Í öðru lagi eru skilgreindir fleiri landnotkunarflokkar en áður. Þannig er nú hægt að skilgreina varúðarsvæði umhverfis starfsemi sem getur haft skaðleg áhrif á heilsu og öryggi manna. Þá hafa strandsvæði verið sérstaklega skilgreind m.a. til að gera sveitarfélögum hægara um vik að vernda strandlengjuna og bæta aðgengi almennings að henni.

**➜ Miklu skiptir að takist vel við skipulag, enda er þar lagður grunnur að umhverfi komandi kynslóða.**

Í þriðja lagi eru felldar út lágmarkskröfur um fjölda bílastæða. Sveitarfélög geta komið bílastæðakröfum þannig fyrir í aðalskipulagi að svigrúm sé veitt til þéttingar byggðar, sem leiðir hvort tveggja í senn til sjálfbærari landnotkunar og eflingar almenningssamgangna.

Í fjórða lagi er hverfisskipulag skilgreint í reglugerðinni, sem tegund deiliskipulags fyrir hverfi sem þegar hafa verið byggð. Með því má greina hver séu helstu gæði viðkomandi hverfis, hvað helst eigi að varðveita af yfirbragði þess og hverju megi breyta. Slík skipulagsvinna á eflaust erindi í fjölda hverfa, enda stór hluti þéttbýlis kominn á þann aldur að þar sé ástæða til að varðveita byggingarsöguna.

Fleira mætti telja til en meginefnið er það að með nýrri reglugerð er lögð áhersla á betra vinnulag við skipulagsgerð. Miklu skiptir að takist vel við skipulag, enda er þar lagður grunnur að umhverfi komandi kynslóða.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Klám fjölgar ekki nauðgunum

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



> Alls staðar var niðurstaða rannsókna sú sama: Samhliða sprengingu í aðgengi fólks að klámi fækkaði nauðgunum og öðrum kynferðisafbrotum.

## LAGALEG STAÐA KLÁMS Í HEIMINUM




Myndin með þessari grein sýnir lagalega stöðu kláms víða um heim. Ísland er þar í flokki með löndum á borð við Kúbu, Kína, Norður-Kóreu og harðstjórnarríki Mið-Austurlanda. Það er vandamál.

Vandamálið er því ekki, eins og sumir nú halda fram, að það sé „ekki farið eftir lögunum“. Vandamálið er lögin sjálf. Látum ritskoðunarvinkilinn bíða að sinni. Sú umræða sem Ögmundur Jónasson og félagar reyna nú að starta byggir meðal annars á eftirfarandi röksemdafærslu: „Fullt af fólki horfir á klám. Klám hvetur til kynferðisofbeldis. Ef klám yrði minna aðgengilegt myndi kynferðisglæpum fækka. Þess vegna á klám að vera bannað.“

Svo vill til að fjölmörg ríki bönnuðu eitt sinn klám en gera það ekki lengur. Danir afnámu bannið til dæmis árið 1967. Slíkar lagabreytingar gera mönnum kleift að rannsaka hvaða áhrif frjálslyndari klámlöggjöf hefur haft á tíðni kynferðisafbrota. Enda hefur það verið gert.

### Niðurstaðan sú sama

Rannsóknir danska vísindamannsins Berls Kutchinsky frá 1991 á tengslum kláms og kynferðisofbeldis í Danmörku, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum sýndu að í engum umræddra ríkja jókst tíðni kynferðisafbrota þrátt fyrir mikla aukningu kláms í umferð. Þessar rannsóknir hafa verið endurteknar í fleiri löndum, til dæmis Japan, Suður-Kóreu, Sjanghæhéraði í Kína, Finnlandi og Króatíu (sjá Diamond o.fl.) Alls staðar var niðurstaða rannsókna sú sama: Samhliða sprengingu í aðgengi fólks að klámi fækkaði nauðgunum og öðrum kynferðisafbrotum.

Tökum Tékkland sem dæmi. Á tímum kommúnismans ráku tékkóslóvakísk stjórnvöld afar púritanska stefnu í þessum málum. Eftir hrun járntjaldsins var klám leyft. Tilkynntum nauðgunum fjölgaði árið 1989, en raunar ekki nærri jafnmikið og öðrum glæpum það ár. Síðan þá hefur talan legið niður á við ár frá ári og tilkynntar nauðganir voru mun færri árið 2007 en árið 1974. Þetta kemur fram í greininni „Pornography and Sex Crimes in the Czech Republic“ eftir Diamond, Jozifkova og Weiss sem birt var í Archives of Sexual Behaviour árið 2011.

Auðvitað þarf þetta ekki að segja allt. Einn vandi í rannsóknum á kynferðisafbrotum er samanburður sem getur verið erfiður. Til dæmis, þótt sexfalt fleiri nauðganir séu tilkynntar til lögreglu á Íslandi en í Tékklandi (sem er staðreynd) gæti skýringin verið sú að tékkneskir þolendur nauðgana kæri síður.

Það mætti því alveg eins reyna að setja fram þá tilgátu að klám HEFÐI fjölgað nauðgunum í Tékklandi, og öðrum löndum í þessum rannsóknum, en konur kærðu þær síður. En augljóst er að það stenst ekki. Í flestum löndum Mið- og Austur-Evrópu ríkti margfalt meiri þöggun í þessum málaflokki á meðan löndin bjuggu við einræði en nú. Allt bendir því til að lögleyfing kláms hafi hvergi, hvorki í Tékklandi, í Danmörku né annars staðar, fjölgað kynferðisglæpum.

### Kúgun og þöggun

Flestar vísbendingar benda raunar til hins gagnstæða. Og miðað við heimskortið sýnist mér frekar að klámbönn séu birtingarmynd kúgunar kvenna og þöggunar í kynferðismálum en hitt.

Það eru vitanlega aðrir vinklar á klámumræðuna en þeir hvaða áhrif (jákvæð eða neikvæð) klám kunni að hafa á þá sem á það horfa og samfélagið í heild sinni. Einn snýr auðvitað að þeim sem koma fram í klámmyndum. Jafnvel argasti talsmaður málfrelsis myndi ekki telja það falla undir málfrelsi að brjóta á fólki og sýna það á netinu. Umræðan má líka alveg snúast um það. En málið nú snýst ekki um að loka á þær ákveðnu síður sem sannarlega sýna efni þar sem brotið er á fólki.

Málið snýst um að banna allt efni af ákveðinni gerð. Í raun bara vegna þess að það ofbýður velsæmi sumra.

Miðað við þær rannsóknir sem fyrir liggja er raunar aðeins eitt rökrétt skref í stöðunni: Að afnema þá grein hegningarlaganna frá 1941 sem kveður á um að birting, sala eða dreifing á klámefni skuli varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Það ætti að lita Ísland með réttum lit. En ætli það komi ekki í hlutverk næsta innanríkisráðherra að leggja það til.

SÍÐASTI DAGURINN!

ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI

1.390 kr.kg.

Eigum til fullt af Lúðu, Laxaflökum, marineruðum Laxasteikum, Þorskhnökkum, Löngu og Keilusteikum, Saltfiskhnökkum og að sjálfsögðu Bláskel fyrir skemmtilega og „ódýra heilsuhelgi“



Styðjið okkur í að lækka vöruverð til ykkar með því að láta sjá ykkur og versla ódýran fisk í heilsuvikunni okkar.

OPIÐ LAUGARDAG 10-15

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Vandi sem er ekki til

LANDAKAUP



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri segir í leiðara Fréttablaðsins 30. janúar mig vilja smíða lög utan um vanda sem ekki sé til. Þar vísar hann í lagafrumvarp sem ég hef látið gera með það fyrir augum að takmarka landakaup útlendinga á Íslandi og er það í samræmi við þá stefnu sem ég hef margoft gert grein fyrir að halda beri eignarhaldi á landi innan íslensks samfélags. Slíkt sé enn mikilvægara nú en áður en auðlindalöggjöfin var samþykkt illu heilli árið 1998 þar sem eignarhald á auðlindum, þar með vatni, var bundið eignarhaldi á landi.

Með öðum orðum, sala á landi er sala á grunnvatni. Af þessu hefur Ólafur engar áhyggjur og segir lagabreytingar mínar mundu auk þess stuðla „að lækkun á verði fasteigna með því að minnka hóp hugsanlegra kaupenda. Það er ekki núverandi eigendum í hag“.

Ólafur vitnar í ummæli mín í fjölmiðlum um að landakaup auðmanna geti valdið héraðsbresti. Hið sama gerir Sif Sigmarsdóttir rithöfundur í grein á leiðaraopnu í sama blaði: „Ögmundur Jónasson hefur síðustu daga farið mikinn í tilraunum sínum til að selja frumvarp sem hann vinnur nú að og á að banna erlendum ríkisborgurum að kaupa jarðir á Íslandi. Hann segist vera að bregðast við þróun sem sé að eiga sér stað hér á landi. „Það sem er að gerast er að erlendir auðmenn eru að safna hér jörðum – kaupa jarðir – og leggja byggðarlögin í rúst.“ Sannleikurinn er hins vegar sá að útlendingar eiga aðeins hluti í 101 jörð á Íslandi af þeim ríflega 7.600 sem skráðar eru í fasteignaskrá. Sveitarstjórar sem fréttamenn Sjónvarpsins ræddu við í kvöldfréttum í fyrrakvöld könnuðust jafnframt ekki við lýsingar innanríkisráðherra um afleiðingar jarðakaupa þessara fáu útlendinga.“

### Gull 21. aldar

Ég verð að játa að ég varð svolítið hissa að heyra afdráttarlausar yfirlýsingar sumra sveitarstjórnarmanna um þessi efni því orð mín voru ekki úr lausu lofti gripin. Ég hef setið fundi þar sem sveitarstjórnarmenn lýstu því yfir að þar sem auðmenn keyptu jarðir þar sem áður var búskapur, en til þess eins að eiga þær, þá vildi brenna við að dofnaði svo mjög yfir samfélaginu að til mikilla vandræða horfði. Minnist ég þess að á einum slíkum fundi var orðalagið viðhaft sem ég notaði í fréttum. Ég lét þess hins vegar getið í fréttatímum að hér væri fyrst og fremst um að ræða vísbendingar í þessa átt. Þann vanda sem Ólafur telur engan vera, verður að skoða með hliðsjón af langtímaþróun. Við þurfum nefnilega að fara að líkt að og Kínverjar, að temja okkur að hugsa langt fram í tímann, ekki síst þegar gull 21. aldarinnar, drykkjarvatnið, er annars vegar.

**➜ Með öðrum orðum, sala á landi er sala á grunnvatni.**

### Verðsprenging ekki til góðs

Varðandi ábendingar ritstjórans um fasteignaverð. Ég leyfi mér að fullyrða að fjárfestingar auðmanna í bújörðum hafi verið til ills, þrýst verðinu upp fyrir kaupgetu venjulegra Íslendinga. Þess eru ófá dæmi um að afkomandi bónda sem er að bregða búi vilji kaupa systkini sín út en ráði ekki við það vegna söluverðsins eða þá að auðkýfingar setji verðið upp.

Að sjálfsögðu eru þeir ekki síður innlendir en erlendir. En mér finnst ástæða til að geta þessa í ljósi framangreindra ummæla ritstjórans um ágæti verðsprengingar á fasteignamarkaði.

# Viltu lækka húsnæðislánið þitt um 45%?

FJÁRMÁL



Kjartan Örn Kjartansson
fyrrverandi forstjóri

Þessi spurning er ekki út í hött. Þetta er hægt án þess að það kosti mikið. Galdrar, sjónhverfingar eða bölvuð vitleysa? Nei, það er til lausn sem gerir þetta að veruleika. Hægri grænir, flokkur fólksins, hefur undanfarin tvö ár gert lausn á skuldavanda heimilanna að forgangsmáli sínu. Aðrir aðilar eru sem betur fer loksins farnir að ranka við sér og sjá og skilja lausn Hægri grænna.

Seðlabankinn þarf að stofna sérstakan sjóð, sem myndi kaupa öll verðtryggð húsnæðislán fólks og skuldbreyta þeim með því að gefa út ný skuldabréf á föstum óverðtryggðum vöxtum til allt að 75 ára til þess að fólk geti stillt greiðslubyrðina við getu sína.

Sjóðurinn innheimtir síðan þessi nýju bréf, en það er búið að reikna það út að það tæki sjóðinn aðeins um níu ár að ná jafnvægi og eftir það færi hann í hagnað, sem færi til ríkissjóðs.

Það næst með því að sjóðnum yrði lánað á 0,01% vöxtum, en að hann innheimti 7,5% óverðtryggða vexti. Lánardrottnum yrðu borguð öll gömlu bréfin út og fengju þeir þannig allt sitt til baka.

Í grunninn er það vaxtamismunurinn sem greiðir upp leiðréttinguna.

### Um 45% lækkun

Það fer eftir því hvenær viðkomandi lán var tekið, en með því að taka verðtrygginguna af og miða við 1. nóvember 2007, þegar MiFID-lögin um ólögmæti verðtryggingarinnar á húsnæðis- og neyslulánum einstaklinga voru samþykkt, væri lækkunin um 45% en hlutfallslega minni ef lánin voru tekin síðar.

Hægri grænir ætla að setja á neyðarlög og koma þessu á um leið og flokkurinn kemst til áhrifa.

### Reynd aðferð – Gengur upp

Bandaríkjamenn fóru þessa leið til þess að bjarga húsnæðisjóðum sínum þegar kreppan skall á. Hún skilaði sér fullkomlega, svo hér er ekki verið að finna upp hjólið. En margir spyrja, hvaðan kemur féð? Svarið er einfalt. Það myndast með vaxtamismun. Fé út, fé inn, tíminn greiðir kostnaðinn. Ríkissjóður leggur ekkert fram og allir fá sitt. Þetta heitir á fagmáli hagfræðinga magnbundin íhlutun.

Verðtryggingin hefur verið ólögleg síðan Alþingi samþykkti MiFID-reglugerðina sem lög 01.11.2007, eins og áður sagði. Samt hafa ríkisstjórnir ekkert gert til þess að fara eftir lögum landsins, heldur staðið fast að baki lánastofnunum og fjármagnseigendum, sem hafa blóðmjólkað almenning. Og það furðulega er, að stjórnarandstaðan hefur ekkert gert og hefur engar lausnir enn til þess að hjálpa fólki. Það þarf því að kjósa XG, Hægri græna sterkt í vor til þess að leiðréttingin verði framkvæmd og jafnframt þarf að refsa þeim, sem hafa látið það viðgangast að níðst sé á fólki.

**➜ Seðlabankinn þarf að stofna sérstakan sjóð, sem myndi kaupa öll verðtryggð húsnæðislán fólks og skuldbreyta þeim…**






**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Þögnin er versti óvinurinn

BARNAVERND



**Guðbjartur Hannesson**
velferðarráðherra

Mikill fjöldi mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum, gömul brot og ný, hefur borist lögregluyfirvöldum frá því að Kastljós tók til umfjöllunar málefni einstaklings sem á að baki langa sögu um slík brot. Það er eins og stífla hafi brostið. Fólk á öllum aldri, sem margt hefur lengi borið harm sinn í hljóði, treystir sér nú loks til að segja sögu sína og varpa þannig af sér sligandi byrði sem enginn á að þurfa að bera, hvorki barn né fullorðinn, og alls ekki einn. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem opinber umfjöllun og viðtöl við þolendur kynferðisofbeldis vekja upp umræðu og verða öðrum hvatning til að segja frá sambærilegri reynslu. Vakningin nú virðist þó sterkari en nokkru sinni. Samfélagið og stofnanir þess eiga að nýta sér þessa vakningu til að efla og bæta aðgerðir til að vernda börn gegn þessum hræðilega glæp.

Nýlega var skipaður samráðshópur á vegum stjórnvalda til að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi, treysta burði réttarvörslukerfisins til að koma lögum yfir kynferðisbrotamenn, tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota og stuðla að markvissum forvörnum. Hópurinn á að skila tillögum um aðgerðir og lagabreytingar sem kunna að vera nauðsynlegar fyrir lok mars næstkomandi. Verkefni hópsins eru mikilvæg og leiða vonandi til margvíslegra úrbóta, því eins og dæmin sanna er margt sem þarf að bæta til að vernda börn gegn kynferðislegri misbeitingu og misnotkun.

### Skipulag barnaverndarstarfs

Þótt kerfislegar úrbætur kunni að vera nauðsynlegar skulum við hafa hugfast að barnaverndarstarf á sér langa sögu og umgjörð þess hefur styrkst verulega í áranna rás. Réttur barna til verndar og umönnunar er skýr í barnaverndarlögum og þar er gerð nákvæm grein fyrir skipulagi barnaverndarstarfs, skyldum og ábyrgð einstakra aðila sem hlutverki hafa að gegna á þessu sviði. Yfirstjórn barnaverndarmála er í velferðarráðuneytinu en Barnaverndarstofa, sem er sjálfstæð stjórnsýslustofnun, annast meðal annars samhæfingu barnaverndarstarfs í landinu og gegnir afar veigamiklu hlutverki á þessu sviði. Barnahús er samstarfsvettvangur stofnana sem ber ábyrgð á rannsókn og meðferð vegna kynferðisofbeldis gegn börnum. Tilvísanir til Barnahúss berast frá barnaverndarnefndum. Barnaverndarnefndir starfa um allt land á vegum sveitarfélaga og það eru þær sem eru í beinu sambandi við börn og fjölskyldur þeirra þegar nauðsynlegt er að veita aðstoð eða grípa inn í aðstæður þegar grunur leikur á að velferð barna sé í hættu. Barnaverndarnefndir gegna því lykilhlutverki á sviði barnaverndar.

### Börn eiga alltaf að njóta vafans

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar hafi þeir ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða sé vanrækt á einhvern hátt. Þetta er skýrt í barnaverndarlögum og snýr að okkur öllum. Þá er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu ákveðinna starfsstétta til barnaverndarnefnda, en þetta eru leikskólastjórar, leikskólakennarar, dagmæður, skólastjórar, kennarar, prestar, læknar, tannlæknar, ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfar, náms- og starfsráðgjafar og þeir sem annast félagslega þjónustu eða ráðgjöf. Skylda þessara hópa er mjög rík og gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Loks er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu í barnaverndarlögunum. Neyðarlínan, sími 112, tekur við símtölum vegna tilkynninga og vísar þeim áfram til hlutaðeigandi barnaverndarnefnda.

Hjá barnaverndarnefndum starfar fagfólk sem hefur þekkingu og reynslu til að bregðast við málum sem tilkynnt er um og ýmis úrræði til að takast á við þau þannig að börnin fái nauðsynlega vernd og fjölskyldan viðeigandi aðstoð. Mikilvægt er að allir virði tilkynningarskyldu sína og láti vita hafi þeir grunsemdir um að velferð barna sé í hættu. Það er forsenda þess að barnaverndarnefndirnar geti rækt skyldur sínar. Fólk kann að veigra sér við því að tilkynna grunsemdir um brot gegn börnum með það í huga að í því geti falist ásökun á hendur einhverjum sem mögulega reynist röng. Við skulum hins vegar snúa þessu við. Hvernig skyldi þeim líða sem lætur undir höfuð leggjast að tilkynna grunsemdir um alvarlegt brot gegn barni ef síðar kemur í ljós að barnið sem átti í hlut hefur sætt kynferðislegu ofbeldi um langa hríð sem annars hefði verið hægt að stöðva?

**➜ Kynferðisbrot gegn börnum er samfélagsmein sem krefst margvíslegra aðgerða svo árangur náist.**

### Mikilvæg vitundarvakning

Í samræmi við ákvæði samnings Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu gagnvart börnum hafa íslensk stjórnvöld ýtt úr vör átaki til vitundarvakningar með það að markmiði að fræða börn og starfsfólk grunnskóla um eðli og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis og að skólar séu í stakk búnir til að bregðast við ef börn sýna þess merki að hafa orðið fyrir ofbeldi.

Kynferðisbrot gegn börnum er samfélagsmein sem krefst margvíslegra aðgerða svo árangur náist. Samfélagið allt þarf að vera meðvitað um vandann því í þessum erfiðu málum er þögnin versti óvinurinn. Þess vegna er vitundarvakning nauðsynleg. Við verðum að geta talað um þessi mál. Foreldrar þurfa að geta frætt börnin sín þannig að þau viti að ákveðin hegðun fullorðinna í þeirra garð er röng. Börn verða að vita að þau mega og eiga að segja frá ef þeim er misboðið á einhvern hátt og hafa vissu fyrir því að á þau sé hlustað.

Við berum öll ábyrgð og verðum að axla hana.

# Valdníðsla

DÓMSMÁL



**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**
hæstaréttarlögmaður

Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 429/2012 var X, sem starfar sem lögreglumaður, sýknaður af kynferðisbroti sem átti að hafa gerst í maí 2010 á Blönduósi. Þegar X hugðist mæta til starfa á nýjan leik í desember 2012 á grundvelli ákvörðunar ríkislögreglustjóra þess efnis tilkynnti lögreglustjórinn á Blönduósi X að ekki væri við hæfi að hann kæmi til starfa við embættið þar sem rannsókn væri hafin á öðru broti X sem varðaði við almenn hegningarlög. Lögreglustjórinn á Blönduósi neitaði hins vegar alfarið að upplýsa X og lögmann hans um sakarefnið.

Sakarefnið skýrðist fyrst við skýrslutöku af X um miðjan desember 2012, en þá kom í ljós að um var að ræða atvik sem átti að hafa gerst í mars 2010 á Skagaströnd eða um svipað leyti og atvikið á Blönduósi. Atvikalýsing í báðum málunum er nánast samhljóma en meintur brotaþoli í síðara tilvikinu er kona á þrítugsaldri. Við skýrslutöku hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í maí 2010 vegna atvikisins á Blönduósi var X spurður undir rós um hið meinta atvik á Skagaströnd.

Nú liggur fyrir að lögreglustjórinn á Blönduósi, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og ríkissaksóknari höfðu vitneskju um hið meinta atvik á Skagaströnd strax í maí 2010. Enginn þessara aðila taldi ástæðu til þess að hefja rannsókn á hinu meinta broti, en samkvæmt 1. mgr. 52 gr. sakamálalaga skal lögreglan hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Af framansögðu verður ekki annað ráðið en að það hafi verið mat framangreindra þriggja handhafa lögreglu- og ákæruvalds að refsivert brot hafi ekki verið framið.

### Hringing frá lögreglu

Það er síðan 6. desember 2012, tveimur dögum eftir að ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um rétt X til að snúa aftur til starfa sem lögreglumaður á Blönduósi, og tveimur árum og átta mánuðum eftir að hið meinta atvik á að hafa gerst, að lögreglustjórinn á Blönduósi hringir í meintan brotaþola og segir að lögreglu hafi borist til eyrna að hún hafi svipaða sögu að segja og stúlkan sem kærði X í maí 2010. Lögreglan bað meintan brotaþola að skrifa frásögn sína niður á blað án þess að séð verði að meintur brotaþoli hafi verið brýnd um vitnaskyldu og ábyrgð og hvað afleiðingar rangur framburður gæti haft í för með sér fyrir vitnið.

Daginn eftir náði lögreglan í frásögnina heim til meints brotaþola og með bréfi, dags. 10. desember 2012, sendi lögreglustjórinn á Blönduósi, frásögnina til ríkissaksóknara til skoðunar og þóknanlegrar ákvörðunar. Í bréfinu segir að um sé að ræða erindi/bréf frá brotaþola sem borist hafi 7. desember 2012, rétt eins og meintur brotaþoli hafi sent lögreglunni bréfið að eigin frumkvæði. Þegar hér var komið sögu átti ríkissaksóknari ekki annan kost í stöðunni en að hefja formlega rannsókn á málinu og var málið sent til rannsóknar hjá lögreglustjóranum á Akureyri. Vegna rannsóknar málsins var tekin skýrsla af meintum brotaþola og fimm lögreglumönnum.

**➜ Af framansögðu verður ekki annað ráðið en að það hafi verið mat framangreindra þriggja handhafa lögreglu- og ákæruvalds að refsivert brot hafi ekki verið framið.**

### Hvött til að kæra

Í þessum skýrslutökum kemur meðal annars fram að strax vorið 2010 höfðu a.m.k. fimm nafngreindir lögreglumenn á Blönduósi samband við brotaþola og hvöttu hana til þess að kæra X, en lögreglumennirnir höfðu ýmist samband símleiðis eða hittu meintan brotaþola fyrir í vinnunni. Samhliða því að hvetja meintan brotaþola til þess að kæra X upplýstu einhverjir lögreglumannanna brotaþola um atvikið á Blönduósi sem þeim bar lögum samkvæmt að gæta þagnarskyldu um. Í framhaldinu hafði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu samband við meintan brotaþola og bauð honum að leggja fram kæru ásamt því að bjóða aðstoð sama réttargæslumanns og gætti hagsmuna meints brotaþola vegna atviksins á Blönduósi. Brotaþoli sagði lögreglumönnunum ítrekað að hún vildi ekki kæra X.

Síðan liðu tvö og hálft ár. Þann 29. nóvember 2012 var X sýknaður í Hæstarétti vegna atviksins á Blönduósi og fimm dögum síðar skipaði ríkislögreglustjóri X í embætti lögreglumanns á Blönduósi á nýjan leik. Tveimur dögum síðar ákvað lögreglustjórinn á Blönduósi að eigin frumkvæði að hefja rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi X sem á að hafa átt sér stað í mars 2010. Hver skyldi nú hafa verið tilgangur lögreglustjórans á Blönduósi að hefja rannsókn á þessu gamla máli á þessum tímapunkti?

Svarið er að finna í lögregluskýrslu sem tekin var af brotaþola 11. desember 2012, en aðspurð um tilurð rannsóknar lögreglustjórans á Blönduósi á hinu meinta broti sagði brotaþoli að hún hefði alls ekki viljað kæra, en lögreglan á Blönduósi hefði sagt að hún væri að gera þeim greiða með því að skrifa niður frásögnina í því skyni að fá X ekki aftur til starfa sem lögreglumann á Blönduósi.

Með bréfi dags. 28. janúar 2013 felldi ríkissaksóknari ofangreint mál niður. Sú niðurfelling hlýtur að marka upphafið að rannsókn ríkissaksóknara á saknæmri og ólögmætri valdníðslu og annarri refsiverðri háttsemi lögreglunnar á Blönduósi gagnvart X og eftir atvikum meintum brotaþola.

# Óviðunandi geðheilbrigðisþjónusta ungmenna á Norðurlandi

HEILBRIGÐISMÁL



**Hjalti Jónsson**
sálfræðingur

Vanlíðan ungs fólks á Norðurlandi er stórt vandamál sem þarf að bregðast við strax. Eftir hálft ár í starfi sem sálfræðingur í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) hefur mér orðið ljóst að geðheilbrigðisþjónusta fyrir norðlensk ungmenni er ekki boðleg. Sérstaklega ber að nefna þá þjónustu sem 16 og 17 ára ungmennum stendur til boða.

Eftir að sjálfræðisaldurinn var hækkaður í 18 ár virðist hafa gleymst að gera ráð fyrir þeirri geðheilbrigðisþjónustu sem 16 og 17 ára börn eiga rétt á samkvæmt lögum. Mörg sveitarfélög leggja áherslu á að sinna börnum sem eru í leik- og grunnskólum en eftir sitja þeir sem eru 16 og 17 ára með skerta þjónustu. Það er því orðið tímabært að ríkið skilgreini sérstaklega hlutverk sitt í samráði við sveitarfélögin þegar kemur að geðheilbrigðisþjónustu nemenda á fyrstu árum framhaldsskóla.

VMA hefur tekið skref í rétta átt, fyrstur framhaldsskóla á Íslandi, og ráðið til sín sálfræðing til þess að vinna að bættu geðheilbrigði nemenda. Er um tilraunaverkefnið „Nám er vinnandi vegur“ að ræða. Sálfræðiþjónustan sem boðið hefur verið upp á í VMA í vetur hefur verið vel nýtt og hafa um 70 nemendur á öllum aldri notfært sér hana að einhverju leyti á haustönn. Þjónustan felst annars vegar í hóptímum fyrir nemendur með kvíða og/eða þunglyndiseinkenni og hins vegar í einstaklingsviðtölum þar sem í báðum tilfellum er unnið eftir hugrænni atferlismeðferð. Þar sem VMA er menntastofnun en ekki meðferðareða heilbrigðisstofnun hefur þjónustan beinst að þeim sem eru með vægari einkenni. Þegar kemur að því að vísa nemendum áfram sem þurfa á frekari meðferð að halda hefur komið í ljós að fá úrræði eru til staðar.

### Þjónustan fer minnkandi

Ekki er hægt að ætlast til þess að barna- og unglingageðdeild Sjúkrahússins á Akureyri geti sinnt þeirri þörf sem er fyrir hendi þegar þar starfar einn sálfræðingur í hlutastarfi og einn geðlæknir. Svæðið sem deildin þjónustar nær vestur frá Hrútafirði alla leið austur til Hornafjarðar. Geðheilbrigðisþjónusta barna og unglinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri kemur ekki til með að batna á þessu ári þar sem framkvæmdastjórn Sjúkrahússins hefur nú frá 1. janúar lagt niður barna- og unglingageðdeildina sem sjálfstæða einingu og hafa bæði starfandi barnageðlæknir og sálfræðingur sagt starfi sínu lausu. Deildin hefur því lokið hlutverki sínu í lok mars þegar uppsagnarfrestir starfsmanna hafa runnið út.

**➜ VMA hefur tekið skref í rétta átt, fyrstur framhaldsskóla á Íslandi, og ráðið til sín sálfræðing til þess að vinna að bættu geðheilbrigði nemenda.**

Engin sérstök meðferðarúrræði eru í boði á Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Þar er hins vegar starfrækt unglingamóttaka í eina klukkustund á viku þar sem læknir og/eða hjúkrunarfræðingur veita ráðgjöf og vísa málum á þá staði sem við á. Eftir stendur þá geðsvið fullorðinna á Sjúkrahúsinu á Akureyri, þar sem biðlistar eru langir og eru sífellt að lengjast, og sjálfstætt starfandi sálfræðingar sem alls ekki allir hafa ráð á að notfæra sér.

Mikið þarf að gerast til þess að geðheilbrigðisþjónusta ungs fólks á Norðurlandi verði viðunandi. Nýtt ár fer ekki vel af stað og virðist sem þjónustan fari minnkandi sem á ekki að vera hægt þar sem þjónustan er lítil sem engin. Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur tekið stórt skref í rétta átt og er það von mín að ríki og sveitarfélög taki höndum saman og leggi aukna áherslu á meðferð ungs fólks og forvarnir. Greiningar, einar og sér, skila sér ekki í bættri geðheilsu ungs fólks heldur þurfa hæfir meðferðaraðilar að veita meðferð við hæfi.

## AF NETINU

### Blær

Ef mannanafnastífni hefði verið látin ráða för hefðu menn eins Vladimir Askenazy, Victor Urbancic, Jan Moravek, Jose M. Riba og Carl Billich ekki fengið að nota hin erlendu nöfn sín.

Þegar ofan á þetta bætist að nafnið Blær er fallegt og að fordæmi er fyrir því að kona hafi verið skírð því nafni var það sanngjarnt að hún fengi að halda því nafni, sem hún hafði fengið upphaflega og verið kölluð eftir það úr því að sú skírn gekk í gegn.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*

# 25%

afsláttur af öllum ofurhetjubúningum




## MUNIÐ AÐ ÖSKUDAGUR ER 13. FEBRÚAR – ÓTRÚLEGT ÚRVAL GRÍMUBÚNINGA

# Óðurinn til gleðinnar

ICESAVE



Benedikt Jóhannesson
framkvæmdastjóri

Icesave-dómurinn er gleðilegur og sýnir að réttlæti dómstólsins er ekki í hlutfalli við stærð þjóðanna, þó að ýmsir hafi gert því skóna áður en hann féll. Allir sanngjarnir menn hljóta að fallast á að æskilegt sé að málið verði skoðað ítarlega frá upphafi og hvernig aðkoma og skoðanir manna hafa þróast og hvers vegna.

Síðla árs 2008 samþykktu allir þingmenn Sjálfstæðisflokks þingsályktun sem byggði á yfirlýsingu Davíðs Oddssonar og Árna M. Mathiesens. Þar sagði meðal annars: „Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja og að jafnt Ísland sem þessi ríki séu staðráðin í að efna til viðræðna á næstu dögum með það að markmiði að ná samkomulagi um nánari skilmála vegna þessarar forfjármögnunar.“ Þingmenn Sjálfstæðisflokks samþykktu líka nær allir í desember 2008 að ganga til samninga um ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á EES-svæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar höfðu komið sér saman um.

Björn Bjarnason, sem þá sat á þingi og var ráðherra, sagði frá því á vefsíðu sinni í nóvember 2008 að ákveðið hefði verið að semja um málið: „Þegar samið er, hafa báðir nokkuð til síns máls. Ég hef aldrei hallast að þeirri skoðun, að samningar séu svik, þegar deilur milli ríkja eru leystar. Mér heyrist örla á því sjónarmiði í gagnrýni stjórnarandstöðu á samninginn um IceSave. Það er siðaðra þjóða háttur að ljúka deilum með samkomulagi – hins vegar má ekki greiða samninga of dýru verði eða afsala sér rétti til að halda lagaskilyrðum til haga og nýta lögfræðilega túlkun til hins ýtrasta.“

Þetta er auðvitað hárrétt hjá Birni.

Á árinu 2009 skrifuðu fræðimennirnir Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal margar greinar um að Ísland bæri ekki ábyrgð á kröfunum. Undirritaður var í hópi þeirra sem las þær greinar af athygli og fannst þær sannfærandi. Þess vegna vó það þungt í mínum huga þegar Lárus kom að lokasamningnum um Icesave og mælti með því að hann yrði samþykktur.

### Allir vildu gera rétt

Árið 2011 var sá samningur borinn undir þjóðaratkvæði. Þá var sýnt að staða þrotabús Landsbankans hafði batnað svo mikið að það myndi geta greitt nær allar kröfurnar. Skilanefnd taldi að um 10 milljarðar króna stæðu út af en síðan hafa heimtur búsins batnað langt umfram Icesave-kröfuna. Áhættan við að segja já fólst því fyrst og fremst í því að heimtur búsins yrðu lakari, sem auðvitað var hugsanlegt en ekki líklegt.

Félli samningurinn var óvissa um meðferð dómstóla á kröfunni og einkum hvernig vextir yrðu reiknaðir. Matsfyrirtæki sögðust líka myndu fella Ísland í ruslflokk ef samningurinn félli. Slíkt hefði orðið þjóðarbúinu dýrt, en gerðist ekki, sem bendir til þess að fyrirtækin hafi talið mat á styrk Landsbankans á þeim tíma raunsætt.

Stuðningsmenn og andstæðingar samningsins misstu margir dómgreindina í baráttunni. Já-sinnar birtu mynd af hákarli sem virtist ætla að éta syndandi barn ef samningarnir féllu. Ekki virtist barninu vegna betur ef samningarnir yrðu samþykktir. Egill Ólafsson sagði þjóðinni með seiðandi röddu í útvarpsauglýsingum: „Samkvæmt annálaskrifum voru íslensk börn seld í ánauð til námuvinnu á Bretlandseyjum á fimmtándu öld. Það er engin ástæða til að endurtaka áþekka framkomu gagnvart börnum framtíðar. Þess vegna segi ég nei við Icesave.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, studdi samninginn. Hann rökstuddi þá skoðun sína vel í Kastljósþætti að hans kalda mat væri það að Ísland ætti að slá striki undir málið og landsmenn að snúa sér að öðru. Sama sinnis voru samflokksmenn hans Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Tryggvi Þór Herbertsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Einhverjir félagar mínir hafa verið svo vinsamlegir að rifja upp að ég var einn þeirra sem studdu formanninn. Mér er heiður að því, en vil þó minna á að þau Friðrik Sophusson, Geir H. Haarde, Halldór Blöndal, Matthías Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Sólveig Pétursdóttir, Sturla Böðvarsson, Sverrir Hermannsson og Þorsteinn Pálsson studdu Bjarna og málstað hans líka drengilega, svo nefnd séu nöfn sem ekki hafa orðið öllum jafnminnisstæð og mitt. Ég er ánægður að vera í þessum hópi.

Það er mikið gleðiefni að Icesave-málinu sé lokið. Líklegast er það rétt, sem margir þeirra sem ekki vildu semja sögðu áður en dómur féll, að það hefði litlu breytt fjárhagslega fyrir ríkissjóð þótt hann hefði fallið Íslandi í óhag. Aðalatriðið er að óvissu er eytt og þjóðin þarf ekki lengur að hafa þessa tæru snilld liggjandi á sér eins og möru. Yfir því geta allir Íslendingar glaðst sameiginlega.

**➜ Á árinu 2009 skrifuðu fræðimennirnir Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal margar greinar um að Ísland bæri ekki ábyrgð á kröfunum. Undirritaður var í hópi þeirra sem las þær greinar af athygli og fannst þær sannfærandi. Þess vegna vó það þungt í mínum huga þegar Lárus kom að lokasamningnum um Icesave og mælti með því að hann yrði samþykktur.**

## AF NETINU

### Greiðið út í krónum

Kröfuhafarnir sem eiga bankana eiga að geta fengið sig leysta út í krónum eins og innlendu kröfuhafarnir 2008. Ef greitt væri út í gjaldeyri fengju vogunarsjóðirnir betri meðferð en innlendu kröfuhafarnir. Mismunun gengur auðvitað ekki í þessu frekar en öðru. Sama gildir um þá sem fá greitt út úr Icesave. Fái þeir greitt í gjaldeyri er verið að setja þá skör hærra en innlenda sparifjáreigendur. Því er stjórnvöldum skylt að sjá um að allar bætur vegna hrunsins verði greiddar í sömu matador-mynt og hér er notuð. Því þarf nú þegar að stöðva greiðslur í gjaldeyri úr þrotabúum gömlu bankanna.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

### Niðurstaðan

Hjartanlega til hamingju með Icesave-niðurstöðuna. Ég var í hópi þeirra sem vildu reyna að ná samningum um málið – taldi dómstólaleiðina áhættusama og forsenda endurreisnar. Ábyrgt stjórnvald þurfti að leita samninga – tel ég. En ég vil taka hatt minn ofan fyrir þeim sem voru á öndverðum meiði og óska þeim til hamingju. Grasrótarsamtökum, forsetanum, málsvarnarteyminu og öðrum. Þetta var frábær niðurstaða og margir geta verið stoltir af sínu framlagi. Vonandi lærum við af þessu ferli og virkjum niðurstöðuna í gær til að auka samráð og samvinnu við ákvarðanatöku. Þannig getur eitthvað gott komið úr þessu herfilega máli.

http://blog.pressan.is

*Magnús Orri Schram*


# Helgarblað Fréttablaðsins






**Þriðja glíman við krabbamein**

Þrjátíu árum eftir að augu Birkis Rúnars Gunnarssonar voru fjarlægð fékk hann æxli í höfuðið sem kostaði átta tíma skurðaðgerð.

**Meðal efnis núna um helgina**



**Skynsemin ræður á ný**

Fréttablaðið kafar í sölutölur og samsetningu bílaflota Íslendinga undanfarin ár.



**Vetrarólympíuleikar langtímamarkmiðið**

Agnes Dís Brynjarsdóttir er ein af skautadrottningum þjóðarinnar.



**Rótað í safnhaugum**

2013 er ár endurgerðanna í Hollywood.



**Á pólinn!**

Pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir ræðir hvernig hún vann þetta gríðarlega þrekvirki.

FITON / SÍA

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

# Fjölskrúðugur febrúar

## LANGUR LAUGARDAGUR
## 2. FEBRÚAR

Njótið febrúars í miðborginni á löngum laugardegi. Þar eru yfir 300 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar sem bjóða upp á mikið og fjölbreytt vöruúrval.

Miðborgin iðar af mannlífi og ljúfri stemningu allan mánuðinn.

Vetrarhátíð í Reykjavík verður í algleymingi, með listviðburðum, safnanótt og ótal uppákomum. Tilraunakenndir tónar berast frá Sonar tónlistarhátíðinni í Hörpu og Food & fun kitlar bragðlauka. Bollu-, sprengi-, og öskudagar nálgast og dagur sjálfs Valentínusar er á næsta leiti – að ógleymdum konudeginum.

**Göngum út þorra og fögnum góu í miðborginni.**

**Það er gott að vera, versla og njóta þar sem hjartað slær.**



Brandenburg – Teikngar: Sól Hrafnsdóttir



Elskulegur sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

**RÚNAR ARNBJÖRNSSON**

sem lést þann 27. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Snartarstaðakirkju hinn 5. febrúar klukkan 13.00.

**Jóhanna Sigurðardóttir**
**Kristinn María**
**Sigurður Filippía**
**Magnús**
**Stefán Anna**
**Arna Kristján**
**börn og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför,

**HANNESAR KRISTMUNDSSONAR**
**garðyrkjubónda, Hveragerði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, fyrir frábæra umönnun.

**Sigurbjörg Gísladóttir**
**Kristmundur Stefán Hannesson**
**Sigurður Elí Hannesson Helena Sif Ericson**
**og barnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**GEIRFINNUR HELGI KARLSSON**
**Vestursíðu 9, Akureyri,**

lést þriðjudaginn 29. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 7. febrúar kl. 10.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á öldrunarheimili Akureyrar.

**Arnór Karlsson**
**Jón Karlsson**
**Inga Karlsdóttir**
**og systkinabörn.**



**INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR**
**fæddist í Fagradalstungu, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu,**

11. ágúst 1927. Hún lést 29. janúar á Dvalarheimilinu Dalbraut, Reykjavík. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 4. febrúar klukkan 13.00.

**Kristján Zophoníasson Björk Ólafsdóttir**
**Viðar Zophoníasson**
**Hrönn Harðardóttir Þorsteinn Lýðsson**
**Erna Harðardóttir**
**Vala Brynja Viðarsdóttir Davíð Þór Björnsson**
**og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför,

**HAFÞÓRS ARNAR SIGURÐSSONAR**
**Þverbraut 1, Blönduósi.**

**Ragnheiður Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Hafþórsson Edda Brynleifsdóttir**
**Auður Ingibjörg Hafþórsdóttir Óli Guðlaugur Laursen**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SIGRÚNAR STEFÁNSDÓTTUR**
**frá Hrísum í Fróðárhreppi, síðast til heimilis á Höfða, Akranesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir einstaka hlýju og umönnun.

**Eygló Tómasdóttir Þorgils Sigurþórsson**
**Tómas Rúnar Andrésson**
**og ömmubörn.**



**ÞJÓÐFRÆÐINGURINN** Þjóðfræðin snertir eiginlega öll svið í menningu okkar, að sögn Védísar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kona formaður, þýðir það að jafnrétti sé náð?

Védís Ólafsdóttir flytur í hádeginu í dag fyrirlestur sem hún hefur unnið upp úr MA-ritgerð sinni í þjóðfræði. Fyrirlesturinn nefnist Karlmannlegar konur? Kyn og kyngervi í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík og verður fluttur í Þjóðminjasafninu.

„Þjóðfræðin fer svo víða og ritgerðin mín er alls ekki bara um kyn og kyngervi, þetta er bara einn kafli hennar," segir Védís Ólafsdóttir þjóðfræðingur spurð hvað efni fyrirlestursins Karlmannlegar konur? Kyn og kyngervi í Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur hafi með þjóðfræði að gera. „Rannsókn mín fer mjög víða og fjallar fyrst og fremst um Flugbjörgunarsveitina sem ákveðinn menningarkima. Ég tók þátt í tveggja ára nýliðaþjálfun og tók viðtöl við átján aðila sem ýmist eru enn starfandi í Flugbjörgunarsveitinni eða hafa starfað þar og eins nokkra sem störfuðu aldrei með henni en höfðu þó einhver afskipti af sveitinni."

„Flugbjörgunarsveitin mótaðist mjög af því að konur fengu ekki fulla aðild fyrr en 1995, þótt sérstök kvennadeild tæki til starfa 1966. Það er staðreynd sem ekki verður litið fram hjá þannig að það var eiginlega óhjákvæmilegt að láta einn kafla af sjö í ritgerðinni fjalla um hana. Sveitin var stofnuð 1950 og það er því engin smáræðis saga sem liggur þarna að baki. Sú saga mótar starf sveitarinnar enn þann dag í dag. Til dæmis fékk sveitin í upphafi ýmsan búnað og þjálfun í fallhlífar hjá bandaríska hernum á Keflavíkurflugvelli. Á þeim tíma kölluðu útköll oft á mjög erfiðar göngur og langa fjarvist frá heimilinu sem átti auðvitað sinn þátt í því að starf með sveitinni þótti ekki henta konum."

Kvennadeildin var stofnuð 1966. Hvaða hlutverk hafði hún? „Hún var ákveðið fjárhagslegt bakland og alveg nauðsynleg starfinu á þeim tíma. Hún hjálpaði líka við að skaffa búnað og mat og var til staðar á meðan á útköllum stóð. Fulltrúi kvennadeildar var líka stundum í stjórn sveitarinnar, þótt konurnar fengju ekki fulla félagsaðild. Kvennadeildin var að stærstum hluta skipuð eiginkonum, systrum, dætrum og mæðrum félagsmanna sem óhjákvæmilega drógust inn í þetta þar sem starf í sveitinni setti svo sterkan svip á heimilislífið."

Hverju breytti það fyrir starf flugbjörgunarsveitarinnar þegar konur fengu fulla aðild? „Það eru skiptar skoðanir um það reyndar. Flestir segja að það hafi breytt einhverju, stemningin orðið öðruvísi og sumir ganga svo langt að segja að sveitin væri bara ekkert til í dag ef konur hefðu ekki fengið aðild. Það höfðu orðið miklar breytingar í þjóðfélaginu á þessum tíma, konur voru orðnar áberandi í öðrum björgunar- og hjálparsveitum og krafan um inntöku kvenna varð ekki lengur hunsuð. En það hefur verið alveg skýrt frá upphafi að konur þurfa að ganga í gegnum sömu þjálfun og karlarnir, það er engin undanþága gefin frá því." Hvað er stór hluti sveitarinnar konur í dag? „Það er mjög misjafnt hlutfall á nýliðanámskeiðum, stundum eru konurnar fleiri en meðaltal kvenna starfandi í sveitinni er svona einn þriðji af heildarfjöldanum."

Og er fullkomið jafnrétti innan sveitarinnar? „Á yfirborðinu, já. Konur eiga að hafa alveg sömu tækifæri og karlar. En það er svona lúmskt misrétti, til dæmis eru þrír lokaðir hópar, undanfarahópur, fallhlífahópur og sleðahópur og þar eru konur í miklum minnihluta. Þegar ég spurði viðmælendur mína hvort jafnrétti ríkti hjá sveitinni vitnaði fólk mjög mikið í það að það hefði einu sinni kona verið formaður. Minnti mann dálítið á umræðuna þegar Vigdís var kosinn forseti, að það þýddi að jafnrétti væri náð. En auðvitað er það ákveðið skref í jafnréttisátt að í sveit sem var búin til af körlum fyrir karla skuli kona hafa orðið formaður. Það sýnir að fólk er tilbúið til að breyta. Það gerist hægt en það er að gerast."

fridrikab@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA BIRGIT BERNÓDUSDÓTTIR**
**Brimhólabraut 17, Vestmannaeyjum,**

sem lést 26. janúar sl., verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 2. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélagið Líkn.

**Sveinn Halldórsson**
**Ágústa Berg Sveinsdóttir Gunnar Árni Vigfússon**
**Bernódus Sveinsson Kristín Björg Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐNÝJAR SIGURBJARGAR THORDERSEN (NÍNU)**
**Hæðargötu 1, Njarðvík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Vigdís Thordersen Magnús B. Hallbjörnsson**
**Stefán Thordersen Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Ólafur Thordersen Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir**
**og fjölskyldur.**



**HINSEGIN VETRARHÁTÍÐ**
Hátíðin Rainbow Reykjavík, alþjóðleg hinsegin vetrarhátíð, stendur nú yfir en hápunktur hennar verður í Silfurbergi í Hörpu í kvöld kl. 22.30. Þar mun Eurobandið bjóða í Eurovision-tónlistarveislu þar sem Páll Óskar, Hera Björk, Sigga Beinteins, Friðrik Ómar og Regína sjá um stuðið.

LOKADAGAR
ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG
ÚTSALA
Allt að 60% afsláttur
Blomberg þvottavélar frá 7?.990
Allt að 20% afsláttur
Candy uppþvottavélar frá 69.990
Allt að 36% afsláttur
Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg, Candy og Severin með allt að 33% afslætti
Severin smátæki, kaffivélar, blandarar, brauðvélar, katlar og fleira og fleira á frábærum verðum
Fissler pottar, pönnur og hnífar með 20% afslætti
Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990
...m Bound pipar- og ...ltkv... með 25% afslætti
Ofnar, hellu... og háfar frá Blomberg, ... Dietrich og KitchenAid me... ...% afslætti
LOKADAGAR
ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingastrimlum í teriyaki með engifer, chili og hvítlauk. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**FLOTT UPPSKRIFT**
Meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson matreiðir girnilegan kjúklingarétt.
MYND/ANTON

## KJÚKLINGASTRIMLAR Í TERIYAKI MEÐ ENGIFER, CHILI OG HVÍTLAUK

3 msk. olía
600 g kjúklingabringur í strimlum, úrbeinuð læri í strimlum eða lundir
2 portobellosveppir í sneiðum
½ kúrbítur í sneiðum
½ hvíti parturinn af kínakáli í sneiðum
Salt og nýmalaður pipar
Teriyakisósa
1,5 dl teriyakisósa
1,5 dl sojasósa
1-2 msk. balsamikedik
1-2 msk. hunang
½ chili, frælaus og smátt saxaður
1 msk. engifer, smátt saxað
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir

Allt sett í skál og blandað vel saman

Hitið olíu á stórri pönnu og steikið kjúklingastrimlana í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Bætið þá sveppum og kúrbít á pönnuna og kryddið með salti og pipar. Steikið í 2-3 mín. til viðbótar. Þá er kínakáli og teriyakisósunni bætt á pönnuna og látið krauma í 1 mínútu. Berið strax fram með soðnu Barilla-pasta eða hrísgrjónum og brauði.





# MORÐ Í MATARBOÐI

**HLUTVERKALEIKUR** *Hjónin Jakob Hrafnsson og Sigríður Heiðar héldu afar óvenjulegt matarboð. Þau buðu þremur vinahjónum til veislu og fékk hver og einn fyrirmæli um sérstakan búning, persónuleika og umræðuefni.*

Eina kvöldstund í janúar settist við matarborð í Hvassaleiti heiðursfólkið Ebenezer Halliday, greifinn De La Rochefour, Jane Mason, Rupert Carrington, Alex Simpson, lafði Swansea, Marie Mignon og Jessica Lyle. Morð var framið í miðju matarboðinu og þurftu matargestir að komast að því hver þeirra væri morðinginn.

Þetta hljómar kannski eins og saga eftir Agöthu Christie og það er ekki fjarri lagi, en rétt er að þetta er einnig lýsing á matarboði sem hjónin Jakob Hrafnsson og Sigríður Heiðar héldu fyrir vinafólk sitt. „Sigga gaf mér fyrir nokkru pakka með uppskrift að sérstöku matarboði sem bar heitið Agatha Christie, Murder Mystery Party. Við höfðum lengi beðið færis að halda það," segir Jakob. Sigríður bætir við að slíkt matarboð þarfnist mikils og nákvæms undirbúnings þar sem allt þurfi að ganga upp. „Boðið er fyrir átta manns og í pakkanum eru allar upplýsingar. Til dæmis fær hver og einn matargestur sent boðskort með nokkrum fyrirvara auk bæklings með upplýsingum um sína persónu, klæðnað, hegðun og umræðuefni," lýsir Jakob. Enginn veit nákvæmlega hvernig framvinda boðsins verður, ekki einu sinni gestgjafarnir. „Við fengum aðeins að vita hvaða stemning ætti að vera varðandi mat, hvernig ætti að dekka borðið og hvaða tónlist ætti að hljóma," segir Sigríður en í sögunni fer matarboðið fram á ensku óðalssetri.

Matseðillinn var glæsilegur og margrétta en krafðist þó nokkurrar yfirlegu að sögn hjónanna. „Við erum ekki með þjónustufólk á hverju strái og því ákváðum við að stíla inn á mat sem þyrfti ekki mikla yfirlegu í eldhúsinu á meðan á matarboðinu stæði," segir Jakob. „Við byrjuðum hins vegar að elda strax um morguninn til að hafa allt klárt um kvöldið," segir Sigríður og brosir.

Þau eru sammála um að miklu skipti að velja boðsgesti af kostgæfni. „Fólk verður að skuldbinda sig til að mæta því leikurinn er ónýtur ef einn vantar," segir Sigríður og bætir við að fólk verði einnig að vera tilbúið til að nota leiklistarhæfileika sína.

En hvernig fer leikurinn fram? „Í matarboðinu fylgir hver sínum bæklingi. Aðeins má lesa visst mikið í hvert sinn og svo koma stundum heillangar senur þar sem matargestir þurfa að leika," útskýrir Jakob en matarboðið fór aðallega fram á ensku enda leiðbeiningarnar á því máli. Inn á milli rétta var spilaður dvd-diskur þar sem Hercule Poirot dró saman það sem á undan hafði gengið og veitti vissar upplýsingar. „Allir fá síðan að giska á hver morðinginn er og af hverju. Að lokum fer Poirot yfir málið og upplýsir það," segir Jakob, en aðeins einn matargestanna giskaði rétt. „Þetta var nefnilega alls ekki einfalt enda voru allar persónurnar með tilefni," bætir Sigríður við.

En er aðeins hægt að spila sama spilið einu sinni? „Já, nú vitum við hver morðinginn er og því væri það ekki skemmtilegt," segir Sigríður. Hins vegar hafi hún og móðir hennar gripið tækifærið fyrir jólin og keypt nokkrar fleiri útgáfur. Þær eru stórfjölskyldan í sameiningu og getur þannig notað til skiptis. „Þar á meðal er til dæmis matarboðið Death by chocolate," segir hún og hlær.

Jakob og Sigríður mæla heilshugar með þessari upplifun. „Við buðum þremur vinahjónum sem ekki endilega þekktust sín á milli. Eftir hálftíma voru allir farnir að grínast og hlæja enda allir í búningi, í karakter og andrúmsloftið létt og skemmtilegt," segir Jakob glaðlega og er viss um að annað matarboð með svipuðu sniði sé ekki langt undan. Hópurinn verði þó líklega ekki sá sami. „Það er nefnilega mikill félagslegur þrýstingur frá öðrum vinum okkar um að fá að vera með," segir hann og hlær.

■ solveig@365.is



**MATARGESTIR OG MÖGULEGIR MORÐINGJAR** Í fremri röðinni eru Sigurlaug Jóhannsdóttir, Kristín Ögmundsdóttir, Bryndís Pétursdóttir og Sigríður Heiðar. Í þeirri aftari: Sverrir Jan Norðfjörð, Baldur Már Vilhjálmsson, Jakob Hrafnsson og Sigurður Elí Haraldsson.

## MATSEÐILL Í MORÐGÁTU-MATARBOÐI



**FORDRYKKUR:** Appelsínukampavínskokteill með koníakstári.

**LYSTAUKI:** Ofnbakaður camembert með mangóchutney. Piparostur, vínber og kex.

**FORRÉTTUR:** Sterk ítölsk tómatsúpa með baguette-brauði.

**MILLIRÉTTUR:** Sítrónusorbet með myntu og kampavíni.

**AÐALRÉTTUR:** Himneskar, hægeldaðar kjúklingabringur með ríkri appelsínusósu. Borið fram með rósmarínkartöflubátum og rótarsteiktu grænmeti.

**EFTIRRÉTTUR:** Heimagerð New York-ostakaka með hindberjagljáa.

**DRYKKIR:** Vatn úr Gvendarbrunnum og eðalguðaveigar úr ýmsum áttum.

## HÖFUNDURINN

■ **DROTTNING LEYNILÖGREGLUSÖGUNNAR**
Lafði Agatha Mary Clarissa Christie (1890-1976) var breskur glæpasagnahöfundur. Hennar er helst minnst fyrir þær 66 leynilögreglubækur sem hún skrifaði en hún gaf einnig út 15 smásagnasöfn, skrifaði leikrit og gaf auk þess út sex skáldverk undir nafninu Mary Westmacott. Meðal þekktra persóna úr sögum hennar má nefna þau Hercule Poirot og Miss Jane Marple.












HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

1. FEBRÚAR 2013

# Lífið

5 RÁÐ AÐ BREYTTUM STÍL

HVAÐ ER HEILBRIGÐUR LÍFSSTÍLL?

TÍSKA, MATUR OG MEIRA



## HEF VERIÐ AÐ HUGSA HEIM

ÁSDÍS RÁN UM BÚSETUNA Í BÚLGARÍU, NÝ TÆKIFÆRI OG FLÓKIÐ FJÖLSKYLDULÍF Á MILLI LANDA

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?





Kvenorkan lá svo sannarlega yfir Ráðhúsi Reykjavíkur fyrr í vikunni þegar FKA, Félag kvenna í atvinnulífinu, afhenti sínar árlegu viðurkenningar að viðstöddum fjölda manns sem bera af í viðskipta og atvinnulífinu. Hafdís Jónsdóttir, eigandi World Class og formaður félagsins, var glæsileg að vanda en hún bauð gesti velkomna. Á meðal þeirra mátti meðal annars sjá **Rannveigu Rist**, forstjóra Alcan, **Margréti Oddsdóttur**, framkvæmdastjóra Já, og hina geislandi og skemmtilegu **Marentzu Poulsen,** smurbrauðsjómfrú og eiganda Café Flóru.




# Lífið

UMSJÓN
**Ellý Ármanns** elly@365.is
**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Forsíðumynd** Arnold Björnsson
**Auglýsingar** Atli Bergmann atlib@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

**Hár:** Hairdoo Kópavogi **Makeup:** Sigurlaug Dröfn Bjarnadóttir **Fatnaður:** Júník Smáralind **Ljósmyndastúdíó:** Elite


# DANS FYRIR SÁLINA

### Margrét Erla Maack kennir bæði Bollywood- og magadans í Kramhúsinu.



GÓÐ GEÐRÆKT Margrét Erla Maack, fjölmiðlakona og danskennari, kennir Bollywood- og magadans. Hún segir dansinn sína líkams- og geðrækt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Munurinn á Bollywood-dansi og magadansi er álíka og munurinn á íslensku og þýsku. Dansarnir byggja á svipuðum grunni og nota svipaða vöðvahópa en áherslurnar eru ólíkar. Magadans er mjög tæknilegur, erfiður og smávöðvahreyfingarnar eru agaðri, en í Bollywood ríkir meiri ærslagangur og frelsi,“ útskýrir Margrét Erla Maack, fjölmiðlakona og danskennari. Hún hefur kennt magadans í Kramhúsinu um árabil og fyrir fjórum árum hóf hún að kenna Bollywood-dans á sama stað.

Margrét Erla nam dansana meðal annars hér á landi og í New York. Að auki hefur hún sótt tíma á hinni árlegu danshátíð Stockholm Belly Dance Festival. „Ég hef farið fimm eða sex sinnum á hátíðina og gisti þá hjá frænda mínum sem er ballettdansari í Stokkhólmi. Ég reikna þó ekki með því að fara í ár.“

Spurð hvort nota megi sömu búninga í báðum dönsum segir Margrét Erla það harðbannað. „Þú getur notað neðri hlutann í báðum dönsum en ekki þá efri. Fólk sem kemur í tímana til mín þarf þó ekki að eiga rétta fatnaðinn, ekki nema það ætli sér á svið. Ég tek þó fram að kókómjólkurbolir eru harðbannaðir.“

Danstímar Margrétar Erlu eru stjörnum prýddir og í hópi nemenda hennar eru söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir, hönnuðurinn Sara María Júlíudóttir, fjölmiðlakonan Helga Arnardóttir auk varaborgarfulltrúans Diljár Ámundadóttur. „Það ríkir svakaleg stemning í tímunum og sumar fara meira að segja í sturtu fyrir tímann, blása á sér hárið, farða sig og hlaða á sig skarti.“

Margrét Erla kennir þrisvar í viku í Kramhúsinu en tekur einnig að sér kennslu á vinnustöðum, fyrir gæsaveislur og aðrar uppákomur. Hún hyggst halda dansinum áfram eins lengi og hún hefur heilsu til. „Ég verð að gera það. Þessir dansar hafa gefið mér svo mikið og eru stór hluti af því hver ég er, þetta er mín líkams- og geðrækt. Verði ég ófrísk verð ég með magadans fyrir óléttar konur, þegar ég fer á breytingaskeiðið ætla ég að vera með magadans fyrir konur á breytingaskeiðinu og einn góðan veðurdag verð ég vonandi með danskennslu fyrir eldri borgara. Meðan ég hef heilsu til, þá dansa ég.“ - sm






# Dagur í lífi

## Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm

söngkona og leiklistarnemi






**8.30** Vaknaði, borðaði Kellogg's Special K í morgunmat á meðan ég tók smá email- og Facebook/Twitter-hring.

**9.00** Settist við tölvuna og fylgdist með tíma í skólanum úti í Englandi í gegnum Skype svo ég missi ekki af of miklu á meðan ég er hérna heima að syngja í Söngvakeppninni.

**13.00** Hoppaði gleðihopp þegar ég fékk staðfestingu á miðakaupum á kántrítónlistarhátíð í London í mars senda frá vinkonu minni. Carrie Underwood, LeAnn Rimes og fleiri, hér kem ég!

**13.30** Kíkti í heimsókn og hádegismat til ömmu og afa sem búa rétt hjá mér hérna í Mosfellsdalnum. Alltaf yndislegt að sitja og spjalla við þau.

**16.30** Fór út að labba með hundana Ólíver og Ronju sem var ákveðið áhættuatriði vegna hálkunnar hér í Dalnum en þau voru göngutúrnum mjög fegin.

**17.30** Settist aftur við tölvuna og vann smá rannsóknarvinnu fyrir næsta verkefni í skólanum, leikrit byggt á sönnum atburðum sem heitir The Colour of Justice.

**19.00** Skellti í pitsu í kvöldmatinn handa fjölskyldunni.

**21.15** Æfing með hópnum fyrir söngvakeppnina á laugardaginn. Ótrúlega skemmtilegur hópur og manni leiðist sko ekki á æfingum.

**23.15** Skreið upp í rúm og lét persónur og leikendur í Once Upon a Time-þáttunum fylgja mér í draumalandið.



Fylgstu með á facebook - Lindex Iceland
Get The Look
PERFECT JEANS
1000,- afsláttur
af öllum dömugallabuxum
LINDEX

# 5 LEIÐIR AÐ BREYTTUM STÍL

**Hvernig þú klæðir þig segir mikið til um þína persónu, sjálfsmynd og líðan. Hins vegar eigum við það öll til að festast í einhverju fari sem okkur líkar ekki endilega. Er hugsanlegt að stíllinn þinn megi við smá hressingu?**

**1** Farðu meðvitað í gegnum allan fataskápinn þinn með það í huga að losa þig við allar þær flíkur sem gera ekkert fyrir þig, hvorki líkamlega né andlega. Ef bunkinn er stór gæti verið hagstætt að fara eina ferð í Kolaportið og selja gömlu fötin fyrir ný.

**2** Gættu þess að henda ekki klassísku flíkunum eins og pilsum, skyrtum, drögtum, höttum, frökkum og skóm. Þær gætu öðlast nýtt líf með breyttum stíl.

**3** Skoðaðu blöð, heimasíður, stíl stjarnanna, sjónvarpsþætti og fleira í þeim dúr og vertu búin að gera þér í hugarlund hvaða stíl þú vilt tileinka þér; töff, kvenlegan, rokkaðan eða rómantískan, og hvaða litir heilla þig. Ef þú ert engu nær leitaðu ráða hjá vinkonu eða fagaðila.

**4** Ekki fara fram úr þér þegar kemur að því að versla. Vertu búin að ákveða hvaða grunnflíkur þú þarft til að breyta stílnum svo að þér líði vel. Verslaðu lítið í einu og finndu taktinn. Þetta gæti orðið mjög skemmtilegt tímabil fyrir fataskápinn sem og sjálfstraustið.

**5** Hugaðu að lokum að því að gera örlitla útlitsbreytingu á sjálfri þér á sama tíma. Hún þarf ekki að vera mjög róttæk en gæti verið flott klipping, nýr hárlitur eða jafnvel varalitur.

***Gangi þér vel!***







Húsbóndinn í stofunni.



Fallegur frístandandi stigi upp á háa loft.



Gömul ljósakróna skreytir ganginn.



# SJARMERANDI STEMNING Í GÖMLU HÚSI

Húsið var byggt 1882 og er þar með eitt elsta hús borgarinnar. Í næsta þætti af Heimsókn bankar Sindri upp á hjá þeim Sigurþóri og Ólöfu á Ægisíðunni sem opna heimili sitt fyrir áhorfendum. Heimsókn er í opinni dagskrá strax að loknum fréttum á laugardögum á Stöð 2.



Rauði liturinn brýtur rýmið skemmtilega upp.



Björt og falleg stofa.



ÞÚ FÆRÐ BOURJOIS Í **LYF OG HEILSU**; Austurveri, Domus Medica, Glæsibæ, Kringlu, Eiðistorgi, Hamraborg, Firði, Keflavík Akureyri, Dalvík, Selfoss, Hellu, Hvolsvelli, Vestmanneyjum.

CANADA GOOSE



HYBRIDGE LITE



VICTORIA



LODGE



CITADEL



CHILLIWACK



TRILLIUM

# ALDREI AFTUR KALT!

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLU CANADA GOOSE
Á MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR.

20 - 50% AFSLÁTTUR AF SPORTFATNAÐI
80% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM.

**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR UM HELGINA!**

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# ÆVINTÝRARÍKT LÍF EN TÓMLEGT

**Ásdís Rán Gunnarsdóttir hefur sést mikið hérlendis undanfarið en hún er eins og þekkt er orðið búsett í Búlgaríu. Lífið spjallaði við Ásdísi um Ísland, barnauppeldið, lífið eftir skilnaðinn og ný tækifæri.**

**ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR**
ALDUR 33
STARF Framkvæmdastjóri/hönnuður fyrir IceQueen og ýmislegt fleira
HJÚSKAPARSTAÐA Á lausu
BÖRN Þrjú börn
LÍFSSTÍLLINN Glamúr
A EÐA B TÝPA A
TE EÐA KAFFI Kaffi
UPPÁHALDSSÆLGÆTIÐ Súkkulaði
HVAÐA HREYFINGU STUNDARÐU Líkamsrækt
UPPÁHALDSSNYRTIVÖRUR Icequeen
DEKRIÐ Góður dagur í góðu spa
TÍMARIT Skoða þau mest á netinu
HEIMASÍÐA Asdisran.com eða facebook.com/asdis.official
SJÓNVARPSÞÁTTUR Horfi lítið á sjónvarp

**Þú hefur dvalið hér á landi síðan fyrir jól, ertu komin heim til að vera?** Ég ákvað nú bara að taka mér mjög gott jólafrí en ég hef verið að skoða þá hugmynd að flytja heim og ákvað því að kanna aðeins markaðinn og skoða tækifæri hér á klakanum. Ég hef komið heim síðastliðin jól til að kynna Icequeen-vörurnar mínar í Hagkaup. Það gekk einstaklega vel í ár svo að ég ákvað að sleppa því að fara út til Sofíu í janúar og njóta Íslands, enda kaldasti mánuðurinn þar úti.

**Er ævintýrunum að ljúka úti?** Nei, ekki enn þá, en ég er búin að vera svolítið með hugann við Ísland. Garðar, barnsfaðir minn, og fleiri í kringum mig hafa verið að reyna að fá mig heim svo að ég hef aðeins verið að skoða það.

En eins og er þá er búið að bjóða mér góða stöðu úti í Búlgaríu sem framkvæmdastjóri hjá rússnesku demantafyrirtæki, það lítur því allt út fyrir að ég taki því núna í febrúar og sjái svo til. Þetta er mjög áhugavert svið sem á vel við mig, enda fer ísdrottningunni ekkert betur en að vera umkringd demöntum. Ég hef aðeins verið með puttana í gull- og demantaiðnaðinum og líst ágætlega á þann heim.

**Þú ert sem sagt ekki búin að koma þér fyrir á Íslandi?** Nei, ég er ekki búin að koma mér fyrir á Íslandi, það er einhver misskilningur, eins og er þá er ég bara í heimsókn og er heima hjá mömmu sem býr í 101. Mér finnst ég verða að finna gott viðskiptatækifæri hér heima áður en ég ákveð eitthvað eða jafnvel einhvern þokkafullan fola ▶

LJÓMYNDARI: ARNOLD BJÖRNSSON | HÁR: HAIRDOO KÓPAVOGI | MAKEUP: SIGURLAUG DRÖFN BJARNADÓTTIR | FATNAÐUR: JÚNIK SMÁRALIND | LJÓSMYNDASTÚDÍÓ: ELITE



> „Auðvitað sakna ég þess að hafa alla fjölskylduna saman þegar ég vakna og þegar ég fer að sofa. Ætli það sé ekki tilfinning sem ég verð að venjast, held að hún sé ekkert á förum.

SOHO MARKET
Útsölunni lýkur
Verðsprengja
Aðeins 6 verð
• 1.000,-
• 1.500,-
• 2.000,-
• 2.500,-
• 3.000,-
• 4.000,-
ALLT Á AÐ SELJAST
Rýmum fyrir nýjum vörum
ATH Opið nk. sunnudag frá 13-16
SOHO MARKET
Grensásvegur 8, sími 553 7300
mán-fim 12-18, fös 12-19, lau 12-17

sem gæti náð mér heim. Eins og er þá er heimilið mitt enn þá í Sofíu.

**Hvað ef leið þín liggur svo heim fljótlega, hvað sérðu þá fyrir þér að þú farir að gera?** Nú, ef ég kem heim veit ég ekki hvað bíður mín. Ég hef verið að skoða ýmislegt, bæði nýjar viðskiptahugmyndir og líka að koma inn í minni fyrirtæki sem þurfa á smá hressingu að halda. Svo er ég með einhver bókatilboð á borðinu frá útgefendum. Ég hef ekki tekið þeim síðustu ár en þetta gæti verið rétti tíminn.

**Hvernig gengur lífið eftir skilnaðinn?** Það gengur svona ágætlega, takk. Lífið er búið að vera mjög ævintýraríkt en á sama tíma tómlegt. Auðvitað sakna ég þess að hafa alla fjölskylduna saman þegar ég vakna og þegar ég fer að sofa. Ætli það sé ekki tilfinning sem ég verð að venjast, held að hún sé ekkert á förum.

**Börnin þín, fjölskyldan og uppeldið, segðu okkur aðeins hvernig þú tekst á við móðurhlutverkið samhliða forsíðumyndatökunum og öllum hinum verkefnunum.** Ég er svo heppin að eiga þrjú heilbrigð og frábær börn. Ég átti mitt fyrsta þegar ég var aðeins sautján ára gömul, hann Róbert minn. Hann er algjör töffari sem er núna að klára 10. bekk í vor. Hann er ekkert svakalega hrifinn af Búlgaríu en er að skoða það að koma út eftir skólann og fara að vinna í kvikmyndaiðnaðnum. Þeir eru mjög virkir þarna í Búlgaríu og framleiða um 50 erlendar myndir á ári, bæði stórar og litlar. Svo er það hann Hektor Bergmann, hann er sjö ára fótboltastrákur og býr hjá pabba sínum. Hann æfir mikið og er mjög efnilegur í boltanum, þeir feðgar stunda þetta áhugamál af krafti ásamt Gunnlaugsfjölskyldunni sem styður þá eftir bestu getu. Ef það er ekki fótbolti úti á velli þá horfa þeir á hann í sjónvarpinu. Síðust í röðinni er svo prinsessan hún Victoria Rán, hún er fimm ára og býr úti hjá mér. Hún er ótrúlega klár lítil skellibjalla og talar fjögur tungumál; búlgörsku, þýsku, ensku og íslensku. Hún hefur aldrei búið á Íslandi og líður vel úti í Búlgaríu þar sem hún hefur verið stærstan hluta af lífi sínu. Hún mun líklega fara í rússneska og enska einkaskóla fljótlega eftir að við förum út aftur. Við Garðar höfum verið mikið á flakki síðustu ár og börnin að mestu alin upp erlendis eða í Skotlandi, Svíþjóð, Búlgaríu, Þýskalandi og Austurríki.

**Hvernig hafa börnin fundið sig í þessu flökkulífi?** Þetta hefur allt gengið mjög vel enda þekkja þau nánast ekkert annað. Ég var mjög mikið ein með litlu krakkana þessi ár sem Garðar stundaði fótboltann af krafti og ferðaðist. Við vorum ein í burtu frá öllum ættingjum öll þessi ár en okkur leið bara vel og þetta átti vel við okkur að ferðast svona og upplifa ný lönd og tækifæri. En í lokin þá var orðið svolítið erfitt að hafa ekki fótfestu og vita aldrei hvað myndi gerast næst. Ég á góðar minningar frá þessum tíma og fannst þetta aldrei neitt mikið mál þó svo að ég væri með tvö ung börn. Róbert bjó að mestu leyti hjá pabba sínum og fjölskyldu á þessum tíma og heimsótti okkur út þegar tækifæri gáfust eða við komum heim. Þetta eru orðin sjö ár núna sem við erum búin að vera á flakki á milli landa. Í lokin þráði Garðar að fara heim en ég var ekki til-



Victoria Rán, dóttir Ásdísar og Garðars er aðeins fimm ára gömul en talar nú þegar fjögur tungumál.



Hér má sjá öll börnin samankomin, þau Róbert, Hektor og Victoriu á góðri stundu.


# NUTRILENK
NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN






Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
*- því getur fylgt heppni!*

# Endurheimt liðheilsa og laus við lyfin!

**Fyrir 3 árum gekkst ég undir liðskiptaaðgerð á mjöðm, hafði ég þurft að taka inn gigtarlyf í 5 ár þar á undan vegna slitgigtar í báðum mjöðmum og hálsliðum. Eftir aðgerðina var ég í tiltölulega stuttan tíma á sterkum verkjalyfjum því ég byrjaði meðfram þeim að taka inn Nutrilenk og fann ég fljótt fyrir mun betri líðan.**

## Verkjalaus og svaf eins og engill

Á einhverjum tímapunkti ákvað ég að hætta að taka inn NutriLenk, mér leið svo vel - verkjalaus og svaf allar nætur eins og engill en eftir nokkra daga fann ég fyrir gamalkunnum verkjum og var ég fljót að byrja aftur að taka inn NutriLenk.

Nú tek ég NutriLenk Gold að staðaldri, 3 töflur á dag eða fleiri – því þar sem mér finnst gaman af allri útiveru og fer til dæmis í golf, göngur og sund þá þarf ég að "hlusta" á líkamann og taka fleiri töflur þá daga sem ég er í meiri hreyfingu – allt upp í 5 töflur á dag.

Nutrilenk Gold hefur reynst mér hin besta heilsubót og undravert hversu vel það virkaði eftir aðgerðina. Frábært að hægt sé að endurbæta liðheilsuna með náttúrulegu efni og get ég svo sannarlega mælt með Nutrilenk Gold.

*Anna K Ágústsdóttir*



## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.




**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

**Prófið sjálf-upplifið breytinguna!**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**




**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

PRENTUN.IS



**Ef ég hugsa út í mína fortíð þá hef ég oftast heillast og verið að vesenast í yngri karlmönnum en þetta er aðeins að breytast núna.**

búin og ákvað að freista gæfunnar í Búlgaríu þar sem ég var með nýtt fyrirtæki og líkaði vel. Á þessum tímapunkti slitnaði upp úr okkar sambandi og við völdum að fara hvort í sína áttina.

**Eruð þið Garðar í góðu sambandi?** Já, við erum góðir vinir og erum í mjög góðu sambandi, ég get ekkert kvartað undan því og hugsa að það verði aldrei nein vandamál okkar á milli. Ég hef valið mér þann góða sið að taka öllum eins og þeir eru og gera ekki óþarfa vandamál úr því sem fæst ekki breytt þannig að ég er ekki mikið fyrir að búa til drama úr hlutunum eða vorkenna sjálfri mér. Ég vona bara að hann finni einhverja góða stúlku sem getur hugsað vel um drengina mína – þá verð ég ánægð.

**Settirðu þér einhver ný markmið fyrir árið 2013?** Já, ég setti mér margvísleg markmið fyrir árið, bæði lítil og stór. Sem dæmi þá ætla ég að vera duglegri í ræktinni, koma mér í súper gott form, framleiða eitthvað skemmtilegt fyrir næstu jól, ferðast meira, en ég er nú þegar búin að fara til fimm landa í janúar þannig að það gengur vel, stofna eitt spennandi fyrirtæki, landa nokkrum forsíðum, finna draumaprinsinn, læra búlgörsku betur, koma oftar til Íslands og eins og svo margir aðrir hugsa betur um sjálfa mig og aðra.

**Er sem sagt enginn sem hefur hitt þig í hjartastað enn þá?** Nei, því miður hef ég ekki fundið þann eina rétta. Ég er svo sem ekkert að flýta mér enda búin að vera í tveimur samböndum síðustu sautján árin þannig að ég held ég hafi bara gott af því að vera ein í einhvern tíma en maður veit aldrei hvað bíður handan við hornið.

**Hvað er það sem heillar þig í fari karlmanna?** Ef ég hugsa út í mína fortíð þá hef ég oftast heillast og verið að vesenast í yngri karlmönnum en þetta er aðeins að breytast núna. Ef ég myndi setja niður á blað hvernig karlmann ég vildi myndi ég vilja að hann væri á svipuðum aldri og ég eða eldri, barngóður, viðkunnanlegur, klár, myndarlegur og með bein í nefinu og að hann gæti veitt mér öryggi og höndlað mig og mitt líf án þess að éta mig lifandi eða springa úr afbrýðisemi. Ég er nefnilega ekkert sú auðveldasta.

**Völva Lífsins sagði eftirfarandi: Ásdís Rán verður ekki mikið í sviðsljósinu á árinu. Hún er ekki ánægð með lífið fyrri part ársins 2013 en það breytist með haustinu. Hefurðu í hyggju að draga þig í hlé þegar kemur að sviðsljósinu?** Hvað varðar íslenskt sviðsljós gæti allt eins verið eitthvað til í þessu þar sem ég hugsa að ég verði mikið erlendis að einbeita mér að öðru sviði en áður. Þar af leiðandi á ég eftir að hafa minni tíma til að skemmta íslenskum fjölmiðlum. Hins vegar held ég að það séu mjög litlir möguleikar á því að sviðsljósið minnki utan landsteinanna, en þó svo að það gerist þá truflar það mig ekkert. Annars tek ég þessum völvuspám með fyrirvara þar sem þær hafa spáð því á hverju ári að ég flytji heim en það hefur ekki gerst enn þá. Hvort ég verði svo hamingjusamari með haustinu gæti líka alveg verið rétt, hver veit!






# HÆGIR Á ÖLDRUN HÚÐARINNAR

**Novexpert er ný húðlína sem vinnur gegn öldrun húðarinnar. Línan, sem er þróuð af frönskum vísindamönnum, er án parabena, rotvarnarefna og annarra skaðlegra aukaefna.**



Cyrille Telinge, einn eiganda Novexpert, er staddur hér á landi til að kynna vörurnar. Hann er hér ásamt Ólafíu Magnúdóttur, eiganda Óm Snyrtivara. MYND/STEFÁN

Fjórir vísindamenn standa að baki Novexpert og hefur hver um sig þróað sína vörulínu. Neytendur eru því meðvitaðir um hvaða vísindamaður þróaði þá vöru sem þeir nota. Þetta eru líffræðingar og efnafræðingar sem hafa rannsakað innihaldsefni í snyrtivörum í fjölmörg ár og meðal annars unnið fyrir snyrtivörurisa á borð við Kanebo, Dior og Shiseido. Eftir að hafa þróað formúlur fyrir fjölda snyrtivörumerkja ákváðu þeir í samstarfi við Cyrille Telenge að sameina krafta sína og þróa sína eigin línu undir nafninu Novexpert.

„Oftast eru það markaðs- og peningaöflin sem ráða því hvaða snyrtivörur eru framleiddar en hjá Novexpert eru það vísindamennirnir sem ráða för,“ segir Telinge sem er staddur hér á landi til að kynna vörurnar.

En hvernig er komist hjá notkun rotvarnarefna? „Bakteríur þurfa að komast í snertingu við vatn til að rotnunarferlið hefjist en við höfum fundið aðferð til að beisla vatnið. Þetta er gert með skaðlausum íblöndunarefnum sem mynda filmu utan um vatnsdropana og gera það að verkum að bakteríurnar komast ekki í snertingu við þá. Þannig endast vörurnar jafn lengi og vörur með rotvarnarefnum,“ upplýsir Telinge og heldur áfram: „Við drepum ekki bakteríurnar með skaðlegum efnum heldur deyja þær af sjálfu sér vegna þess að þær komast ekki í snertingu við vatn. Þar sem línan er án rotvarnarefna drepum við ekki heldur æskilegar bakteríur á húðinni þegar kremin eru borin á og því er engin hætta á ofnæmisviðbrögðum.“

Kremin ganga djúpt inn í húðina og byggja hana upp innan frá. Hún hægir á öldrunarferli húðarinnar og dregur sjáanlega úr hrukkum og baugum á skömmum tíma. Henni tilheyra meðal annars andlitskrem, serum, maski og augnkrem.

„Við höfum boðið læknum á kynningarfundi og hafa þeir lýst ánægju sinni með þessar vörur, enda hefur notkun á rotvarnarefnum og öðrum aukaefnum í snyrtivörum bent til aukinna ofnæmistilfella. Rannsóknir hafa leitt í ljós að parabenefni geta verið varhugaverð og finnast þau oft í talsverðu magni í líkamanum. Menn fagna því framförum á þessu sviði,“ segir Ólafía Magnúsdóttir, eigandi Óm Snyrtivara ehf. sem sér um innflutning og dreifingu línunnar.

Línan fór nýlega í dreifingu og fæst í öllum verslunum Lyfju sem og öðrum apótekum.

› Sjá nánar á visir.is/lifid






Doctor Linter stendur að baki La Crème Anti-Âge Expert og Le Fluid Anti-Âge Expert. Þetta eru andlitskrem sem draga úr öldrun húðarinnar.






Doctor Colletta stendur að baki Instant Lifting Serum,The Repulp Cream og The Repulp Mask. Vörurnar gefa húðinni lyftingu.






Doctor D‘Anna hefur þróað Contour Des Yeux Anti-Âge Expert og Contour Des Yeux Anti-Cernes Expert en vörurnar eru hugsaðar fyrir augnsvæðið.



Doctor Jacques Leclere á heiðurinn að litaðri Novexpert línu það er BB krem sem kemur á markað innan skamms.

# HEFUR ÞRÓAÐ HINA ÝMSU RÉTTI UPP ÚR KÓKI



Fréttakonan María Sigrún Hilmarsdóttir hefur unun af því að baka og elda. Hún er óhrædd við að prófa nýjar leiðir og gera tilraunir. Hér má sjá afrakstur einnar þeirra sem er örlítið óhefðbundin en syndsamlega góð að sögn Maríu.

„Hversu oft hefur tveggja lítra kókflösku dagað uppi goslausar í ískápunum ykkar eftir að það er rétt búið að fá sér einu sinni úr þeim? Ég hef sennilega hellt tugum lítra í vaskinn í gegnum tíðina og alltaf finnst mér það mikil synd. Ég hef oft hugsað um hvort hægt væri að endurlífga kók með sodastream-tæki en efast um að það sé hægt. Reynslusögur eru þó vel þegnar.“ Í eitt af þessum skiptum sem María var að hella í vaskinn hugsaði hún hvort ekki væri hægt að nýta flatt kók með einhverjum hætti. „Síðustu misserin hef ég eldað talsvert upp úr kóki og þróað hina ýmsu rétti. Árangurinn hefur komið mér skemmtilega á óvart. Ég veit að þetta er svo sem ekki það heilsusamlegasta í heimi en trúið mér, þetta er syndsamlega gott! Rétturinn sem ég deili með ykkur núna er tilvalinn þegar þið eruð með gesti í heimsókn því það er í fínu lagi að laga súpuna mörgum klukkustundum áður en gestirnir koma og hita hana svo bara upp rétt í lokin, geymið bara appelsínuna og ferska kóríanderið þar til alveg í lokin. Súpan verður bara betri fyrir vikið.“




### Kóknautagúllassúpa Maríu með taílensku ívafi

2 rauðir chili (smátt skornir og fræjunum hent)
4 pressuð hvítlauksrif
2 cm ferskur rifinn engifer
2 msk. olía
1 kg nautagúllas
2 l Coca Cola u.þ.b. (má vera goslaust og ef þið eruð að nota kókflösku sem er ekki full er hægt að nota púðursykur og vatn í staðinn fyrir það sem upp á vantar af kókinu. Ég geri það oftast. Það má líka nota flatt appelsín með, ég gerði það núna eftir jólin.
2 msk. fiskisósa (Thai choice)
1 tsk. sesamolía
1 msk. nautakraftur frá Oscar
2 laukar skornir í hálfhringi
1 poki saltaðar og ristaðar kasjúhnetur
1 pakki ferskir Flúðasveppir (skornir í fernt)
1 búnt vorlaukur skorinn í litlar sneiðar
Salt og pipar eftir smekk
Safi úr tveimur appelsínum
1 tsk. fínt rifinn appelsínubörkur (bara þetta appelsínugula, ekki þetta hvíta)
Ferskt kóríander
Soðnar hrísgrjónanúðlur

#### Aðferð

Takið stóran pott. Setjið á fullan hita og setjið olíu, chili, engifer og hvítlauk í og hrærið. Setjið svo allt kjötið í pottinn og veltið þar til það hefur allt lokast og er orðið ljósbrúnt. Hellið þá kókinu yfir og látið suðuna koma upp og sjóðið svo í 1 klst. Þá setjið þið restina (allt nema kóríanderið og appelsínuna) út í og látið sjóða í 7 mínútur og smakkið til. Rétturinn er svo borinn fram í súpuskálum. Setjið soðnu hrísgrjónanúðlurnar á botninn í skálarnar, því næst gúllassúpuna og svo klippið þið ferskt kóríander yfir.

# HVAÐ FELST Í HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL?

**Þið hafið eflaust heyrt orðið lífsstíll mikið notað undanfarið en hefur þú velt fyrir þér hvað heilbrigður lífsstíll virkilega felur í sér?**

Margir hugsa fyrst og fremst að hollur matur og regluleg hreyfing sé lykilatriði, og með því gætir þú eflaust lifað nokkuð sæmilegu lífi, en þegar þú ímyndar þér þitt fullkomna heilbrigða líferni snýst þá heildarmyndin ekki líka um jafnvægi milli annarra þátta í lífi þínu eins og heimilislífsins, sambandanna, vinnunnar, áhugamálanna og andlegs ástands þíns?

Aukið jafnvægi í lífi þínu getur hjálpað þér við að halda stöðugleika og komið í veg fyrir óreglu í þyngd þinni, skapi og áliti á sjálfri þér og eigin getu.

Hér fyrir neðan eru nokkur almenn hollráð um hvernig þú getur aukið jafnvægi þitt.



**1** Hugaðu að góðum svefni. Þú hefur eflaust heyrt þetta sagt áður en svefn getur haft áhrif á alla þættina í þinni heilsu. Þegar við erum vel úthvíld líður okkur einfaldlega betur og við lítum betur út. Góð byrjun getur verið að takmarka lúra yfir daginn og leitast eftir því að fara í háttinn alltaf á sama tíma. Ef þú finnur þig ekki nógu afslappaða á þessum tíma getur verið gott að fara fyrr upp í rúm, skilja raftæki og dagbókina eftir frammi og taka hugann algjörlega frá hversdagsleikanum, vinnu og heimilisverkum.



**2** Gefðu sjálfri þér tíma út af fyrir þig á hverjum degi. Þó að þér finnist þú ekki þurfa á því að halda þá getur tími út af fyrir þig hjálpað þér að hugsa skýrar og um leið skapað jákvæðari mynd af sjálfri þér til þín og annarra í kringum þig. Tími út af fyrir þig getur haldið streitu og yfirþyrmandi tilfinningum í skefjum í lífi þínu. Þú getur t.d. prófað að hugleiða, skrifa í dagbók, lesa eða fara í stutta göngu.

**3** Skoðaðu afrakstur þinn í lok dags og þakkaðu sérstaklega fyrir eitthvað eitt. Rannsóknir sýna að meira þakklæti getur styrkt sambönd þín, minnkað depurð og minnkað líkur á heilsufarsvandamálum ásamt því að hjálpa þér að haldast í rútínu í heilsu og líkamsrækt.



**4** Borðaðu hægar, tyggðu vel og andaðu milli bita. Með því að tyggja vel matinn og anda milli bita eykur þú upptöku næringarefna og bætir meltingu og brennslu líkamans. Með því að borða hægar eykur þú meðvitund líkamans um hvenær þú ert orðin södd eða ekki. Það gæti komið þér á óvart hversu miklu minni skammturinn þinn getur raunverulega verið.



**5** Taktu eitt skref í einu og settu þér raunhæfar áætlanir. Þegar við breytum of miklu í einu og stöndum okkur ekki samkvæmt áætlunum eigum við til að svekkja okkur á því og gefast jafnvel upp. Með þessum hætti sjáum við síður allt það góða sem við höfum áorkað og erum því heltekin af heildarmyndinni en ekki litlu skrefunum sem leiða okkur þangað.

Verðlaunaðu sjálfa þig fyrir lítinn og stóran ávinning, hlustaðu á líkamann, hann veit hvað hann vill. Vertu svo góð við sjálfan þig; þú lifir aðeins einu sinni í þínum líkama og af hverju ekki að lifa til hins ýtrasta ef við getum!

*Höfundur; Júlía Magnúsdóttir, Heilsumarkþjálfi og næringar- og lífsstílsráðgjafi hjá Lifðu til fulls.*
**www.lifdutilfulls.is**



**Júlía Magnúsdóttir heilsuráðgjafi.**

# Gjöfin þín er í Lyfju!

## Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 6.500 kr. eða meira er þetta gjöfin til þín*




- Liquid Facial Soap Mild 30 ml
- All About Eyes Rich augnkrem 7 ml
- High Impact Maskari 3.5 ml
- Moisture Surge rakakrem 30 ml
- Blushing Blush Kinnalitur 1,8 g
- High Impact varalitur Rosette full stærð

**Meðan birgðir endast*




**NÝTT**

Nýja Repairwear Laser Focus Augnkremið tekur á öllum vandamálum augnsvæðisins og gefur augnsvæðinu hressandi og unglegra útlit.

**20% afsláttur**

af Clinique snyrtivörum í LYFJU í dag 1. febrúar og á morgun 2. febrúar

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Kaupaukinn er fáanlegur í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáralind, Smáratorgi, Egilsstöðum og Reykjanesbæ.

LYFJA

- Lifið heil

Þættirnir Inni fjalla um þá sköpun sem hefur átt sér stað í íslenskum fangelsum gegnum tíðina og vekja þeir athygli á því hvernig fangarnir hafa tjáð sig í listformi á meðan þeir sitja inni. „Við tökum afbrotin og glæpina til hliðar og ræðum um ástandið að vera innilokaður og þörfina fyrir að skapa eitthvað. Það hefur alltaf verið sköpun í fangelsum þó að við höfum kannski lítið vitað af því.“

Í fyrsta þættinum, sem er í dag klukkan 13, er greint frá sögu Bárðar R. Jónssonar, þýðanda Ríkissjónvarpsins. Hann sat inni á Litla-Hrauni fyrir þrjátíu árum og strauk. Það var upphafið að betrun Bárðar en er hann náðist aftur, eftir nokkurra daga sukk í Reykjavík, var hann settur í einangrun. „Þar gerði hann merkilega uppgötvun og ákvað að snúa við blaðinu. Hann bað um að fá að afplána restina af dómnum í einangrun og fékk þar með næði til að skrifa og skapa. Hann hefur verið edrú í mörg ár og kemur í þáttinn með muni og ljóð sem hann gerði er hann sat inni.“

Einnig verður fjallað um hljómsveitina Fjötra frá Litla-Hrauni, sem var mynduð í fangelsinu á níunda áratuginum af meðal annars Rúnari Þór Péturssyni tónlistarmanni og Sævari Ciesielski, og verður hlustað á plötu þeirra Rimlarokk. „Í formála plötunnar kemur þessi setning fram „listin dafnar aldrei betur en í einrúmi“ en hún fangar hinn rauða þráð þáttanna.“

- áp

Opið á morgun, laugardag frá 12-16

# FRÁBÆRT ÚRVAL

**Tökum allar tegundir bíla uppí.**



**Tilboð: 5.390.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD (URT69)**
2,0TDCi 163 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 20.000 km.
Verð: 5.790.000 kr.
Afsláttur: 400.000



**Tilboð: 2.490.000 kr.**

**Mazda3 Advance (AGB18)**
1,6i 105 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 29.000 km.
Verð: 2.660.000 kr.
Afsláttur: 170.000 kr.



**Tilboð: 1.850.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend (KOU45)**
1,4i bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 4.290.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD (LDB02)**
2,5i V6 bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.880.000 kr.
Afsláttur: 590.000 kr.



**Tilboð: 1.450.000 kr.**

**Mazda6 Touring (MN124)**
2,0i bensín beinskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 113.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 1.290.000 kr.**

**Citroën C5 SX (LL625)**
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð: 1.580.000 kr.
Afsláttur: 290.000 kr.



**Tilboð: 1.890.000**

**Subaru Legacy Lux AWD (OT724)**
2,0i 164 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2006. Ek. 121.000 km.
Verð: 2.090.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 3.480.000**

**Porsche Cayenne AWD (OE753)**
3.2i V6 250 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2005. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.900.000 kr.
Afsláttur: 420.000 kr.



**Verð: 3.350.000 kr.**

**Ford Focus Trend (NMS57)**
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Explorer Limited 4x4 (GZE90)**
4,6i V8 291 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.
Afsláttur: 600.000 kr.



**Tilboð: 1.350.000 kr.**

**Citroën C1 SX (RUY83)**
1,0i 68 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 1.570.000 kr.
Afsláttur: 220.000 kr.



**Tilboð: 3.390.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend (VXM01)**
2,0TDCi dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 40.000 km.
Verð: 3.630.000 kr.
Afsláttur: 240.000 kr.

LYKILL
Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

**Komdu í dag**

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.**



**HÖFUÐFAT** Stráhattar voru vinsælir aukahlutir hjá hinum rússneska hönnuði. NORDICPHOTOS/GETTY



**HIMINHÁTT** Himinháir hælar frá Sergeenko.

# Rússnesku áhrifin

## Rússneska tískutáknið Ulyana Sergeenko sýndi hönnun sína á tískuvikunni í París.

Tískutáknið Ulyana Sergeenko sýndi hönnun sína á tískuvikunni í París að viðstöddu margmenni. Á fremsta bekk mátti sjá tískuspekinga á borð við Carine Roitfeld, Grace Coddington, Önnu Dello Russo og Miroslövu Duma. Hönnun Sergeenko bar sterkan keim af rússneskum uppruna hennar og innihélt línan dramatíska síðkjóla í bland við bóndablússur og barðastóra hatta. Línunni var lýst sem ævintýralegri en illa brúklegri. - sm



**SVART ER ÞAÐ** Svartur síðkjóll frá Sergeenko. Línan innihélt mikið af svörtum og hvítum flíkum.



**HEFÐBUNDIÐ** Hönnunin bar mikinn keim af rússneskum hefðum líkt og þessar útsaumuðu stuttbuxur eru til vitnis um.



**HÖNNUÐUR OG TÍSKUTÁKN** Ulyana Sergeenko tilheyrir rússnesku tískumafíunni og er vinsælt myndefni götutískubloggara.

**DRAMATÍK** Dramatískur síðkjóll í anda Önnu Kareninu.



**HVÍTT** Fallegur samfestingur frá Sergeenko.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

EIN BESTA HASARMYND ÁRSINS! ÍSL TAL!
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE LAST STAND | 8, 10.15 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | 4 | L |
| VESALINGARNIR | 5.50, 9 | 12 |
| DJANGO UNCHAINED | 10.15 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | 4.30(48R), 7 | 12 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | 4 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
JASON STATHAM - JENNIFER LOPEZ
PARKER
JASON STATHAM ER MÆTTUR Í EINNI SINNI BESTU HASARMYND TIL ÞESSA
GANGSTER SQUAD
"SOLID ENTERTAINMENT" -NEW YORK DAILY NEWS
"THE BEST GANGSTER FILM OF THE DECADE!"
THE IMPOSSIBLE
NAOMI WATTS TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
JACK REACHER
5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN
MÖGNUÐ NÝ ÍSLENSK MYND
ÞAU ERU KOMIN AFTUR
SKRÍMSLI HF 3D
FRÁBÆR MYND MEÐ GERALD BUTLER OG ELISABETH SUE
CHASING MAVERICKS
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
"SKOTHELD Í ALLA STAÐI!"
DJANGO
SKRÍMSLIN SEM ALLIR ELSKA NÚ Í FRÁBÆRRI ÞRÍVÍDD

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| PARKER VIP | KL. 10:30 | VIP |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD VIP | KL. 5:30 - 8 | VIP |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| XL | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 | 7 |
| JACK REACHER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 3:20 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 3:20 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 10:20 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| XL | KL. 10:20 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 6 | 7 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| DJANGO UNCHAINED | KL. 8 | 16 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| XL | KL. 6 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| THE LAST STAND | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 - 10:10 | 7 |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSL TAL | KL. 6 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ
-EMPIRE -ROGER EBERT
LINCOLN DANIEL DAY-LEWIS
LÚXUS
12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
GOLDEN GLOBE - BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI DANIEL DAY-LEWIS
HÁSKÓLABÍÓ
THE LAST STAND
Vesalingarnir
DJANGO
5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN
2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| THE LAST STAND | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| THE LAST STAND LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.20 | L |
| VESALINGARNIR | KL. 4.30 - 8 | 12 |
| VESALINGARNIR LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| DJANGO | KL. 4.30 - 8 - 10.40 | 16 |
| DJANGO LÚXUS | KL. 10.20 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIF OF PI 3D | KL. 8 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5.50 - 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 - 9 | 12 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 6 | 10 |
| ÁST KL. 8 - 10.20 L / RYÐ OG BEIN | KL. 5.50 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 8 | 14 |
| THE LAST STAND | KL. 8 | 16 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.20 | 12 |
| DJANGO KL. 10.40 16 / RYÐ OG BEIN | KL. 5.50 | L |

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó
ÍSL TAL TILBOÐ KL. 4.30 ÍSL TAL
TILBOÐ KL. 4 TILBOÐ KL. 4
SÝND Í 3D (48 ramma)
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
FÖSTUDAGUR: HOLY MOTORS (16) 17:50, 20:00, 22:10 ■ HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ XL (16) 20:10, 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (14) 17:50 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.
HVELLUR

# Úrval ljósa á betra verði




Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

## Helena komin upp í 2. sætið



Helena Sverrisdóttir er komin upp í annað sætið yfir bestu þriggja stiga skytturnar í Euroleague, Meistaradeild kvenna í körfubolta. Hún hitti úr 2 af 4 þriggja stiga skotum sínum í frábærum sigri Good Angels Kosice á Fenerbahce á miðvikudagskvöldið. Helena hefur nú hitt úr 47 prósentum þriggja stiga skota sinna í Meistaradeildinni (16 af 34) og það er aðeins liðsfélagi hennar, Alexandria Quigley (51 prósent), sem skákar henni. Helena er með 7,0 stig og 4,1 fráköst að meðaltali á 16,6 mínútum í Euroleague í vetur en lið hennar er þegar búið að tryggja sér sigur í sínum riðli.

## Rúnar Már lánaður til Hollands

Rúnar Már Sigurjónsson, leikmaður Vals, hefur verið lánaður til hollenska úrvalsdeildarfélagsins Pec Zwolle. Þetta var tilkynnt á heimasíðu félagsins í gær. Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður hans, staðfesti við Fréttablaðið að um lánssamning væri að ræða en félagið hefði möguleika á að kaupa hann að honum loknum. Pec Zwolle er nýliði í hollensku úrvalsdeildinni og er sem stendur í 14. sæti deildarinnar. Fram undan er því hörð fallbarátta fram á vor. - esá

## Kolbeinn skoraði tvö fyrir Ajax í gær

Kolbeinn Sigþórsson skoraði tvö mörk í sínum fyrsta leik með Ajax í fimm mánuði þegar hann kom inn á sem varamaður í bikarleik á móti Vitesse í gærkvöldi. Ajax tryggði sér sæti í undanúrslitum keppninnar með 4-0 sigri á útivelli.

Kolbeinn kom inn á sem varamaður 15 mínútum fyrir leikslok þegar staðan var orðin 2-0 yfir Ajax. Hann skoraði þriðja mark liðsins aðeins sex mínútum síðar og fimm mínútum síðar var hann búinn að skora aftur. Kolbeinn hafði ekki spilað með Ajax síðan í 2-2 jafntefli á móti AZ Alkmaar í fyrstu umferð hollensku deildarinnar 12. ágúst síðastliðinn en hann þurfti síðan að fara í aðgerð á öxl. Að sjálfsögðu skoraði Kolbeinn í þessum eina leik sínum með Ajax á tímabilinu og er því með þrjú mörk í tveimur leikjum á leiktíðinni.

Síðasti opinberi leikur Kolbeins fyrir leikinn í gærkvöldi var samt í 2-0 sigri á Færeyjum á Laugardalsvellinum í ágúst en Kolbeinn skoraði þá líka tvö mörk eins og í gærkvöldi.

Kolbeinn er í leikmannahópi Íslands fyrir vináttuleik við Rússa á Spáni í næstu viku. - óój

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA Í KÖRFU

**Grindavík - Þór Þorl. 89-87 (40-40)**

**Grindavík:** Aaron Broussard 35 (10 frák.), Samuel Zeglinski 19, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 16 (10 frák.), Þorleifur Ólafsson 12, Jóhann Árni Ólafsson 5, Björn Steinar Brynjólfsson 2.

**Þór Þorl.:** Benjamin Smith 26, David Jackson 23 (10 frák.), Darri Hilmarsson 14, Darrell Flake 11 (10 frák.), Guðmundur Jónsson 6, Baldur Þór Ragnarsson 5, Emil Karel Einarsson 2.

**Stjarnan - Snæfell 88-89 (48-47)**

**Stjarnan:** Jarrid Frye 27 (9 frák.), Justin Shouse 19, Brian Mills 13, Jovan Zdravevski 12, Fannar Freyr Helgason 10, Dagur Kár Jónsson 4, Kjartan Atli Kjartansson 3.

**Snæfell:** Jay Threatt 28 (9 stoðs.), Sigurður Þorvaldsson 18, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 16, Asim McQueen 10, Sveinn Davíðsson 7, Ólafur Torfason 6 (12 frák.), Hafþór Ingi Gunnarsson 4, Jón Ólafur Jónsson 0 (0/8 í skotum, 23 mín.).

**ÍR-Njarðvík 81-98 (39-52)**

**ÍR:** D'Andre Jordan Williams 27, Eric Palm 18, Sveinbjörn Claessen 10, Vilhjálmur Theodór Jónsson 8, Nemanja Sovic 8, Hjalti Friðriksson 6, Ellert Arnarson 2, Þorvaldur Hauksson 2.

**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 23, Nigel Moore 21, Marcus Van 20/18 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 15, Ólafur Helgi Jónsson 10/8 fráköst, Ágúst Orrason 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 3.

**Skallagrímur-Fjölnir 85-83 (53-41)**

**Skallagrímur:** Carlos Medlock 40, Davíð Ásgeirsson 13/, Hörður Helgi Hreiðarsson 11, Sigmar Egilsson 8, Páll Axel Vilbergsson 7, Trausti Eiríksson 3, Orri Jónsson 3.

**Fjölnir:** Christopher Smith 23/16 fráköst, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 16, Tómas Heiðar Tómasson 15, Arnþór Freyr Guðmundsson 9, Gunnar Ólafsson 8, Isacc Deshon Miles 8, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 4.

### N1-DEILD KVENNA Í HANDBOLTA

**Fram - Valur 22-27 (9-10)**

**Fram-kvenna - Mörk (skot):** Elísabet Gunnarsdóttir 6/2 (8/3), Stella Sigurðardóttir 4 (12), Sunna Jónsdóttir 3 (6), Birna Berg Haraldsdóttir 3 (15), Hekla Rún Ámundadóttir 2 (2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (3), Steinunn Björnsdóttir 1 (3), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (3).

**Varin skot:** Guðrún Bjartmarz 18/1 (45/3, 40%).

**Valur-kvenna - Mörk (skot):** Dagný Skúladóttir 9/1 (10/1), Þorgerður Anna Atladóttir 6 (15), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 4 (10), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 4/1 (12/2), Aðalheiður Hreinsdóttir 2 (3), Karólína Bærhenz Lárudóttir 1 (1), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (2),.

**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsdóttir 20/1 (42/3, 48%).

**Valskonur eru með tveggja stiga forskot á toppi deildarinnar og verður alltaf ofar endi liðin jöfn að stigum.**

Slökkvitækja-
þjónusta



Reglubundið eftirlit og
viðhald slökkvitækja

oryggi.is
Sími 570 2400

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN



**ENN EITT ÆVINTÝRIÐ** Beckham var kynntur á blaðamannafundi hjá PSG í gær. Par á bæ ætlast menn til mikils af honum. NORDICPHOTOS/GETTY



Í BÚNINGI MAN. UTD



Í BÚNINGI REAL.



Í BÚNINGI GALAXY.

# Beckham ræðst inn í París

David Beckham mun freista þess að verða meistari í fjórða landinu á sínum ferli en hann er búinn að semja við franska stórliðið PSG. Félagið er þegar búið að eyða hátt í 400 milljónum punda í leikmenn og ætlar sér stóra hluti í Evrópuboltanum. Margir bíða spenntir eftir samstarfi Beckhams og Zlatans Ibrahimovic.

**FÓTBOLTI** Nýr kafli í glæsilegum ferli Englendingsins Davids Beckham hófst í gær. Þá samdi þessi 37 ára gamla goðsögn undir samning við franska liðið PSG.

Þar ráða ríkjum moldríkir Katarar sem ætla að gera PSG að besta liði heims. Þeir eru þegar búnir að eyða miklum peningum í félagið og eru ekki hættir. Þeir munu þó klárlega græða líka á Beckham enda enginn knattspyrnumaður sem hefur selt álíka magn af treyjum og þessi vinsæli Englendingur.

Með komu Beckhams mun sviðsljósið enn frekar vera á franska félaginu og bíða margir spenntir eftir því að fylgjast með samstarfi Beckhams og Svíans Zlatans Ibrahimovic. Zlatan mun fá úr nægu að moða er Beckham byrjar að dæla snilldarsendingum sínum inn í teiginn á Svíann.

Beckham er sigurvegari. Það er óumdeilt. Hvar sem hann hefur verið hefur hann náð árangri. Ferillinn hófst hjá Man. Utd þar sem hann spilaði í ótrúlegu liði og vann Englandsmeistaratitilinn sex sinnum.

### Látinn fara frá Manchester

Vinsældir hans voru miklar og ekki minnkuðu þær er hann fór að slá sér upp með kryddpíunni Victoriu. Sumir segja að hann hafi verið orðinn of stór fyrir félagið og þess vegna hafi Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, ákveðið að selja hann. Það hefur aldrei verið staðfest. Samband Beckhams og Fergusons var þó erfitt eftir vinsældir hans ruku upp úr öllu valdi. Er frægt þegar Ferguson kastaði skó í Beckham með þeim afleiðingum að leikmaðurinn fékk skurð á höfuð.

Það varð að lokum óumflýjanlegt að Beckham færi og hélt hann því næst til spænska stórliðsins Real Madrid. Margir höfðu efasemdir um að hann hefði það sem til þyrfti hjá spænska félaginu en hann þaggaði niður í öllum slíkum röddum. Hann átti frábær ár hjá félaginu og er enn mjög vinsæll hjá stuðningsmönnum félagsins.

Hinn metnaðarfulli Beckham var nú bæði búinn að vinna meistaratitla á Englandi og Spáni. Þá fór hann út í hið kröfumikla verkefni að koma bandarískum fótbolta á kortið.

### Innrásin í Bandaríkin

Það gekk upp og ofan hjá honum. Bandarískur fótbolti náði ekki sömu hæðum og stærstu íþróttirnar í Bandaríkjunum en vinsældirnar jukust samt talsvert. Fjölmiðlaumfjöllun varð meiri og krakkar í Bandaríkjunum flykktust á völlinn til þess að æfa fótbolta. Beckham náði ekki að lyfta boltanum upp í hæstu hæðir en upp fór hann. Þess utan vann Beckham tvo meistaratitla og yfirgaf Bandaríkin sem sigurvegari, enn á ný. Þrjú lönd og meistari í þeim öllum.

Það er ansi líklegt að hann verði orðinn meistari í fjórða landinu síðar á þessu ári. PSG er á toppnum í Frakklandi og ansi líklegt til afreka með sinn frábæra mannskap.

Það á líka eflaust mjög vel við tískuhjónin að búa í París en eiginkona Beckhams, Victoria, hefur verið að láta til sín taka á þeim markaði með góðum árangri og Beckham eftirsótt módel þess utan.

París er því vettvangur nýrra sigra Beckham-hjónanna og þau munu vafalítið ná árangri þar eins og annars staðar. henry@frettabladid.is

## Barnaspítali í París fær öll laun Beckhams

David Beckham olli ekki vonbrigðum á blaðamannafundi í París í gær þar sem hann var tilkynntur sem nýr leikmaður PSG en eins og vanalega geislaði hann af þokka og glæsibrag. Beckham er ekki kominn til Parísar peninganna vegna sem sést kannski best á því að hann hefur ákveðið að ánefna barnaspítala í París sex mánaða laun sín hjá PSG. „Ein af ástæðunum fyrir því að ég kem til Parísar er að við höfðum tækifæri til að gera eitthvað einstakt. Launin mín munu fara til barnaspítala í París og ég er mjög spenntur og stoltur yfir því að geta gert það. Ég er ekki viss um að svona hafi verið gert áður,“ sagði Beckham meðal annars á fundinum.

### DAVID ROBERT JOSEPH BECKHAM

**FERILLINN:**

| | |
|---|---|
| **1993-2003:** | Man. Utd 265 leikir, 62 mörk |
| **1995:** | Preston (lán) 5 leikir, 2 mörk) |
| **2003-07:** | Real Madrid 116 leikir, 13 mörk |
| **2007-12:** | LA Galaxy 98 leikir, 18 mörk |
| **2009:** | AC Milan (lán) 18 leikir, 2 mörk |
| **2010:** | AC Milan (lán) 11 leikir, 0 mörk |

**LANDSLEIKIR FYRIR ENGLAND:**
**115 leikir, 17 mörk.**

**TITLAR MEÐ MAN. UTD:**

**Enskur meistari:** 6 sinnum (1995-96, 1996-97, 1998-99, 1999-2000, 2000-01, 2002-03)

**Bikarmeistari:** 2 sinnum (1995-96, 1998-99)

**Góðgerðarskjöldurinn:** 4 sinnum (1993, 1994, 1996, 1997)

**Meistaradeildin:** 1 sinni (1998-99).

**HM-félagsliða:** 1 sinni (1999)

**TITLAR MEÐ REAL MADRID:**

**Spánarmeistari:** 1 sinni (2006-07)

**Ofurbikarinn:** 1 sinni (2003)

**TITLAR MEÐ LA GALAXY:**

**Bandaríkjameistari:** 2 sinnum (2011, 2012)

**Stuðningsmannaskjöldurinn:** 2 sinnum (2010, 2011)


UFC
On Fuel TV 7
GUNNAR NELSON
VS
JORGE SANTIAGO
Í beinni útsendingu í Smárabíói 16. febrúar
Heppinn miðahafi sem kaupir miða fyrir 13. febrúar vinnur ferð fyrir tvo til London með gistingu í tvær nætur og miða á bardagann í Wembley Arena. Vinningshafinn verður dreginn út í útvarpsþættinum Harmageddon á X-inu 977 miðvikudaginn 13. febrúar.
Miðasala hefst í dag kl. 10 á Midi.is
2 SPORT HD
betsson
europe by easyJet
SMÁRA BÍÓ
Gull
LÉTTÖL
X 97.7
ZEBRA

**> Stöð 2 kl. 20.10**

**MasterChef Ísland**



Spennan magnast í MasterChef Ísland á Stöð 2. Í þættinum í kvöld eru fjórir kokkar eftir í keppninni og þeir þurfa að galdra fram gómsæta rétti til að heilla dómnefndina. Í lok þáttarins verður einn keppandi sendur heim.

## Í KVÖLD



**Now Pay Attention 007**

**SKJÁR 1 KL. 22.50** Heimildarmynd um furðufuglinn og tæknisénííð Q úr James Bond-myndunum. Desmond Llewelyn lék Q í 17 myndum og hefur enginn leikið í fleiri Bond-myndum en hann. Meðal þeirra sem spjallað er við í myndinni eru Pierce Brosnan, John Cleese og Llewelyn sjálfur.

IMDb 7,0



**Pretty Little Liars**

**POPPTÍVÍ KL. 21.35** Það eru alltaf læti í kringum þær Spencer, Ariu, Emily og Hönnu og nú er komið að síðasta þættinum í seríunni. Þær hafa enn ekki komist að því hver er á bak við hið dularfulla A sem gerir þeim lífið leitt en telja sig þó komnar á sporið.

TV.COM 8,8 IMDb 8,0



**The Cider House Rules**

**RÚV KL. 21.35** Óskarsverðlaunamynd um Homer Wells sem elst upp á munaðarleysingjaheimili. Það er læknir sem stýrir heimilinu og kennir Homer fagið. Homer er á móti ólöglegum fóstureyðingum sem læknirinn framkvæmir en lendir síðar meir í flókinni aðstöðu hvað það varðar.

Rotten Tomatoes 71% IMDb 7,4

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Inni **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Hvellurinn við Miðhvísl **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Arabískar sönggyðjur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 Söngvakeppnin 2013 - Lögin í úrslitum** Flutt verða þrjú laganna sjö sem keppa í úrslitum Söngvakeppninnar á laugardagskvöld.

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

**17.20 Babar**

**17.44 Bombubyrgið**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Framandi og freistandi 3** *(6:9) (e)*

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Söngvakeppnin 2013 - Lögin í úrslitum** Flutt verða öll lögin sjö sem keppa í úrslitum Söngvakeppninnar á laugardagskvöld.

**20.20 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Hornafjarðar og Skagafjarðar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.

**21.25 Hraðfréttir** *(e)*

**21.35 Reglur eplahússins***(The Cider House Rules)* Bandarísk bíómynd frá 1999. Leikstjóri er Lasse Hallström og meðal leikenda eru Tobey Maguire, Charlize Theron og Michael Caine.

**23.40 Dráparinn – Skuggi fortíðar** *(6:6) (Den som dræber: Fortidens skygge)* Dönsk mynd um æsispennandi leit dönsku lögreglunnar að raðmorðingja. Meðal leikenda eru Laura Sofia Bach, Jakob Cedergren og Lars Mikkelsen. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.15 Söngvakeppnin 2013 - Lögin í úrslitum**

**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30 The Invention Of Lying**

**14.10 Robots**

**15.40 I Could Never Be Your Woman**

**17.15 The Invention Of Lying**

**18.55 Robots**

**20.25 I Could Never Be Your Woman**

**22.00 The Descendants**

**23.55 Contagion**

**01.40 Crank: High Voltage**

**03.15 The Descendants**

**05.15 Contagion**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Ellen** *(87:170)*

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** *(74:175)*

**10.15 Two and a Half Men** *(8:16)*

**10.40 Til Death** *(11:18)*

**11.05 Masterchef USA** *(14:20)*

**11.50 The Kennedys** *(8:8)*

**12.35 Nágrannar**

**13.00 March Of The Dinosaurs** Teiknuð heimildarmynd sem Stephen Fry talar inn á. Fjallað er um risaeðlurnar og þann tíma sem þær réðu lögum og lofum á jörðinni okkar.

**14.40 Sorry I've Got No Head**

**15.10 Barnatími Stöðvar 2**

**16.40 Doddi litli og Eyrnastór**

**16.50 Bold and the Beautiful**

**17.10 Nágrannar**

**17.35 Ellen** *(88:170)*

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*

**19.45 Týnda kynslóðin** *(20:24)* Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.

**20.10 MasterChef Ísland** *(7:9)* Frábærir þættir þar sem íslenskir áhugakokkar keppa í matreiðslu. Í dómnefnd eru Friðrika Hjördís Geirsdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Eyþór Rúnarsson.

**20.55 American Idol** *(5:40)* Tólfta þáttaröð þessa vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Talsverðar breytingar hafa orðið á dómnefndinni og Randy Jackson einn eftir á sínum stað.

**22.20 Crazy Heart** Mögnuð mynd um útbrunna kántrístjörnu sem ákveður að söðla um eftir að hann kynnist ástinni. Jeff Bridges fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni.

**00.10 Jack and Jill vs. the World**

**01.35 Columbus Day**

**03.05 The Marine 2**

**04.40 MasterChef Ísland** *(7:9)*

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.35 Ensku bikarmörkin**

**18.05 Spænski boltinn: Real Madrid - Getafe**

**19.45 Sergio Garcia á heimaslóðum** David Feherty heimsækir spænska kylfinginn Sergio Garcia.

**20.30 La Liga Report**

**21.00 HM 2013: Spánn - Danmörk** Útsending frá úrslitaleiknum

**22.15 UFC in Nottingham** Útsending frá fyrsta bardaga Gunnars Nelson innan UFC-samtakanna í blönduðum bardagalistum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.10 Newcastle - Swansea**

**18.50 Arsenal - Liverpool**

**20.30 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar.

**21.00 Premier League Preview Show 2012/13** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.30 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.

**22.00 Man. Utd. - Southampton**

**23.40 Premier League Preview Show 2012/13**

**00.10 Reading - Chelsea**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**

**07.20 Áfram Diego, áfram!**

**07.45 Waybuloo**

**08.05 Dóra könnuður**

**08.30 Svampur Sveinsson**

**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**

**09.00 UKI**

**09.05 Strumparnir**

**09.30 Lína Langsokkur**

**09.55 Ofurhundurinn Krypto**

**10.15 Lukku-Láki**

**10.40 Histeria!**

**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**

**17.05 Maularinn**

**17.30 Ofurhetjusérsveitin**

**17.55 iCarly** *(4:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(16:22)* Breskur kvikmyndaframleiðandi er að vinna að heimildarmynd um grunnskólann í Springfield. Lísa reynir að bjarga himninum og Bart lítur sér nær og reynir að bjarga kúlinu.

**17.25 Íslenski listinn**

**17.50 Sjáðu**

**18.15 Gossip Girl** *(13:22)*

**19.00 Friends** Rachel kemur sér í vandræði þegar hún fer í atvinnuviðtal á laun. Phoebe er að hugsa um að breyta eftirnafninu sínu og Joey finnst hann yfirgefinn þar sem Monica og Chandler eru í fasteignahugleiðingum.

**19.25 How I Met Your Mother** *(3:24)*

**19.50 Simpson-fjölskyldan** *(4:22)*

**20.10 The Glee Project** *(2:12)* Önnur röðin af þessum þáttum sem ganga út á það að finna og þjálfa upp hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.

**20.55 Hellcats** *(2:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.

**21.35 Pretty Little Liars** *(25:25)*

**22.20 Sons of Anarchy** *(11:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur byssuframleiðslu, peninga og ofbeldis.

**23.05 The Glee Project** *(2:12)*

**23.50 Hellcats** *(2:22)*

**00.30 Pretty Little Liars** *(25:25)*

**01.15 Sons of Anarchy** *(11:13)*

**02.05 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(126:175)*

**19.05 Ellen** *(88:170)*

**19.45 Það var lagið**

**20.40 Agatha Christie - Mystery of the Blue Train**

**22.20 American Idol** *(6:40)*

**23.30 Það var lagið**

**00.25 Agatha Christie - Mystery of the Blue Train**

**02.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray**

**08.45 Dr. Phil**

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**12.50 The Voice** *(1:15)*

**15.50 Top Chef** *(8:15)*

**16.35 Rachael Ray**

**17.20 Dr. Phil**

**18.00 Survivor** *(13:15)*

**18.50 Running Wilde** *(11:13)* Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development.

**19.15 Solsidan** *(1:10)* Sænskur gamanþáttur sem segir frá tannlækninum Alex og kærustu hans Önnu og kynnum þeirra af undarlegum fígúrum hverfisins sem þau eru nýflutt í.

**19.40 Family Guy** *(5:16)* Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island.

**20.05 America's Funniest Home Videos**

**20.30 The Biggest Loser** *(5:14)* Það sem keppendur eiga sameiginlegt í þessari þáttaröð er að þeim hafa dunið áföll. Þau fá nú tækifæri til að létta á sér.

**22.00 HA?** *(4:12)* Spurninga- og skemmtiþáttur þar sem Jói G. er gestgjafi, Sóli Hólm og Gunnar Sigurðsson á Völlum sjá um svörin og Stefán Pálsson semur spurningarnar.

**22.50 Now Pay Attention 007** Skemmtileg heimildarmynd um hinn geðþekka furðufugl Q.

**23.40 Hæ Gosi** *(1:8) (e)*

**00.10 Excused** *(e)*

**00.35 House** *(20:23) (e)*

**01.25 Last Resort** *(10:13) (e)*

**02.15 Combat Hospital** *(6:13) (e)*

**03.05 CSI** *(14:23) (e)*

**03.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Waste Management Phoenix Open **2013** *(1:4)* **11.10** PGA Tour - Highlights *(4:45)* **12.05** Waste Management Phoenix Open **2013** *(1:4)* **15.05** Ryder Cup Official Film **1997 17**.10 Waste Management Phoenix Open **2013** *(1:4)* **20.10** Golfing World **21.00** Waste Management Phoenix Open **2013** *(2:4)* **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Randveri **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó · **FM 90,1** Rás 2 · **FM 90,9** Gullbylgjan · **FM 93,5** Rás 1 · **FM 95,7** FM957 · **FM 96,3** FM Suðurland · **FM 96,7** Létt Bylgjan · **FM 97,7** X-ið · **FM 98,9** Bylgjan · **FM 99,4** Útvarp Saga · **FM 100,5** Kaninn · **FM 102,2** Útvarp Latibær · **FM 102,9** Lindin · **FM 105,5** Útvarp Boðun


# Ísland og Evrópa

**Samband á tímamótum**

**– námskeið um ESB á mannamáli**

**HVAÐ?** Þriggja kvölda námskeið um ESB

**HVENÆR?** Þriðjudagana 12., 19. og 26. febrúar kl. 20:15-22:15

**HVAR?** Endurmenntun, Dunhaga 7, Reykjavík

**HVE MIKIÐ?** 3.000 kr.

Á námskeiðinu er farið yfir Evrópumálin á aðgengilegan og áhugaverðan hátt út frá sjónarhóli Íslands. Fjallað verður um Evrópusambandið og helstu stofnanir þess, hvernig ákvarðanir eru teknar innan sambandsins, aðildarumsókn Íslands að ESB, evrusamstarfið og skuldakreppuna í Evrópu.

**Umsagnir um námskeiðið:**

***„Mjög skemmtilega gert og vel framsett"***

***„Mjög fínt námskeið. Gott að fá þetta svona samþjappað og skýrt framsett. Frábært!"***

Námskeiðið er haldið af Evrópustofu í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

**Nánari upplýsingar og skráning á www.endurmenntun.is**

Evrópustofa

Upplýsingamiðstöð ESB

Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.




ENNEMM / SÍA / NM56386

# ÞAU EIGA ÞAÐ SKILIÐ!

**Já hvetur landsmenn til að þakka öllum 18.000 sjálfboðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar með því að segja reynslusögur af aðstoð eða björgun.**

**Sýndu þakklæti í verki og sendu inn þína sögu á já.is fyrir 20. febrúar nk.** Þrjár sögur sem best lýsa mikilvægi sjálfboðastarfsins hljóta 500.000 kr., 300.000 kr. og 200.000 kr. peningaverðlaun sem höfundarnir geta gefið björgunarsveit að eigin vali. Þú getur líka þakkað sjálfboðaliðunum fyrir að vera ávallt í viðbragðsstöðu með því að senda þeim baráttukveðju á já.is.

118 | Gulu síðurnar | Já.is | Stjörnur.is | Símaskrá | Já í símann | i.ja.is

Símaskráin 2013 verður tileinkuð sjálfboðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og þar verða birtar valdar sögur og þakkir til sjálfboðaliða.

já
er svarið

## HELGIN



**„Ég ætla á þorrablót á föstudagskvöldið. Svo ætla ég að slaka á á laugardag, væri gaman að skella sér í sund með guttann. Á sunnudaginn fer ég svo á samkomu hjá Salti, kristnu samfélagi.“**

Laufey Aðalsteinsdóttir, eigandi Blómabarna.

# Líta á tónlistina sem trúarbrögð

Fyrstu tónleikar Kiss-heiðurshljómsveitarinnar Meik verða á Akureyri í kvöld.

„Þetta er stór dagur í íslenskri tónlistarsögu,“ segir Magni Ásgeirsson. Hann er aðalsöngvari Kiss-heiðurshljómsveitarinnar Meik sem spilar á sínum fyrstu tónleikum á Græna hattinum á Akureyri í kvöld. Næstu tónleikar verða á Spot í Kópavogi 8. febrúar.

Aðrir meðlimir í Meik eru einnig reynsluboltar úr tónlistarbransanum, þeir Eiður Arnarsson úr Todmobile, Einar Þór Jóhannsson úr Dúndurfréttum, Jóhann Hjörleifsson úr Sálinni, Jón Elvar Hafsteinsson úr Delize Italiano og Þráinn Árni Baldvinsson úr Skálmöld.

„Hljómsveitin er alveg klikkuð. Þetta er stórskotalið hljóðfæraleikara og Kiss-aðdáenda,“ segir Magni. „Ég er búinn að grínast með það nokkrum sinnum að þeir séu eins og Star Trek-nördar, þeir eru svo vel að sér nokkrir í Kiss-fræðum. Ég og Jói trommari erum eins og aukvisar miðað við þessa menn.“

Hann segist hlakka til kvöldsins en einnig vera smá stressaður. „Við erum að spila tónlist sem sumir líta á sem trúarbrögð. Maður þarf að standa sig.“

Spurður hvort þeir verði meikaðir eins og liðsmenn Kiss segir Magni að farið verði með það allavega hálfa leið. En hvað með hárkollur? „Ég nenni því nú ekki. Þar dreg ég mörkin.“

Magni fer á Eurovision-æfingu í Hörpu á morgun og flýgur svo norður. Spurður hvort hann lendi ekki í öðru til þriðja sæti eins og hingað til segir hann: „Það er alltaf gaman að vera í topp þrjú. Það væri samt gaman að prófa fyrsta sætið einu sinni en ég er ekkert frekur.“ -fb



**KISS** Magni og félagar spila fræg lög með Kiss á tónleikunum í kvöld.




NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

★★★★
„Ein af betri myndum ársins 2012.“
Mbl.

100/100
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“
The Hollywood Reporter

100/100
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“
New York Observer

100/100
„Ógnvænlega vel gerð.“
Variety

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL Komin í bíó SAMBÍÓIN


# DMX kemur á stóra hátíð í Keflavík

Fyrstu atriðin á Keflavík Music Festival 2013 hafa verið tilkynnt. Hátíðin verður haldin öðru sinni í sumar og segir skipuleggjandi dagskrána hafa vaxið tífalt.

„Það verða tíu erlend atriði á hátíðinni og ég get staðfest að DMX er eitt þeirra, en hann er ekki það stærsta. Auk þess verður þarna rjóminn af íslensku tónlistarsenunni,“ segir umboðsmaðurinn Ólafur Geir Jónsson.

Hátíðin sem um ræðir er Keflavík Music Festival 2013, sem haldin verður dagana 5. til 9. júní. Það eru Ólafur Geir hjá agent.is og Pálmi Þór Erlingsson sem standa að hátíðinni. „Við verðum á átta stöðum um bæinn, allt frá Reykjaneshöllinni yfir í Keflavíkurkirkju,“ segir Ólafur Geir. Þetta er í annað sinn sem hátíðin verður haldin og hefur hún vaxið mikið frá þeirri fyrstu sem var síðasta sumar. „Við erum búin að bæta við helmingi fleiri stöðum og dagskráin er tíu sinnum stærri,“ segir Óli Geir en þar að auki er búið að lengja hátíðina úr þremur kvöldum í fjögur. Atriði hátíðarinnar verða um 150 talsins og hljómsveitir geta sótt um að vera með á heimasíðu hátíðarinnar. Atriðin verða kynnt smám saman á næstu vikum og hafa nú fyrstu fimm verið staðfest. Það eru íslensku hljómsveitirnar SIGN, Agent Fresco og Bloodgroup auk þeirra Páls Óskars og Moniku og áðurnefnds DMX.

Rapparinn og þrettán barna faðirinn DMX er mörgum að góðu kunnur en þetta verður í fyrsta skipti sem hann kemur til landsins. Hann er fæddur árið 1970 og hefur verið liðlega þrjátíu ár í bransanum. DMX gaf út sína fyrstu plötu árið 1998 og hefur selt yfir þrjátíu milljónir platna á heimsvísu, sem gerir hann að einum söluhæsta hipphopptónlistarmanni allra tíma. Auk þess hefur verið gerð raunveruleikaþáttaröð um hann, hann hefur gefið út sjálfsævisögu og leikið í fjölda bíómynda.

Árið 2009 tók DMX sér frí frá bransanum í þeim tilgangi að rækta trúarlíf sitt. Hann hefur nú snúið aftur og gaf út sína nýjustu plötu, Undisputed, í september. „Hann er búinn að frelsast, er orðinn edrú og búinn að taka sig algjörlega í gegn,“ segir Óli Geir.

Miðasala á Keflavík Music Festival hefst í dag og verður hægt að nálgast miða á sérstöku forsölutilboði þar til 8. febrúar á heimasíðunni keflavikmusicfestival.com. tinnaros@frettabladid.is



**ENGINN SAKLEYSINGI** DMX hefur upplifað tímana tvenna og lent í ýmsu í gegnum árin. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fimm plötur á top Billboard

Rapparinn DMX hefur fengið fjöldann allan af verðlaunum og viðurkenningum á ferli sínum. Meðal annars hefur hann verið tilnefndur til Grammy-verðlauna í þrígang og fimm sinnum til MTV-tónlistarverðlaunanna.

Hann er eini tónlistarmaðurinn í sögunni sem gaf út fimm plötur í röð sem allar fóru beint á toppinn á Billboard 200 listanum í Bandaríkjunum. Önnur plata hans, Flesh of My Flesh, Blood of My Blood, sat þar í þrjár vikur samfleytt þegar hún kom út í desember 1998. 670.000 eintök af þeirri plötu seldust fyrstu vikuna eftir að hún kom út.

Eitt vinsælasta lag DMX, Party Up (Up in Here) kom út árið 1999 og var í 56. sæti á topp 100 laga lista VH1 árið 2000. Platan sem það lag var á, And Then There Was X, varð sexföld platín-plata.

# Margir sóttu um draumastarfið

Hópur fólks mætti í starfsviðtal hjá Hópkaupum.is í Bíói Paradís í gær.

Yfir 200 manns mættu í Bíó Paradís í gær í starfsviðtal hjá fyrirtækinu Hópkaup.is.

Auglýst var eftir fólki sem þurfti að vera 20 ára og eldra og koma vel fyrir. Í þessu starfi, sem Hópkaup gaf í skyn að væri draumastarf, felst að prófa þau fríðindi sem fyrirtækið auglýsir á síðu sinni. Þannig fær starfsmaðurinn borgað fyrir að gista á flottum hótelum, borða góðan mat á veitingastöðum, fara í nudd, snyrtingu og fleira.

Er þetta ekki algjört draumastarf? „Ég tel að það séu ekki mörg svona spennandi og fríðindamikil störf í boði. Starfið verður örugglega mjög mikil skemmtun fyrir þá einstaklinga sem fá það, sérstaklega þegar aðeins fer að vora og fólk getur farið í afþreyingu eins og Gokart eða annað slíkt,“ segir Stefán Jökull Stefánsson, netmarkaðsstjóri Hópkaupa.

Spurður hversu margir verða ráðnir segir Stefán að það komi í ljós. „Vonandi verður erfitt að ráða. Hugsanlega verða þetta tvö störf, hugsanlega þrjú eða kannski eitt. Það fer eftir þeim hæfileikum sem verða til staðar.“

Á bilinu tíu til tólf starfsmenn eru fyrir hjá Hópkaupum, sem var stofnað í mars 2011. „Það gengur vel. Við sjáum ekkert nema bjarta tíma fram undan.“ - fb



**Í BÍÓ PARADÍS** Vala Grand var meðal þeirra sem mættu í starfsviðtal hjá fyrirtækinu Hópkaup.is. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# ÚTSALA



## 32“ LG 3D sjónvarp

Frábært verð á 32“ fullkomnu Cinema 3D sjónvarpi sem skilar 100Hz endurnýjunartíðni með Dual-Play stuðningi. Upplifðu flottustu 3D-tæknina frá LG.

NÝ VARA - frábært verð

Verð: 99.995

Vnr. 32LM340T



42LM620

Útsöluverð: 289.995

100 ÞÚS. KR. AFSL.

Verð áður: 389.995

## LG 47” 3D LED sjónvarp

Full HD 1920x1080p með TruMotion 400Hz MCI. SmartTV. Innbyggður S2 gervihnattamóttakari. DivX HD afspilun af USB. Home Dashboard valmynd ásamt DLNA-tengingu. 4 HDMI, 3 USB-tengi og snúningsfótur.

ÚTSALA



A00007086

## Nokia Asha 302

Frábær í tölvupóstinn. Ef þú skrifar mikinn tölvupóst eða önnur textaskilaboð, henta fáir símar jafnvel og þessi.

Útsöluverð: 16.995

6 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 22.995

CON-1600



Útsöluverð: 27.995

19 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 46.995

## Contour Roam sport-myndavél

Sáraeinföld í notkun. Einn og sami takkinn kveikir á vélinni og setur beint á upptöku sem gerir alla notkun mjög þægilega. Hámarks myndgæði með lágmarks röskun.

BP325



NÝ VARA frábært verð

Verð: 24.995

## LG Blu-ray spilari

LG Blu-ray spilari með 3D, SMART TV function, USB afspilun, instant tray open.

ÚTSALA



0272065

Útsöluverð: 2.995

4 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 6.995

## BH-108 Nokia Bluetooth headset

Lítið nett og ódýrt höfuðtól. Auktu öryggi þitt og annarra til muna í umferðinni með notkun handfrjáls búnaðar við akstur.



10024542



42LS3450

Útsöluverð: 129.995

40 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 169.995

## 42" LG LED sjónvarp

42“ LED, FullHD 1920x1080, USB, DiVX-HD, 100Hz MCI, 2xHDMI, DVB-T, IPS Panel.

**Allt að 80% afsláttur**

Útsöluverð: 5.995

4 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 9.995

## Philips CD180 Duo

Einfaldur og þægilegur þráðlaus heimasími frá Philips.

ÚTSALA



Vnr. 00229J0, 0020X67

## Nokia Lumia 800 – blár og hvítur

Frábær snjallsími með Windows Phone stýrikerfi, Nokia Drive og 8MP Carl Zeiss myndavél

Útsöluverð: 49.995

20 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 69.995

## Yamaha heimabíómagnari

Frábær heimabíómagnari með útvarpi. Fjögur HDMI-tengi inn og eitt út. USB-tengi að framan fyrir iPod/iPhone. Spilar einnig beint af USB-disk eða lykli. 5.1 rása 100W á rás.

Útsöluverð: 59.995

10 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR

Verð áður: 69.995



RXV373

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 130380

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Velja bestu plötuna

Almenningur getur þessa dagana greitt atkvæði vegna Norrænu tónlistarverðlaunanna sem verða afhent á hátíðinni by:Larm í Noregi um miðjan febrúar. Hægt er að kjósa í gegnum síðurnar Nordicmusicprize.com og Facebook í flokknum Uppáhald aðdáenda. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá eru tvær íslenskar plötur á meðal þeirra tólf sem eru tilnefndar sem besta norræna platan, Dýrð í dauðaþögn með **Ásgeiri Trausta** og Retro Stefson með Retro Stefson. Á meðal annarra tilnefndra eru Neneh Cherry & The Thing, Anna von Hausswolff og First Aid Kit.



### Langella til Íslands

Kvikmyndin Reykjavik sem fjalla á um leiðtogafund Reagans og Gorbatsjovs í Höfða árið 1986 verður að hluta tekin upp í Reykjavík í vor. Það er enski leikstjórinn Mike Newell sem gerir myndina en hingað til hefur lítið verið vitað um hana annað en að stórleikararnir Michael Douglas og Christoph Waltz munu fara með aðalhlutverkin. Í gær var hins vegar greint frá því að bandaríski leikarinn **Frank Langella** hefði verið ráðinn í hlutverk Paul Nitze, sem var ráðherra flotamála í ríkisstjórn Reagan og hans traustasti ráðgjafi. Langella á að baki áratuga leikferil en er í seinni tíð þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndinni Frost-Nixon frá árinu 2008 þar sem hann lék Richard Nixon og hlaut Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir.

- fb, mþl



## Mest lesið vísir

1. Næringarfræðingur segir próteinbita dulbúið sælgæti
2. Telja kannabis valda geðrofssjúkdómum
3. Birta myndir af meintum nauðgurum á nýjan leik
4. Strákunum á Hrauninu leið illa út af Matthíasi Mána
5. Enginn möguleiki að úrslitum hafi verið lekið





